

**BRYNHILDUR PÁLSDÓTTIR**

*Bakar virka eldfjallaköku*

Matur • Tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**HANNES SMÁRASON**

*Stefnir á maraþon-hlaup í New York*

Hyggst ekki skáka Bjarna Ármannssyni

FÓLK 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júlí 2007 — 181. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

**Tónlistin úr handritinu Melodíu á disk**



Carmina undir stjórn Árna Heimis.

MENNING 30



**Dúndurfréttir fyrir Bakka-vararbræður**

Pétur og félagar spiluðu í veiðiferð auðkýfinganna.

FÓLK 46

**Barca vill halda Eiði**

Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, sagði við Sky-fréttastofuna að Barcelona hefði gert það ljóst að ef Eiður vildi vera áfram þá vildi félagið halda honum.



ÍÞRÓTTIR 42

**SIRKUS**

HELGA DÝRFINNA:

Vill vinna út á vöxtinn



FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST Á NORÐURLANDI** - Í dag verða austan 5-15 m/s, hvassast á annesjum syðra. Nokkuð bjart veður á landinu norðanverðu, annars skýjað og sumstaðar skúrir sunnan og vestan til. Hiti 12-20 stig, hlýjast til landsins á Norðurlandi.

VEÐUR 4

# Sundabrautarfé fært til annarra verkefna

**Hluti peninganna sem áttu að renna til Sundabrautar á næsta ári verður nýttur til samgöngubóta á landsbyggðinni. Ráðherrar hafa síðustu daga undirbúið margvíslegar aðgerðir til að mæta erfiðu atvinnuástandi í sjávarbyggðum.**

**STJÓRNMÁL** Áform eru uppi innan ríkisstjórnarinnar um að nota peninga sem markaðir voru Sundabraut til annarra verkefna í vegagerð.

Er það liður í aðgerðum til að mæta erfiðu atvinnuástandi í sjávarbyggðum víða um land.

Í fjögurra ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir að fjórir milljarðar króna fari til Sundabrautar á næsta ári. Ætlunin er að nýta hluta fjárins í framkvæmdir annars staðar á landinu. Haft er til hliðsjónar að undirbúningur að lagningu Sundabrautar hefur dregist – ekki síst vegna athugunar á jarðgangakostinum – og útlit fyrir að milljarðarnir fjórir verði hvort eð er ekki notaðir til verksins á næsta ári.

Þegar ákveðnum vegaframkvæmdum í landsbyggðinni verður flýtt, einkum þeim sem komnar eru á framkvæmdastig. Gerð Suðurstrandavegar verður til dæmis hraðað.

Meðal annarra ráðstafana sem stjórnvöld grípa til er uppbygging fjarskiptakerfisins á landsbyggðinni með lagningu háhraðanets. Þá á að auka og auðvelda aðgang að langskólanámi úti um land, meðal annars með breytingum á lánaskilmálum Lánasjóðs námsmanna. Starfsemi rannsóknarsetra á landsbyggðinni verður einnig efld.

Við undirbúning aðgerðanna hafa stjórnvöld þurft að gæta að því að verkefnin hafi ekki áhrif á þenslu. Aukning ríkisútgjalda er ekki á dagskrá heldur fyrst og fremst tilfærsla verkefna.

- bþs



HRESS Á LANDSMÓTI Æskufólk setti eðlilega mikinn svip á setningu 25. Landsmóts Ungmennafélags Íslands sem að þessu sinni er haldið í Kópavogi. Mikið verður um dýrðir á Landsmótinu enda er UMFÍ hundrað ára á þessu ári. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



TRÉ Í ÍRSKUM FÁNALITUM Gervijólatrén gegna mikilvægu hlutverki á Akranesi þessa dagana. MYND/SKESSUHORN

Upprunans minnst á Skaga:

## Jólatré uppseld á Akranesi

**AKRANES Gervijólatré eru uppseld á Akranesi. Búið er að setja mörg þeirra upp og skreyta og reka aðkomumenn upp stór augu er þeir sjá trén sem prýða bæinn. Á vef Skessuhorns segir að þegar jólatré eru sett upp í júlí kalli Skagamenn þau „júlítré“ en ekki jólatré.**

**Í tilefni Írskra daga sem hefjast í dag eru júlítrén máluð í írsku fánalitunum. Á Írskum dögum minnast Akurnesingar uppruna síns sem að hluta er rakinn til Írlands. Júlítrén fögru eru liður í skreytingum þessara daga.**

- kdk

Spánverjar losa um streitu:

## Fjörutíu rústuðu hóteli í Madrid

**SPÁNN** Borgarbúum í Madrid bauðst óvenjuleg skemmtun á dögunum. Fjörutíu heppnir sjálfboðaliðar fengu að grípa sér sleggjur og brjóta allt og bramla á herbergjum á NH-hótelinu þar í borg. Ákveðið hafði verið að endurinnrétta hótelið og hótelstjórinn afréð að nýta sér niðurstöður rannsókna um að íbúar Madridar séu haldnir mikilli streitu.

„Ég er uppgefinn, en mjög afslappaður,“ sagði Pablo Varela, þrítugur kennari sem sér um nemendur með hegðunarvandamál. Varela var einn sjálfboðaliðanna sem tóku þátt í atganginum.

Sjálfboðaliðarnir fá að launum að gista á hótelinu þegar það hefur verið gert upp.

- sgj

Umdeilt mark Bjarna Guðjónssonar gegn Keflavík dregur dilk á eftir sér:

## Harðar ásakanir ganga á milli liðanna

**FÓTBOLTI** Allt varð vitlaust eftir leik ÍA og Keflavíkur í Landsbankadeildinni á miðvikudag. Bjarni Guðjónsson skoraði þá eitt umdeildasta mark síðari ára. Eftir leikinn varð fjandinn laus þegar leikmenn Keflavíkur hlupu á eftir Bjarna til búningsherbergja en þar kom til stimpinga á milli manna er Keflvíkingar reyndu að ná tali af Bjarna.

Harðar ásakanir ganga á víxl milli liðanna og hvorugt félagið gefur tommu eftir. Bjarni hefur beðist afsökunar á markinu sem hann segist hafa skorað óviljandi. Keflvíkingar trúa ekki orðum Bjarna og saka hann um óheiðarleika.

Bjarni segist hafa viljað gefa Keflavík mark í kjölfarið til að jafna stöðuna en Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, tók fyrir það. Hann segir ástæðuna vera viðbrögð Keflvíkinga við markinu umdeilda.

Fjölskylda Bjarna hefur dregist inn í málið en Bjarni og Guðjón saka Keflvíkinga um mjög vafasama hegðun í garð eiginkonu Bjarna og það í augsýn barna þeirra.

Keflvíkingar segja á móti að eiginkona Bjarna hafi byrjað að rífast í þeim en ekki öfugt.

- hbg / sjá síðu 40







SAMSUNG LCD & PLASMA SJÓNVÖRP

Afburða tækni · Frábær hönnun · Framúrskarandi myndgæði · Gott verð

Ný módel komin!

Starfsfólk okkar aðstoðar fúslega og veitir allar nánari upplýsingar.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



## SPURNING DAGSINS



*Kristján, var þetta mark tækt?*

„Þetta var markleysa.“

Bjarni Guðjónsson skoraði umdeilt mark frá miðju leikvallarins í leik ÍA og Keflavíkur í fyrradag og tryggði ÍA sigur. Leikmenn gerðu í kjölfarið aðsúg að Bjarna. Kristján Guðmundsson er þjálfari Keflavíkur.

Hörð átök á Gaza milli Hamas-liða og ísraelskra hermanna:

# Palestínumenn hvattir til varna

**GAZA, AP** Ísraelskir hermönnum og herskáum Palestínumönnum lenti saman á Gaza-svæðinu í gær. Níu manns féllu í átökunum, sem herþotur, skriðdrekar og jarðýtur Ísraelshers tóku þátt í. Palestínumennirnir lögðu jarðsprengjur fyrir ísraelsku hermennina.

Abu Obeida, talsmaður Hamas-samtakanna, sagði að vopnaðir liðsmenn samtakanna hefðu hafið átökin með því að skjóta á ísraelska hersmenn í njósnaleiðangri.

Að minnsta kosti sex hinna látnu voru Hamas-liðar. Samtökin staðfestu að einn þeirra hefði verið Mohammed Siam, herstjóri Hamas á Mið-Gaza.

Síðar skaut ísraelsk herþota eldflaugum á bækistöðvar skæruliða á svæðinu, að því er talsmaður hersins upplýsti. Sjúkrahússtarfsmenn sögðu tvo menn hafa farist. Talsmaður Hamas sagði þá báða hafa verið liðsmenn samtakanna.

Ismail Haniyeh, forsætisráðherra palestínsku stjórnarinnar sem Mahmoud Abbas Palestínuforseti vék frá í liðnum mánuði, og talsmaður Fatah-hreyfingar Abbas fordæmdu báðir þessar aðgerðir Ísraelshers og hvöttu Palestínumenn til að verjast. **- aa**



**ÁTÖK** Palestínskur skæruliði mundar sprengiflaug á Gaza í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkislögreglustjóri:

## Hryðjuverkamaður ekki hér

**LÖGREGLUMÁL Ekkert bendir til þess að meintur hryðjuverkamaður sem lögreglan í Bretlandi leitar að sé staddur hér á landi, að því er segir í frétt frá ríkislögreglustjóra.**

**Netúgáfa indverska dagblaðsins The Hindu greindi frá því í gærmorgun að indverskur maður, Kafeel Ahmed, sem talinn er tengjast sprengjutilræðunum í Englandi og Skotlandi fyrir skemmstu, væri að líkindum staddur hér á landi. Í tilefni af frétt þess efnis hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra kannað sannleiksgildi fréttarinnar, sem virðist ekki á rökum reist. - jss**

Maðurinn sem lokkaði börn:

## Í gæsluvarðhald fyrir kynferðislega áreitni

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður sem handtekinn var fyrir að lokka til sín börn með hamstri í Efra-Breiðholti var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær.**

**Hann er grunaður um að hafa beitt að minnsta kosti þrjár stúlkur á aldrinum sex til ellefu ára kynferðislegri áreitni á miðvikudagskvöld.**

**Maðurinn er andlega vanheill að sögn lögregluvarðstjóra og mun geðlæknir skoða manninn og meta ástand hans á næstu dögum. Ef ástæða þykir til mun maðurinn fá þá aðstoð sem hann þarf innan veggja fangelsins. Ekki þykir ráðlegt að flytja hann á geðdeild vegna rannsóknarhagsmuna. - lbb**



**SLÁTTUR** Grasfrjó eru algengur valdur ofnæma. Frjótölur hækka þegar gras er óslegið og fær að vaxa um of.

Frjókornamælingar:

## Óvenju mikið af frjókornum

**NÁTTÚRA** Frjókorn mældust í óvenjulega miklu magni í Reykjavík síðustu dagana í júní, þegar veður var hlýtt og þurrviðrasamt.

Í frjómælingum Náttúrustofnunar Íslands kom í ljós að heildarfjöldi frjókorna í lofti var yfir meðallagi bæði á Akureyri og Reykjavík. Mælingarnar áttu sér stað í maí og í júní.

Aðalfrjótími grasa á Íslandi er þó enn eftir. Hámarki er yfirleitt náð annað hvort í síðari hluta júlí eða í byrjun ágúst. **- þeb**

# Stofnuðu lífi tveggja ungra telpna í hættu

**Feðgar sem höfðu verið sviptir ökuleyfi ævilangt óku jeppa út í Ljótapoll á miðvikudagskvöld. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun og lögreglu grunar að um glæfraakstur hafi verið að ræða. Með mönnunum í för voru tvö börn.**

**LÖGREGLUMÁL** Mikill viðbúnaður var hjá björgunarsveitum á Suðurlandi þegar jeppi fór fram af gígbarmi og hafnaði ofan í Ljótapolli skammt frá Landmannalaugum í fyrrakvöld. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út enda bentu fyrstu fréttir af slysinu til þess að mikil hætta væri á ferðum.

Fernt var í bílnum þegar atvikið átti sér stað, feðgar og tvær litlar telpur – dóttir yngri mannsins og vinkona hennar. Farþegunum þremur tókst að koma sér út úr bílnum áður en hann fór fram af gígbarminum og hafnaði í vatninu en ökumaðurinn fór niður með bílnum. Hann slasaðist lítillega og var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Stúlkurnar, sem eru átta og níu ára, voru fluttar með sjúkrabíl á Selfoss óslasaðar en nokkuð skelkaðar.




**LJÓTIPOLLUR** Málið er rannsakað sem slys en ýmislegt bendir til þess að um glæfraakstur hafi verið að ræða. Mennirnir hafa ítrekað verið sviptir ökuréttindum.

Lögreglan á Hvolsvelli fer með rannsókn málsins og að sögn Atla Árdal, varðstjóra á Hvolsvelli, bendir ýmislegt til þess að um glannaskap og ölvun hafi verið að ræða. „Þarna sköpuðust engar óviðráðanlegar aðstæður sem voru örsök slyssins og þeir sem hafa komið á þennan stað vita að það er nær ómögulegt að fara þarna fram af fyrir slysni,“ segir Atli.

Feðgarnir hafa áður komið við sögu lögreglunnar á Hvolsvelli fyrir ýmis brot og höfðu báðir verið sviptir ökuleyfi ævilangt. Annar var síðast sviptur í nóvember á síðasta ári en hinn í júní síðastliðnum. Þá hafa báðir mennirnir setið inni fyrir ýmis brot og eiga feril um fjársvik, kynferðisbrot og líkamsárásir auk ítrekaðra umferðarlagabrota.

„Það sem er alvarlegast við þetta mál er að börn voru með í för. Þarna hefði getað orðið mjög alvarlegt slys,“ segir Atli.

Fulltrúar barnaverndaryfirvalda tóku á móti stúlkunum á Selfossi. Anný Ingimarsdóttir, verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar hjá sveitarfélaginu Árborg, segir að stúlkurnar séu komnar í öruggar hendur og að málið verði kannað, meðal annars hvort fleiri börn séu í umsjá þessara manna. Hún segir að það sé alltaf litið alvarlegum augum þegar menn aka undir áhrifum áfengis með börn í bílnum og ítrekar að enn sé aðeins um grun að ræða.

> Það sem er alvarlegast við þetta mál er að börn voru með í för.
>
> **ATLI ÁRDAL**
> VARÐSTJÓRI LÖGREGLUNNAR Á HVOLSVELLI

Fjölmörg vitni voru að slysinu því nokkuð var um ferðamenn við Ljótapoll. Lögreglan hefur rætt við nokkra og ber þeim flestum saman um atburðarásina.

**thorgunnur@frettabladid.is**



**SCHÄFER-HUNDUR** Fara þurfti með hundinn til dýralæknis að lokinni handtökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lögregla finnur fíkniefni:

## Úðaði á hund sér til varnar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumaður þurfti að beita varnarúða á hund í austurborginni í fyrrakvöld. Lögreglumenn voru á leið í húsleit í íbúð þegar þýskur schäferhundur réðst að öðrum lögreglumannanna og þurfti að beita úða á hundinn til að stöðva hann.

Í íbúðinni fundust tæp 100 grömm af ætluðu amfetamíni og var par á fimmtugsaldri handtekið. Fólkinu var sleppt að lokinni yfirheyrslu og telst málið upplýst. Farið var með hundinn til aðhlynningar á Dýraspítalann. **- sh**

Niðurstöður rannsóknar:

## Konur og karlar tala jafnmikið

**BANDARÍKIN, AP Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa komist að því að bæði kynin tala jafnmikið. Í rannsókninni voru hljóðnemar festir á tæplega fjögur hundruð háskólanema í allt frá tveimur dögum upp í tíu í senn. Reiknað var út hversu mörg orð hver sagði á hverjum degi.**

**Niðurstaðan var sú að konur sögðu að meðaltali 16.215 orð daglega, en karlmenn 15.669. Munurinn, 546 orð, er ekki tölfræðilega marktækur, enda munaði 45 þúsund orðum á þeim sem mest talaði og þeim sem sagði minnst. - sgj**


BÍLL DAGSINS
HYUNDAI TRAJET
Nýskr. 12.05 - Beinskiptur - Ekinn 40 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, Þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Borgin semur við Yoko Ono sem sjálf borgar umframútgjöld við listaverk í Viðey:

# Rekstur friðarsúlu á þrjár milljónir

**LISTIR** Reykjavíkurborg hefur samþykkt að greiða þrjár milljónir króna á ári vegna reksturs friðarsúlu listakonunnar Yoko Ono í Viðey.

Orkuveitan og borgarráð ákváðu í fyrra að verja 15 milljónum hvor aðili til þess að kosta framkvæmdir við friðarsúluna sem reist verður samkvæmt hönnun Yoko Ono. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er kostnaður við verkið kominn langt umfram fyrstu áætlanir, jafnvel að eitt hundrað milljónum króna, og Yoko hefur boðist til að greiða það sem á vantar auk þess sem hún gefur sína hugmyndavinnu við listaverkið sem ber heitið Imagine Peace Tower.

„Það er ótvíræður heiður að jafn virt og áhrifamikil listakona og friðarsinni og Yoko Ono skuli kjósa að starfa með Listasafni Reykjavíkur að þessu verkefni. Það er ekki síður mikilvægt að bún bjóðist til að gefa Reykjavíkurborg stærsta hlutann af verki sem væntanlega mun vekja athygli víða um heim og verða minnisvarði til framtíðar um það hlutverk í málefnum friðar sem Reykjavík og Ísland hafa gegnt og gera vonandi í enn ríkari mæli til framtíðar,“ segir menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur, í ósk um heimild borgarráðs til að ganga frá samningum við Yoko.



**YOKO ONO OG JOHN LENNON** Lennon-hjónin í New York skömmu áður en Bítillinn var myrtur árið 1980.

Listakonan gerir að skilyrði að borgin greiði kostnað við rekstur súlunnar og annist viðhald hennar. Þá vill hún að súlan verði tilbúin fyrir 9. október í haust. Annars dragi hún fjárframlag sitt til baka. Þennan tiltekna Ono hefði eiginmaður hennar, Bítillinn John Lennon, orðið 67 ára hefði hann lifað. Endaleg mynd af hönnun súlunnar er ekki fáanleg hjá Reykjavíkurborg. **- gar**


Styrkur
TOYOTA
1302
ÁFRAM - Landsmót UMFÍ
Morgundagurinn tilheyrir þeim sem æfir sig í dag.
Árangur krefst undirbúnings, einbeitingar og krafts á hárréttu augnabliki. Um allt land hefur fólk á öllum aldri undirbúið sig fyrir keppni á Landsmóti UMFÍ sem fram fer í Kópavogi dagana 5. - 8. júlí. Loksins er komið að sjálfri keppninni þar sem árangur þrotlausra æfinga brýst út í formi styrks, nákvæmni og snerpu.
Toyota óskar UMFÍ til hamingju með 100 ára afmæli sambandsins og óskar öllum þátttakendum, gestum og skipuleggjendum ánægjulegra stunda á Landsmóti.
Hægt verður að skoða myndir og fylgjast með léttri og skemmtilegri umfjöllun um Landsmót á Toyota.is alla mótsdagana.
ÁFRAM Landsmót!
2007
LANDSMÓT UMFÍ
TOYOTA

## GENGIÐ 5.7.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,86 | 62,16 |
| Sterlingspund | 124,64 | 125,24 |
| Evra | 84,37 | 84,85 |
| Dönsk króna | 11,337 | 11,403 |
| Norsk króna | 10,643 | 10,705 |
| Sænsk króna | 9,213 | 9,267 |
| Japanskt jen | 0,5047 | 0,5077 |
| SDR | 94,2 | 94,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,501

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur sýknar ungan mann af ákæru um að hafa nauðgað stúlku í kjallara Hótels Sögu:

# Sýknaður þrátt fyrir samræði gegn hennar vilja

**DÓMSMÁL** Ungur pólskur karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið sýknaður af ákæru um að hafa nauðgað stúlku í kjallara Hótels Sögu í mars síðastliðnum. Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að athæfi mannsins gæti ekki talist ofbeldi í skilningi laga, og að manninum hefði ekki hlotið að vera það ljóst að samræðið við konuna væri gegn vilja hennar.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa þröngvað konunni til samræðis með ofbeldi með því að ýta henni inn á salernisbás og hafa þar munnmök við hana, sleikja kynfæri hennar, hafa við hana samræði og reyna að setja getnaðarlim sinn í endaþarm hennar.

Í dómnum segir að framburður stúlkunnar sé einkar trúverðugur og að ljóst sé að samræði hafi átt sér stað, gegn hennar vilja, og nokkurn veginn eins og lýst er í ákæru.

Hins vegar segir í dómnum að ekki verði séð að maðurinn hafi haft ástæðu til að halda að „hún væri honum andhverf" þar sem þau urðu samferða niður að snyrtingunni og frásögn mannsins um að vel hafi farið á með þeim sé ekki ótrúverðug. Hún hafi auk þess ekki streist á móti á meðan á samræðinu stóð, og ekki reynt að kalla á hjálp þegar einhver kom inn á salernið. Sjálf segist hún hafa verið í of miklu áfalli til þess.

Þá segir að ef byggt sé á frásögn stúlkunnar af því sem gerðist líti dómurinn svo á „að það að ákærði ýtti [stúlkunni] inn í klefann, læsti klefanum innan frá, dró niður um hana, ýtti henni niður á salernið og síðan niður á gólf, geti, hlutrænt séð, ekki talist ofbeldi í skilningi [laga], eins og það hugtak hefur verið skýrt í refsirétti og langri dómaframkvæmd." Það eitt myndi nægja til að sýkna manninn, segir í dómnum. **- sh**



**HÓTEL SAGA** Maðurinn komst undan á hlaupum ásamt félaga sínum eftir átök við starfsmenn hótelsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Borgin hafnar rökum íbúa:

# Verður heimili en ekki stofnun

**FÉLAGSMÁL Kristbjörg Stephensen, lögmaður Reykjavíkurborgar, hafnar niðurstöðu lögmanna íbúa á Njálsgötu um að fyrirhugað athvarf fyrir heimilislausa teljist vera stofnun en ekki heimili**



**KRISTBJÖRG STEPHENSEN**

**„Ekki er um það deilt að húsnæði það sem um er deilt í þessu máli uppfyllir skilyrði um íbúðarhúsnæði. Húsnæðið er jafnframt staðsett á skilgreindu íbúðarhússvæði.**

**Engin ákvæði eru í lögum um að heimili fyrir þennan hóp einstaklinga skuli ekki teljast til heimilis í venjulegum skilningi þess orðs heldur til stofnunar," segir í umsögn Kristbjargar til velferðarsviðs borgarinnar.** **- gar**

## RANNSÓKNIR

### Skoðar áhrif hnatthlýnunar

Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur hefur fengið 100 þúsund króna styrk frá Akureyrarbæ vegna leiðangurs sem kanna á umhverfis- og félagslegar breytingar vegna hlýnunar andrúmslofts á norðurheimsskautssvæðinu. Að auki tekur bærinn þátt í kostnaði vegna skipulagningar athafnar á Akureyrarflugvelli.

## ÁRÉTTING

Af tilvitnun í viðtali við Odd Friðriksson, yfirtrúnaðarmann á Kárahnjúkum, í Fréttablaðinu í gær, mátti skilja að hann talaði af lítilsvirðingu um kínversk mannslíf. Svo var ekki heldur rofnaði samhengi við styttingu á texta.

Fyrir handvömm var nafn Deutz-dráttarvéla misritað í blaðinu í gær.

# Legudögum fækkað á nýja spítalanum

**Legudeildarálmum nýs háskólasjúkrahúss hefur verið fækkað um eina og þær hækkaðar um eina hæð frá því sem ráðgert var í vinningstillögu um spítalann. Stefnt er að fækkun legudaga og að fólk jafni sig eftir aðgerðir á sjúkrahóteli.**

**FRAMKVÆMDIR** Alls verða 604 rúm á Landspítalanum þegar byggingu nýs spítala við Hringbraut verður lokið. Rúmum fyrir líkamleg veikindi fjölgar um 38 frá því sem nú er.

Alfreð Þorsteinsson, formaður framkvæmdanefndar um byggingu nýja spítalans, segir að ekki sé þörf fyrir fleiri rúm þar sem stefnt sé að fækkun legudaga á sjálfu sjúkrahúsinu. „Eins og annars staðar í heiminum er gert ráð fyrir að innlagnir verði styttri og að fólk jafni sig eftir aðgerðir á sjúkrahóteli sem þarna verður."

Vinningstillaga úr samkeppni um nýja sjúkrahúsið hefur verið endurskoðuð og húsnæðið tekið nokkrum breytingum. Legudeildarálmum var fækkað um eina og þær hækkaðar um eina hæð. Bráðamóttaka var færð nær barnaspítala og aðalinngangur fluttur miðsvæðis. Þá voru háskólabyggingar færðar frá íbúðabyggðinni í Þingholtunum. Alfreð segir þetta hafa verið gert eftir athugasemdir íbúa sem töldu að sér þrengt og starfsmanna sem töldu að byggingin væri flött óþarflega mikið út.

Í upphaflegum áætlunum var ráðgert að hefja framkvæmdir á næsta ári. Það hefur breyst og verður byrjað 2009. Þegar hafa 490 milljónir verið lagðar í verkið og á næsta ári eru því markaðar 1.500 milljónir. Fjórir milljarðar renna svo til þess árlega næstu þrjú ár á eftir. Stjórnvöld hafa þegar ákveðið að 18 milljarðar af svonefndum Símapeningum fari í byggingu nýs spítala en framreiknaður heildarkostnaður er áætlaður milli 50 og 60 milljarða króna.

Stefnt er að því að fyrsta áfanga verði lokið árið 2013 eða 2014 og stendur vilji framkvæmdanefndarinnar til að þess að þá verði hægt að flytja núverandi starfsemi Landspítalans í Fossvogi undir nýtt þak við Hringbraut. Upphafleg áætlun um að framkvæmdunum verði að fullu lokið 2018 er enn í gildi.

Alfreð segir vandað til alls undirbúnings enda mikilvægt að áætlanir séu sem nákvæmastar. „Það er mjög brýnt svo ekki þurfi að grípa til kostnaðarsamra breytinga á framkvæmdatímanum."

bjorn@frettabladid.is



**SVONA MUN SPÍTALINN LÍTA ÚT** Hér sést endurskoðuð vinningstillaga að nýju háskólasjúkrahúsi. Þyrlupallur verður ofan á nýbyggingu og í elsta húsinu, sem Guðjón Samúelsson teiknaði og reist var á árunum 1925-30, verða skrifstofur.



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON**

## RÚM Á LANDSPÍTALA

424 rúm verða í nýbyggingu nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík. Með rúmum eldra húsnæðis verða alls 604 rúm á spítalanum. Á spítalanum verða 87 rúm á geðdeildum en rúm fyrir líkamleg veikindi verða 517. Þar af 58 á barnaspítalanum og 35 á fæðingardeildinni.

Til samanburðar eru 479 rúm í núverandi húsakynnum Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi. Rúmum fyrir líkamleg veikindi fjölgar því um 38.



**BRYNJAR VILMUNDARSON** Hestakóngurinn á Feti var fyrsti viðskiptavinurinn í nýrri vínbúð á Hellu.

ÁTVR opnar á Hellu:

# Kaffidrykkja í nýrri vínbúð

**HELLA** Ný vínbúð var opnuð á Hellu í fyrradag. Vínbúðin er í sama húsnæði og Kjarvalsverslunin við Suðurlandsveg. Á heimasíðu Rangárþings ytra kemur fram að yfir 200 vörutegundir verði fáanlegar að jafnaði í búðinni. Opið verður frá 14 til 18 virka daga og til klukkan 19 á föstudögum.

Fyrsti viðskiptavinurinn var hestamaðurinn Brynjar Vilmundarson sem nýlega seldi athafnamanninum Karli Wernerssyni hið mikla hestabú á Feti. Áður en Brynjari og öðrum viðskiptavinum var hleypt inn var sveitarstjórnarmönnum boðið í kaffi. **- gar**

Íshellir í Hrafntinnuskeri:

# Minningarkross um Þjóðverja

**FÓLK Reisa á minningarkross um Þjóðverjann Oliver Meisner sem fórst við hellaskoðun í íshelli í nágrenni Hrafntinnuskers í ágúst í fyrra. Hreppsnefnd Rangárþings ytra hefur samþykkt uppsetningu minningarkrossins sem mun vera sextíu sentímetra hár og staðsettur við íshellinn. Meisner var tæplega 38 ára þegar hann lést við það að afar þung íshella brotnaði og féll yfir hann. Meisner lét eftir sig eiginkonu.** **- gar**









**ÁFRAM HLÝINDI Á LANDIN U**

Kortin eru afar hlý næstu daga líkt og reyndar verið hefur. Í dag má búast við um eða yfir 20 stiga hita á Mið-Norðurlandi en annars verður hitinn í dag og um helgina þetta 12-18 stig. Í dag og á morgun verður sýnu bjartast á norðanverðu landinu en á sunnudag verður að líkindum bjartast sunnan til. Á laugardag má reikna með dropum hér og hvar um tíma en þurrt á sunnudag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Austan 5-8 m/s. Skýjað og hætt við smáskúrum. Hiti 12-16 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæg austlæg eða breytileg átt.

*» sunnudagur*



Hæg norðlæg eða breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 20°C skúrir | Friedrichshafen | 22°C skúrir |
| Billund | 18°C skúrir | París | 20°C skúrir | Basel | 22°C skúrir |
| Osló | 21°C skúrir | Eindhoven | 20°C skúrir | Alicante | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C skúrir | Frankfurt | 21°C skúrir | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 21°C skúrir | Berlín | 18°C skúrir | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Gott á grillið




Koníaks kryddlegnar
**kjúklingabringur**

TILBOÐ
1.557 kr/kg
Merkt verð 2.595,-




Bláberjalegin
**lambasirloin**

TILBOÐ
1.498 kr/kg
Verð áður 1.875,-




**New Orleans**
BBQ svínarif

TILBOÐ
1.118 kr/kg
Merkt verð 1.398,-

**New York Style**
– bagel chips




## Spennandi nýjungar

*í Hagkaupum*




TILBOÐ
249 kr/stk
Verð áður 299,-

**Sól ávaxtasafar**
– ekkert fjarlægt, engu bætt við




TILBOÐ
149 kr/pk
Verð áður 224,-

**Doritos flögur**
– 4 spennandi bragðtegundir




10%
afsláttur við
kassa

**LGG jógúrt**
– jarðarberja eða bláberja

Gildir til 8. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Er kominn tími á rigningu og rok?*

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldur þú að lækkun lánshlutfalls hjá Íbúðalánasjóði muni slá á þensluna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Eftirmál sumarhússfundar forseta Rússlands og Bandaríkjanna í Maine:

# Undrun á lofi Bush á Pútín

**BANDARÍKIN, AP** Eftir að hafa setið mánuðum saman undir harkalegri gagnrýni á Bandaríkin og utanríkisstefnu þeirra úr munni hins rússneska starfsbróður síns bar George W. Bush Bandaríkjaforseti lof á Vladimír Pútín fyrir einlægni hans og hreinskilni, er leiðtogarnir tveir hittust í sumarhúsi Bush-fjölskyldunnar í Kennebunkport í Maine í byrjun vikunnar. Nú undrast bandarískir Rússlandsmálasérfræðingar hin mildilegu viðbrögð Bush við hörðum orðum Pútíns.

Stjórnmálaskýrendur vestra segja lof Bush í garð Pútíns til merkis um að Bandaríkjastjórn áliti Rússland nú aftur vera veldi sem þurfi að taka tillit til. En sumir Rússlandsmálasérfræðingar, svo sem Michael McFaul við Stanford-háskóla, segja að Bush sé með þessu að verðlauna Rússlandsforseta fyrir hegðun sem ráðamenn Vesturlanda ættu ekki að láta óátalda.

Frá bæjardyrum Kremlverja séð endurspegla hinar hlýju móttökur sem Pútín fékk hjá Bush bæði persónulega vináttu þeirra og endurreistan styrk og áhrif Rússlands í heimsmálum. **- aa**




**MÁTAR** Eins og ekkert hefði í skorist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Austur-Tímor:

# Stærsti flokkur þingsins í vanda

**AUSTUR-TÍMOR** Stjórnarflokkur Austur-Tímor, Fretilin, er stærsti flokkur þingsins eftir kosningar um helgina, en þarf að ræða við aðra flokka um myndun meirihlutastjórnar.

Flestir stjórnarandstöðuflokkanna lýstu því yfir að þeir vildu ekki starfa með Fretilin. Þetta gæti þýtt að flokkurinn lenti í stjórnarandstöðu, þrátt fyrir 29 prósent atkvæðanna.

Líklegasta niðurstaðan verður þá samsteypustjórn undir forystu flokks sjálfstæðishetjunnar Xanana Gusmao, sem fékk 26 prósent atkvæða. **- sgj**

Húsbílafólk á Hólmavík:

# Lögðu húsbílum á bryggjunni til að spara pening

**HÓLMAVÍK Átta húsbílum var lagt á bryggjunni í Hólmavík í fyrrakvöld, líklega til að sleppa við að greiða fyrir tjaldstæði. Stranglega bannað er að leggja bílum á bryggjunni.**

**Þetta kvað ekki í fyrsta skipti sem húsbílafólk reyni með þessum hætti að losna undan því að greiða gistingu með því að leggja utan tjaldstæðisins í bænum. Frá þessu er greint á fréttavefnum Strandir.is.**

**Eigendur húsbílanna átta færðu þá eftir að þeim var bent á að ólöglegt væri að leggja á bryggjunni. Þeir fóru þó ekki langt heldur lögðu bílunum næturlangt í íbúðahverfi sem er staðsett á móti tjaldsvæði bæjarins.** **- þeb**

## LANDHELGISGÆSLAN

### Þyrla sótti veikan sjómann

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti veikan sjómann um borð í Þuríði Halldórsdóttur á miðvikudagskvöld. Skipið var statt tíu sjómílur vestur af Hafnarbergi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ferðamaður á 171 km hraða

Ferðamaður var stöðvaður á 171 km hraða í Öxnadal í gærdag. Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum í þrjá mánuði og fékk 150 þúsund króna sekt sem hann staðgreiddi og því lækkaði hún niður í 112 þúsund.

### Ölvunarakstur og árekstrar

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær tvo menn sem báðir eru grunaðir um ölvunarakstur. Mennirnir höfðu báðir keyrt utan í aðra bíla. Annar var handtekinn í Skeifunni en hinn var á ferð í Efra-Breiðholti.

# Hæstiréttur braut á fjölfatlaðri stúlku

**Hæstiréttur braut á mannréttindum níu ára stúlku með vinnubrögðum sínum í skaðabótamáli hennar. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur dæmt ríkið til að greiða henni átta milljónir. Áfellisdómur yfir Hæstarétti, segir faðir stúlkunnar.**

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu dæmdi í gær íslenska ríkið til að greiða níu ára stúlku, Söru Lind Eggertsdóttur, rúmar sex milljónir króna í bætur auk einnar og hálfrar milljónar í málskostnað fyrir mannréttindabrot. Dómnum þótti ljóst að Sara Lind hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð þegar Hæstiréttur sneri við úrskurði Héraðsdóms í læknamistakamáli gegn ríkinu.

Stúlkan veiktist strax eftir fæðingu árið 1998 og var metin með hundrað prósent örorku. Árið 2002 komst Héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu að örorku stúlkunnar mætti rekja til mistaka starfsfólks Landspítalans og dæmdi foreldrum hennar tæpar þrjátíu milljónir í bætur. Hæstiréttur sneri þessum dómi við árið 2004 og sýknaði ríkið.

Samkvæmt úrskurði mannréttindadómstólsins var brotið á Söru Lind þegar Hæstiréttur leitaði upp á sitt einsdæmi til Læknaráðs stuttu áður en málflutningur hófst. Byggði Hæstiréttur úrskurð sinn að miklu leyti á áliti Læknaráðs, þar sem meðal annars sátu fjórir starfsmenn Landspítalans.

Með því að byggja úrskurð sinn á áliti starfsmanna varnaraðila braut Hæstiréttur sjöttu grein mannréttindasáttmálans, sem kveður meðal annars á um rétt manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir óvilhöllum dómstóli.

„Þetta er mikill áfellisdómur yfir Hæstarétti," segir Eggert Ísólfsson, faðir stúlkunnar. „Það er varla hægt að hugsa sér að hann geti lagst lægra en að brjóta gróflega á mannréttindum á fjölfatlaðs barns." Hann segir niðurstöðuna sigur fyrir fjölskylduna, þó bæturnar séu vissulega lægri en þær sem héraðsdómur dæmdi stúlkunni árið 2002.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður stúlkunnar, segir sjálfsagt að í kjölfar dómsins verði skoðað hvort hún fái ekki frekari úrlausn sinna mála. Hann hyggist leita til íslenskra stjórnvalda eftir því að hlutur hennar verði réttur. „Það eru einnig heimildir í íslenskum lögum fyrir því að leita eftir endurupptöku mála fyrir dómstólum, og ég tel sjálfsagt að skoða það."

Ekki náðist í Gunnlaug Claessen, forseta Hæstaréttar og sitjandi dómara í máli stúlkunnar, við vinnslu fréttarinnar. Hjá dómsmálaráðuneytinu fengust þau svör að ekki verði rætt um dóminn fyrr en hann hefur verið þýddur.

salvar@frettabladid.is



## STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI

- Mannréttindadómstóll Evrópu er staðsettur í Strassbourg í Frakklandi.
- Hann starfar á grundvelli Mannréttindasáttmála Evrópu sem var undirritaður árið 1950 og tók gildi sem landslög á Íslandi árið 1994.
- Til dómstólsins geta borgarar í aðildarríkjum Evrópuráðsins leitað ef þeir telja að stjórnvöld hafi beitt þá órétti.
- Dómstóllinn hefur tíu sinnum fellt dóm í máli gegn íslenska ríkinu, sjö sinnum hefur ríkið verið dæmt bótaskylt en þremur málum hefur verið vísað frá.
- Einn dómaranna við mannréttindadómstólinn er íslenskur, hann heitir Davíð Þór Björgvinsson.
- Davíð var einn sjö sitjandi dómara í máli stúlkunnar.

## AF HVERJU ERU BÆTURNAR LÆGRI?

Athygli vekur að skaðabæturnar sem stúlkunni eru dæmdar eru mun lægri en þær sem héraðsdómur dæmdi henni árið 2002. Ástæðan er að Mannréttindadómstóll Evrópu metur aðeins hvort Hæstiréttur hafi brotið á mannréttindum stúlkunnar þegar dómi héraðsdóms var snúið við, en getur ekki fullyrt hvort niðurstaðan hefði verið önnur ef ekki hefði verið brotið á mannréttindum stúlkunnar. Dómstóllinn getur því ekki snúið við úrskurði Hæstaréttar, hann getur aðeins sagt til um hvort vinnubrögð Hæstaréttar voru í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu. Svo var ekki.

## HVAÐA MANNRÉTTINDI VORU BROTIN?

Samkvæmt dómi mannréttindadómstóls Evrópu braut Hæstiréttur fyrstu málsgrein sjöttu greinar Mannréttindasáttmála Evrópu með vinnubrögðum sínum í máli stúlkunnar. Málsgreinin segir: „Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. [...]"


# Útsalan er hafin



Heimsþekkt vörumerki eins og Sonia Rykiel, Bonpoint, Jamin Puech, Orla Kiely og fleiri...

Kisan er opin í sumar mánudaga - laugardaga frá kl. 10:30 til kl. 21:00

KISAN CONCEPT STORE

P Munið bílastæðin í bílastæðahúsinu í Traðarkoti, beint að baki versluninni

Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 www.kisan.is


Framkvæmdastjóri Geðhjálpar hvetur stjórnvöld til að samræma aðgerðir sínar:

# Tuttugu manns úr Byrginu á götunni og í fíkniefnaneyslu

**FÉLAGSMÁL** „Vímuefna- og áfengisneysla í þessu óhófi er geðröskun. Hvort sem það er orsök eða afleiðing viðkomandi manneskju kemur málinu bara ekkert við," segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Mál heimilislausra með geðfötlun eru í ólestri að mati Sveins en hann segir að félagsmálayfirvöld og heilbrigðisyfirvöld verði að samræma aðgerðir sínar í þessum málum. „Ég er með sjötíu og sjö manns á skrá hjá mér yfir heimilislausa einstaklinga og sá listi er ekki tæmandi. Aðstæður þessa fólks eru vægt til orða tekið skelfilegar. Stór hluti þess á við vímuefnavanda að stríða og það ergilegasta er að hluti af fólkinu hefur ítrekað lýst því yfir að vilja stuðning en höndlar ekki sjúkdómsins vegna að halda sér frá vímuefnum."



**SVEINN MAGNÚSSON**

Hann segir tuttugu manns vera á götunni og í neyslu af þeim þrjátíu og einum sem voru í Byrginu þegar því var lokað. „Hinir eru í húsaskjóli hjá vinum og kunningjum og það er auðvitað húsnæðisleysi út af fyrir sig."

Sveinn hvetur yfirvöld til að setjast niður og fara vandlega yfir stöðuna en með réttum aðgerðum telur hann vandamálið ekki óyfirstíganlegt. **- lbb**

# Ný sælkerabúð á Grensásvegi 48!

Nú hafa Gallerí Kjöt og Fiskisaga opnað nýja og glæsilega sælkerabúð á Grensásvegi 48.
Komdu við hjá okkur og sjáðu úrvalið.

*Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.*



Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.




Ljúffengar lambalundir á grillið.



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



Fiskisaga

GALLERÍ KJÖT

*Ævintýralegar sælkerabúðir*

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Grensásvegur 48, Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100
Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Í höfuðið á móður hvaða Bítils lét Jakob Frímann Magnússon skíra dóttur sína?*
2. *Hver skoraði mjög umdeilt mark í leik Skagamanna og Keflvíkinga?*
3. *Hversu margar vikur var Alan Johnston í haldi Hers íslams?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Tveir félagar í vélhjólaklúbbnum Fáfni dæmdir í gæsluvarðhald fyrir grófa árás:

# Beittu skiptilykli og járnstöng

**LÖGREGLUMÁL** Tveir liðsmenn vélhjólaklúbbsins Fáfnis voru í gærkvöldi dæmdir í gæsluvarðhald til mánudags fyrir að ráðast á annan liðsmann í félagsmiðstöð klúbbsins í fyrrakvöld. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var skiptilykli, járnstöng og öðrum verkfærum beitt í árásinni.

Lögregla mætti í félagsmiðstöð klúbbsins við Frakkastíg um kvöldmatarleytið eftir að íbúar í nágrenninu létu vita af barsmíðum í húsinu. Lögreglan handtók tíu liðsmenn klúbbsins og færði í fangageymslur. Tveir þeirra veittu mótspyrnu við handtöku. Þá var hinn slasaði yfirheyrður áður en hann var fluttur til aðhlynningar á slysadeild. Hann reyndist talsvert lemstraður víða um líkamann, en ekki alvarlega. Hann fór af slysadeildinni í kringum miðnætti.

Mennirnir tíu voru yfirheyrðir fram eftir degi í gær. Fljótlega kom í ljós að einungis tveir þeirra höfðu átt hlut að máli en hinir höfðu verið á öðrum stað í húsinu. Þeim var því sleppt hverjum á fætur öðrum.

Svo virðist sem maðurinn hafi gengið úr klúbbnum og verið kominn á staðinn til að skila búnaði í eigu klúbbsins. Því næst hafi allir farið á efri hæð hússins, nema þolandinn og árásarmennirnir tveir. Ekki liggur fyrir hvers vegna. **- sh**



**SVÆÐI FÁFNIS** Vélhjól mannanna stóðu öll félagsmiðstöðina í gær, enda höfðu þeir allir verið færðir á brott í lögreglubílum. Árásin átti sér stað í húsinu lengst til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ / RÓSA

Leonardo-skiptiverkefni:

# Styrkir til starfsmennta

**MENNTUN Rúmlega 27,5 milljónum króna var á dögunum úthlutað til mannaskiptaverkefna á vegum Evrópusambandsins. Verkefnið er á vegum skrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins og nefnist Leonardo da Vinci.**

**Árlega eru fyrirtækjum, skólum og stofnunum veittir styrkir til mannaskiptaverkefna. Þar gefst fólki í starfsnámi eða á atvinnumarkaði, leiðbeinendum eða stjórnendum kostur á að afla sér starfsþjálfunar í Evrópu.**

**Í ár fer styrkupphæðin til samtals 172 einstaklinga. - þeb**

Fimm mánaða fangelsi:

# Kona dæmd fyrir að hrækja á lögreglumann

**DÓMSMÁL Tæplega fertug kona hefur verið dæmd í fimm mánaða fangelsi fyrir margvísleg afbrot. Það alvarlegasta var brot gegn valdstjórninni, en hún hrækti stórum hráka með miklu blóði í andlit lögregluþjóns í maí síðastliðnum. Lögregluþjónninn leitaði í kjölfarið í læknis og lét bólusetja sig gegn lifrarbólgu.**

**Hún var einnig staðin að verki við að reyna að stela fatnaði og saumavél úr kjallaraíbúð sem hún hafði brotist inn í, og að reyna að stela skópari úr Lyfju.**

**Þá var hún tvívegis tekin með fíkniefni. Konan á talsverðan sakaferil að baki, sem hófst árið 1988. - sh**

TM hyggst ekki fylgja í fótspor Sjóvár-Almennra:

# Vilja umbuna þeim sem standa sig vel

**TRYGGINGAR** Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa í hyggju að óska eftir því að viðskiptavinir þeirra gefi upp punktastöðu vegna umferðarlagabrota.



**RAGNHEIÐUR AGNARSDÓTTIR**

Ragnheiður Agnarsdóttir hjá Tryggingamiðstöðinni segir að engin slík áform séu fyrirhuguð hjá þeim. „Við höfum ekki séð nein gögn sem sýna sterk tengsl milli punkta og tjóna,“ segir Ragnheiður. Hún segir fyrirtækið hins vegar alltaf skoða leiðir til að umbuna þeim sem standa sig vel. „Við veitum afslátt ef menn eru tjónlausir síðasta ár og þeir sem lenda í tjóni fá viðbótargjald ef þeir hafa nýtt sér sína tryggingu til að borga tjónið. Umbunarkerfi er því ekkert nýtt.“

Erlendis er algengt að óska eftir upplýsingum um tjónasögu en það hefur ekki verið tekið hér upp. „Okkur myndi hugnast það betur heldur en að óska eftir punktastöðu.

Þess má geta að tryggingafélag í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar, Elísabet, gefur þeim sem eru punktalausir tólf mánuði í röð þrettánda mánuðinn frían. Punktastaðan er því bara skoðuð til umbunar, ekki refsingar.“ **- pal**

# Málsvörnin byggð á frétt úr dagblaði

**Gerð er krafa um allt að átta ára fangelsisdóm yfir meintum kókaínsmyglara. Verjendur byggja meðal annars á frétt DV af málinu og gagnrýna rannsókn þess.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari gerir kröfu um að Rúnar Þór Róbertsson verði dæmdur í sjö til átta ára fangelsi fyrir þátttöku í smygli á 3,8 kílóum af kókaíni til landsins. Þá er þess krafist að Jónas Árni Lúðvíksson verði dæmdur í þriggja til fjögurra ára fangelsi fyrir hlutdeild í málinu.

Aðalmeðferð í þessu umfangsmikla fíkniefnamáli er lokið. Verjendur beggja sakborninga gerðu kröfu um sýknu.

Verjandi Jónasar Árna, Sveinn Andri Sveinsson, hrl. sagði í málflutningi sínum í Héraðsdómi skjólstæðing sinn hafa verið ákærðan fyrir að hafa fjarlægt ætluð fíkniefni úr bíl sem fluttur var til landsins og reyndist geyma kókaínið. Sveinn Andri benti á að þar sem fyrir lægi að í bílnum hefðu verið gerviefni en ekki ætluð fíkniefni þá stæðist ákæran ekki.

Þá undirstrikaði verjandinn að Jónas Þór hefði vitað að ekki væru fíkniefni í bílnum heldur gerviefni, þar sem DV hefði fjallað um málið þegar það kom upp á sínum tíma og verið nokkuð nákvæmt, bæði á magn og styrkleika efnisins. Fíkniefni væru aldrei afhent áfram heldur gerviefni sett í staðinn. Loks benti Sveinn Andri á að Jónas Árni væri einungis ákærður fyrir að hafa tekið ætluð fíkniefni úr bílnum og ætlað að afhenda þau áfram. Forsendan fyrir broti hans væri sú að áframafhending gerviefnanna færi fram. Ekki væri hægt að byggja ákæru og sakfellingu á sönnunargögnum sem lögregla byggi til.

Verjandi Rúnars Þórs, Þorsteinn Einarsson hæstaréttarlögmaður lagði áherslu á í málflutningi sínum að Rúnar Þór hefði ekki vitað um fíkniefnin í bílnum. Hann væri því fórnarlamb en ekki gerandi. Ákæruvaldið hefði ekki sýnt fram á sök hans að aðild málsins. Þá benti ekkert til þess að Rúnar Þór hefði komið að töku fíkniefnanna úr bílnum. Loks hefðu verið hnökrar á rannsókn lögreglu á málinu.

Ásgeir Karlsson sem var yfirmaður fíkniefnadeildar þegar rannsókn málsins hófst bar fyrir dómi, að frétt DV hefði komið lögreglunni í opna skjöldu á sínum tíma. „Málið var á afar viðkvæmu stigi,“ sagði hann, „og það kom í ljós við rannsókn málsins að fréttin hafði verulega slæm áhrif á hana.“

Hann bætti við í samtali við Fréttablaðið að leki upplýsinga af þessu tagi væri verulegt áhyggjuefni. **jss@frettabladid.is**



**RÚNAR ÞÓR RÓBERTSSON** Ríkissaksóknari gerir kröfu um sjö til átta ára fangelsisdóm yfir honum.



**JÓNAS ÁRNI LÚÐVÍKSSON** Ríkissaksóknari gerir kröfu um þriggja til fjögurra ára fangelsisdóm yfir honum.







Síbrotamaður dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi:

# Stal tölvum úr skóla og reiðufé og gosi í bakaríi

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður um tvítugt hefur í Héraðsdómi Norðurlands eystra verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir fjölda brota.

Maðurinn braust í nóvember inn í Glerárskóla á Akureyri og stal þaðan gríðarmiklum tölvubúnaði og öðrum munum. Þá ók hann undir áhrifum lyfja á ofsahraða undan lögreglu í Kópavogi í ágúst í fyrra og endaði löng eftirförin með því að maðurinn ók á annan bíl og hafnaði því næst á strætóskýli.

Hann braust einnig inn í bakarí og stal þaðan reiðufé og kókflöskum og reyndi að greiða fyrir vörur og þjónustu með annarra manna greiðslukorti. Hann á talsverðan sakaferil að baki. **- sh**


„Hárgelið mitt
er á leiðinni!“
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-0224
... á ferðinni fyrir þig
Daglega eru framleiðsluvörur fyrirtækja
á landsbyggðinni fluttar með flutningabílum
í verslanir á höfuðborgarsvæðinu.
Flutningabílarnir eru forsenda atvinnulífs
um allt land. Við erum á ferðinni fyrir þig.
SVÞ
FLUTNINGASVIÐ



**LÉTT SPOR** Ungur kanadískur piltur stígur nokkur létt dansspor rétt fyrir opnunarathöfn meistaramóts í skoskum dönsum í New Brunswick í Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Oddviti sjálfstæðismanna á Álftanesi er ósáttur við nýgenginn héraðsdóm og vonar að honum verði áfrýjað:

# Segir héraðsdóm í lóðamáli út í hött

**SKIPULAGSMÁL** Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Álftaness, segir nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness, um að rétt hafi verið af Álftanesbæ að synja lóðareiganda um byggingarleyfi á lóðinni, út í hött og að honum hljóti að verða áfrýjað.



GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að deiliskipulag sem byggt hefur verið eftir frá 1980 hefði aldrei verið í fullu gildi. Því þyrfti að fara eftir aðalskipulagi og að fyrirhugað hús á umræddri lóð uppfyllti ekki skilyrði þess. Guðmundur segir að samkvæmt dómnum séu þá öll hús í nágrenninu ólögleg, þar með talið hús Kristjáns Sveinbjörnssonar, forseta bæjarstjórnar og bæjarfulltrúa Á-listans.

„Forseti bæjarstjórnar hefur misbeitt valdi sínu og komið þessu máli í aldeilis ótrúlegan farveg," segir Guðmundur. „Það hefur ekkert verið uppi á borðum að ekki yrði byggt á þessari lóð fyrr en [nú]," segir hann.

Þá segir Guðmundur vinnubrögð Á-listans með miklum endemum. Þeir hafi tekið höndum saman um að gera nýtt deiliskipulag fyrir svæðið, og í því deiliskipulagi eigi að strika umrædda lóð, Miðskóga 8, og aðra til út af skipulaginu, auk þess að leggja göngustíga um nokkrar einkalóðir. Hann vonar að Henrik Thorarensen, eigandi lóðarinnar, áfrýi til Hæstaréttar, þótt það sé álitamál hvort eðlilegt sé „að hann einn standi í þessari vitleysu". - sh



**LÓÐIN UMDEILDA** Henrik Thorarensen á lóðinni sinni umdeildu. Húsið lengst til vinstri er í eigu Kristjáns Sveinbjörnssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skilorð fyrir árás á Þjóðhátíð:

## Óútskýrðar tafir milduðu dóm

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að sparka í höfuð jafnaldra síns á Þjóðhátíð í Eyjum árið 2005, með þeim afleiðingum að fórnarlambið missti meðvitund í dágóða stund, fékk krampa, heilahristing og mar í hársvörð.**

**Maðurinn játaði sök en sagðist ekki hafa sparkað fast. Vitni sögðu það ekki rétt. Það var metið manninum til refsilækkunar hversu mjög málið dróst. Ákæra var ekki gefin út fyrr en í mars á þessu ári, ári eftir að skýrslutökum lauk og hálfu ári eftir að rannsókn lauk. Segir í dómnum að tafirnar séu óútskýrðar.** - sh



**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Árásin átti sér stað á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 2005.

# Uppgjör við öfgaklerka í Pakistan

**Pakistanskir her- og lögreglumenn sitja nú um stóra mosku í höfuðborginni Islamabad. Sextán manns hafa fallið í átökum við hana síðustu tvo daga. Umsátrið er liður í uppgjöri stjórnvalda við herskáa hreyfingu bókstafstrúarmanna.**

**PAKISTAN, AP** Herskár múslimaklerkur, sem pakistanskar öryggissveitir tóku höndum er hann reyndi að flýja dulbúinn í kvennakufl, sagði í gær að hinir nærri því þúsund fylgismenn sínir, sem enn væru í Rauðu moskunni í Íslamabad sem stjórnarherinn hefur nú setið um í tvo daga, ættu að gefast upp eða flýja.

Þessi ummæli klerksins, Maulana Abdul Aziz, jók vonir um að takast mætti að binda enda á umsátrið án þess að til blóðbaðs kæmi. En bróðir Aziz var enn inni í moskunni og hann sagðist ekki sjá neina ástæðu til uppgjafar.

Byssuskothríð og sprengingar heyrðust með reglulegu millibili í kringum moskuna, sem ýmist er kölluð Rauða moskan eða Lal Masjid, í gær. Að sögn forsvarsmanna umsátursins voru allt að 100 þungvopnaðir bardagamenn meðal fólksins inni í moskunni, sem flest er annars námsmenn af báðum kynjum úr kóranskóla sem tengist moskunni.

Frá því áhlaupið hófst að moskunni á miðvikudag hafa minnst sextán manns fallið, þar af átta bardagamenn íslamista. Umsátrið er liður í uppgjöri ríkisstjórnar Pervez Musharrafs hershöfðingja við Aziz og fylgismenn hans. Aziz hefur barizt fyrir því að sjaríalög íslams yrðu tekin upp í Pakistan, rétt eins og talibanar gerðu í Afganistan.

Síðan í janúar hafa klerkarnir staðið uppi í hárinu á yfirvöldum með því að senda nema sína til að fylla sæti bókasafns í borginni, þjarma að verslunarrekendum sem seja vestrænar bækur og kvikmyndir, og með því að ræna meintum vændiskonum og lögreglumönnum. Allt er þetta gert í nafni „siðaherferðar" í anda talibana.



**UPPGJÖF** Kóranskólanemar úr Rauðu moskunni gefast upp fyrir umsátursmönnum í gær. Nærri 1.000 manns voru enn inni í henni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að sögn talsmanna yfirvalda eiga Aziz og bróðir hans, Abdul Rashid Ghazi, yfir höfði sér ákærur í mörgum liðum, þar á meðal fyrir mannrán, að hvetja til manndrápa, brot á vopnalögum og fleira. Konur, börn og aðrir fylgismenn þeirra, sem ekki hefðu gerst sekir um glæpi, yrði sleppt án ákæru.

audunn@frettabladid.is

Mannrán í Nígeríu:

## Bresku stúlkubarni rænt

**NÍGERÍA, AP** Mannræningjar höfðu í gær þriggja ára gamla breska stúlku á brott með sér úr bifreið í Port Harcourt í sunnanverðri Nígeríu, þar sem olíuiðnaður er mikill og lögleysa hefur verið viðvarandi.

Árásarmennirnir brutu rúðu á bílnum þar sem hann beið í umferðarteppu, að því er fulltrúi úr breska sendiráðinu greindi frá. Breska utanríkisráðuneytið gaf út yfirlýsingu þar sem þess var krafist að stúlkan yrði tafarlaust látin laus, heil á húfi.

Mannrán á útlendingum eru algeng í kring um nígeríska olíuiðnaðinn, en barnsrán þó fátíð. - aa

Varnarmálaráðherra Ástralíu:

## Sagði olíu vera ástæðu hersetu

**ÁSTRALÍA, AP Forsætisráðherra Ástralíu, John Howard, þvertók í gær fyrir að olíuhagsmunir hefðu nokkuð með innrásina í Írak að gera. Brendan Nelson varnarmálaráðherra hafði stuttu áður sagt að helsti tilgangur veru ástralskra hermanna í Írak væri að verja olíulindir landsins.**



BRENDAN NELSON

**„Írak er mikilvæg uppspretta orku, sérstaklega olíu, fyrir umheiminn og Ástralar þurfa að hugsa um hvað brottför frá Írak hefði í för með sér," sagði Nelson.**

**„Ástæða þess að við erum ennþá í Írak er að við viljum gefa Írökum tækifæri til að njóta lýðræðisins," sagði Howard til leiðréttingar. Um 1.600 ástralskir hermenn eru enn í Írak.** - sgj

### ÍRLAND

**Björguðu 110 börnum**

Írska landhelgisgæslan bjargaði 110 börnum úr sjávarháska eftir að vindhviða feykti bátum þeirra. Börnin voru á aldrinum tíu til fimmtán ára og komust þau öll lífs af.

### BOLUNGARVÍK

**Frístundakort fyrir börn**

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur ákveðið að gefa út frístundakort fyrir alla Bolvíkinga á aldrinum sex til sextán ára næsta vetur. Bærinn mun með því greiða allt að 15.000 krónur vegna íþrótta eða tómstunda.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Próflaus stúlka velti bíl**

Sextán ára stúlka velti bifreið á Strandavegi aðfaranótt fimmtudags. Stúlkan var flutt með sjúkrabíl til Reykjavíkur en meiðsli hennar reyndust minni háttar. Tveimur farþegum sem með henni voru varð ekki meint af en bíllinn er óökufær.



**VÖÐURNAR KOMNAR Á LAND** Eyjarskeggjar flykktust niður á bryggju í Þórshöfn þegar fréttist af grindhvalavöðunni. Kjötinu er skipt eftir ákveðnum reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/EIÐUR

Grindhvalavaða rekin á land í Þórshöfn í Færeyjum:

# 33 hvalir drepnir

**FÆREYJAR** „Þetta var lítið í þetta skiptið, um 33 hvalir," segir Baldvin Þór Harðarson, Vestmannaeyingur sem er búsettur í Þórshöfn í Færeyjum. Baldvin var þátttakandi þegar 33 grindhvalir voru reknir í land og drepnir á þriðjudaginn.

„Þetta gengur þannig fyrir sig að sá sem verður var við grindina lætur aðra vita. Menn flykkjast þá út og hjálpast að við að reka vöðuna að landi," segir Baldvin.

Að drápunum loknum er kjötinu skipt. Stofnanir eins og sjúkrahús fá sinn skerf. Sá sem fann vöðuna fær einn hval. Lögreglan sér um að halda utan um skiptin og að allt fari fram með ró og spekt og fær að launum einn hval. Þeir sem taka þátt í drápunum fá 50 kíló af kjöti og 25 af spiki.

Þegar um stærri vöður er að ræða fá þeir sem taka ekki beinan þátt í athöfninni kjöt og spik þegar hinum hefur verið úthlutað.

„Í fyrra kom stór vaða í Klakksvík. Hún var það stór að kjötinu og spikinu var dreift til fólks á þremur eyjum. Það er aldrei talað um peninga í sambandi við þetta. Fólk bara fær sinn skerf þegar nóg er af hval," segir Baldvin. - aví



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:

## Safna í sjúkrasjóð á hjólum

**ÚTIVIST** Níu slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins ætla að hjóla yfir landið 7. til 18. júlí. Tilgangurinn er að safna fé í sjúkra- og líknarsjóð starfsmannafélags liðsins. Hópurinn leggur af stað frá Fonti á Langanesi á morgun og lýkur ferðinni á Reykjanestá 18. júlí.

Sjúkra- og líknarsjóðurinn styrkir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn sem verða fyrir alvarlegum áföllum. Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, sem hjólar með, segist vona að ferðin veki fólk til vitundar um mikilvægi sjóðsins. - sþs

Össur hf. gaf fimm stoðtækjanotendum háþróaða hlaupafætur í gær:

# Hleypur í fyrsta skipti í tuttugu ár

**TÆKNI** Fimm íslenskir stoðtækjanotendur fengu í gær háþróaða hlaupafætur að gjöf frá Össuri hf. til að auðvelda þeim að hreyfa sig reglulega og njóta lífsins betur. Lárus Gunnsteinsson hjá Össuri segir að gríðarleg þróun hafi verið á hlaupafótum síðustu árin. Efnið er úr koltrefjar með sérstakri lögun og valið fyrir hvern og einn einstakling og hvað hann hugsar sér að gera.

„Það má kannski geta þess að Tryggingastofnun greiðir ekki hjálpartæki til íþróttaiðkana,“ segir Lárus. „Fulltrúar frá stofnuninni voru hér í dag og sýndu þessu gríðarlegan áhuga. Það er ljóst að hreyfing og þjálfun kemur í veg fyrir aðra sjúkdóma. Aflimun einhvers háttar eykur hættu á sykursýki og æðasjúkdómum því hreyfing minnkar mjög í kjölfarið. Þetta er gríðarleg skerðing á lífsgæðum, ég tala ekki um fyrir ungt fólk sem er vant íþróttum.“

Guðmundur Ólafsson var einn af þeim sem fengu hlaupafæturna og var hæstánægður með þá. „Þetta er í fyrsta skipti í tuttugu ár sem ég hleyp. Ég er búinn að æfa mig í nokkra tíma og þetta gengur frábærlega. Það er eins og ég hafi lent í lukkupotti. Ég er aðstoðarþjálfari Fjölnis í fótbolta og nú þýðir ekkert fyrir strákana að kalla Gummi og hlaupa svo í burtu. Ég get náð þeim núna,“ sagði hann í léttum dúr. - pal



**HLAUPIÐ AF STAÐ** Fimmmenningarnir sem fengu hlaupafætur frá Össuri tóku á rás í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SELFOSS** Hátíðarhöld í tilefnin sextíu ára afmælisins eru ekki ráðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Bæjarráð Árborgar:

## Fagnar ekki afmæli Selfoss

**SVEITARSTJÓRNIR Meirihluti bæjarstjórnar Árborgar segir að þar sem Selfossbær sé ekki lengur til sem stjórnsýslueining séu ekki ráðgerð sérstök hátíðarhöld í tilefni 60 ára afmælis Selfossbæjar.**

**Meirihlutinn hvetur hins vegar leik- og grunnskóla á Selfossi til þess að gera sögu Selfoss sem bæjar sérstaklega skil á árinu og leik- og grunnskóla á Eyrarbakka og á Stokkseyri til að halda á sama hátt til haga í starfi sínu sögu sinna þorpa. „2008 verða tíu ár liðin frá því að Sveitarfélagið Árborg varð til og því telur meirihluti bæjarstjórnar mikilvægt að gera góð skil þegar þar að kemur,“ segir meirihlutinn.** - gar

Þrumuveður á Suðurlandi:

## Hár göngufólks svo rafmagnað að það lyftist

**VEÐUR** „Það nötraði allt og skalf hér í skálanum þegar þrumurnar gengu yfir. Í kjölfarið kom mikil rigning og haglél og það snjóaði í fjöllin í kring,“ segir Kári Þórisson, skálavörður í Básum í Þórsmörk, en mikið þrumuveður gekk yfir Suðurland í gær.

Kári segir að einhverjir hafi orðið skelkaðir og að göngufólk sem var í fjallgöngu þegar þrumuveðrið gerði hafi sagt að loftið hafi verið svo rafmagnað að hár þeirra lyftist.

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir það ekkert einsdæmi að þrumuveður geri á þessum árstíma. Hann segir að hlýindin undanfarið hafi vissulega áhrif en aðrir þættir þurfi einnig að koma til. - þo

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefnamisferli í borginni

Þrír menn voru handteknir í heimahúsi í austurborginni aðfaranótt fimmtudagsins fyrir fíkniefnamisferli. Mennirnir eru grunaðir um sölu fíkniefna og flytja þurfti einn þeirra á slysadeild vegna ofneyslu.





**TRÚARHÁTÍÐ** Kaþólskir pílagrímar frá Hvíta-Rússlandi og fleiri löndum halda á kertum á árlegri trúarhátíð í Budslav, sem er um 150 km norður af höfuðborginni Minsk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skemmtistaðurinn Valaskjálf á Egilsstöðum heldur „Kjötkvöld“ í kvöld:

# Fáklæddar fá frítt inn og skot

**FÓLK** „Þetta er bara grillveisla,“ segir Jón Þór Sigurðsson, starfsmaður Valaskjálfs, skemmtistaðar á Egilsstöðum. Á bls. 18 í Dagskránni á Austurlandi auglýsir Valaskjálf „Kjötkvöld – Konur í stuttum pilsum fá frítt inn og skot á barnum í boði hússins. Rokk og ról“ sem fram fer í kvöld.

Að sögn Jóns Þórs hefur Valaskjálf ekki boðið upp á þetta áður. „Þetta er engin sérstök regla, bara svona til að reyna að trekkja fólk að, unga fólkið,“ segir Jón Þór.

„Ég er ekki að segja að þetta sé besta leiðin, en það er allt í lagi að prófa þetta. Mér finnst þetta ekkert niðrandi.“



**KJÖTKVÖLD AUGLÝST** Auglýsing frá Valaskjálf birtist á síðu 18 í Dagskránni á Austurlandi.

Valaskjálf hefur fengið kvartanir vegna „Kjötkvöldsins“ frá íbúum Héraðs. „Mér er sagt að fólk hafi misjafnar skoðanir á þessu,“ segir Jón Þór. „Við fengum tiltal frá sóknarpresti og fólki á Fáskrúðsfirði. Við auglýsum þetta ekki einu sinni á Fáskrúðsfirði svo að ég veit ekki hvaðan þetta er komið.“

Jón Þór samdi texta auglýsingarinnar við annan mann. „Þetta er náttúrlega kjánalega uppsett svo að það er ekkert mál að snúa út úr þessu,“ segir Jón.

„Við mundum aldrei hafa neitt kynjamisrétti eða eitthvað sem mundi ganga gegn jafnrétti kynjanna,“ segir Jón Þór. „Ef við hleyptum karlmönnum í skotapilsum inn frítt yrði ekkert sagt. Ekki neitt.“ - sgj

Sótt um störf tollvarða:

## Mega vera eldri en 35 ára

**VINNUMARKAÐUR** „Eins og segir í auglýsingunni víkjum við frá þessum skilyrðum ef ástæður þykja til og nú þegar höfum við tekið við umsóknum frá fólki sem er eldra en 35 ára,“ segir Hörður Davíð Harðarson, aðaldeildarstjóri tolleftirlitsdeildar Tollstjórans í Reykjavík, en margir urðu undrandi þegar Tollstjórinn auglýsti eftir tollvörðum og sett var sú krafa að umsækjendur væru á aldrinum 20 til 35 ára.

Hörður segir aldursviðmiðið vegna þess að umsækjendur þurfi að standast þrekpróf og stunda tveggja ára nám í Tollskóla ríkisins. - þo

Sjö Spánverjar fórust í Jemen:

## Níu handteknir vegna árásar

**SPÁNN, AP Lögreglan í Jemen hefur handtekið níu menn sem grunaðir eru um aðild að sjálfsmorðsárás á mánudagskvöld þar sem sjö Spánverjar og tveir Jemenar létust. Mennirnir, sem eru allir frá Jemen, voru yfirheyrðir í gær. Talið er að al-Kaída hafi staðið á bak við árásina.**

**Bíll hlaðinn sprengiefni keyrði á tvo jeppa sem í voru þrettán spænskir ferðamenn. Hinir sex Spánverjarnir særðust í árásinni en aðeins einn þeirra alvarlega. Lík spænsku ferðamannanna voru flutt til Spánar með herflugvél á miðvikudag auk þeirra sem særðust.** - ifv

Rútufarþegar í Mexíkó:

## 14 fundust látnir eftir aurskriðu

**MEXÍKÓ, AP** Björgunarsveitarmenn fundu í gær fjórtán látna í rútu sem varð undir aurskriðu í fyrradag. Lítil von þykir til þess að nokkur af þeim fjórutíu til sextíu farþegum rútunnar hafi komist lífs af úr slysinu-.

Hundruð hermanna og björgunarsveitarmanna hafa grafið á vettvangi frá því slysið varð.

Talið er að miklar rigningar að undanförnu hafa valdið skriðunni. - sgj

# Jökla breytist í veiðiparadís

**Jökulsá á Dal hefur breyst í fallega bergvatnsá. Gerður hefur verið samningur til tíu ára um ræktun árinnar. Stangveiði er hafin í tilraunaskyni og 40 þúsund laxaseiðum af stofni Breiðdalsár verður sleppt.**

**UMHVERFISMÁL** „Ég veiddi einu sinni tvo laxa með heykvísl í einni af þverám Jöklu. Áin heitir Laxá svo það er ekkert nýtt að veiða lax á þessu vatnasvæði,“ segir Aðalsteinn Aðalsteinsson, bóndi á Vaðbrekku í Hrafnskelsdal og formaður Veiðifélags Jökulsár á Dal. Gerður hefur verið langtíma leigusamningur við Veiðiþjónustuna Strengi um uppbyggingu vatnasvæðisins. Byrjað er að veiða á stöng í tilraunaskyni og gönguseiðasleppingar hafnar.

Eftir að Jökulsá á Dal var stífluð við Kárahnjúka hefur þetta mikla jökulfljót breyst í fallega bergvatnsá. Aðalsteinn segir með ólíkindum hvað áin er tær og miklir möguleikar geti falist í því að rækta upp laxastofn í ánni. „Áin er rúmlega 120 kílómetra löng og frá sjónarhóli stangveiðimannsins er um paradís að ræða. Það hefur veiðst lax og silungur í þveránum en við höfum ekki hugmynd um hversu mikinn lax Jökla hefur að geyma. Það má því segja að þetta sé tilraunastarfsemi en áin er svo falleg að við teljum ekki annað forsvaranlegt en að reyna að rækta hana upp.“

Gerður hefur verið samningur milli Veiðiþjónustunnar Strengja og Veiðifélags Jökulsár á Dal og annarra deilda sem hafa með þverárnar Hrafnkeilu, Kaldá og Laxá að gera. Hafnar eru sleppingar með seiðum af stofni Breiðdalsár og með leyfi Veiðimálastjóra sett í sleppitjarnir á nokkrum stöðum á Jöklusvæðinu. Um 40 þúsund seiðum verður sleppt í sumar, en samkvæmt samningum verður sá fjöldi tvö til þrjú hundruð þúsund seiði á ári í framtíðinni, ef vel tekst til með klakfiskiöflun.

> Ég veiddi einu sinni tvo laxa með heykvísl í einni af þverám Jöklu. Áin heitir Laxá svo það er ekkert nýtt að veiða lax á þessu vatnasvæði.
>
> **AÐALSTEINN AÐALSTEINSSON,** FORMAÐUR VEIÐIFÉLAGS JÖKULSÁR Á DAL

Þegar vatnsrennsli í Hálslón eykst yfir sumarið má búast við að gruggugt yfirfallsvatn úr lóninu renni í ána og liti hana. Þröstur Elliðason, framkvæmdastjóri Veiðiþjónustunnar Strengja, segir að það ætti ekki að skipta neinu máli og tækifærin á vatnasvæðinu því mikil. „Þverárnar sem renna í Jöklu eru allar á stærð við góðar laxveiðiár sem þekktar eru hér á landi. Þær eru mjög fallegar og Jökla hefur að geyma veiðistaði af öllum stærðum og gerðum.“ Þröstur segir jafnframt að ekki þurfi að óttast vatnsleysi á svæðinu eins og víða stendur veiði fyrir þrifum.

Þröstur hefur ekki staðist freistinguna og kastað flugu á nokkra staði í Jöklu sem líklegir eru til að verða gjöfulir í framtíðinni. „Þetta er vatnsfall á stærð við Laxá í Aðaldal myndi ég giska á og getur geymt marga laxa, og stóra. svavar@frettabladid.is



**JÖKLA** Það er ekki orðum aukið að áin sé fögur og geymi fallega staði til stangveiði. Áður en áin var stífluð við Kárahnjúka var hún mörgum metrum dýpri en nú og nærri því að vera bakkafull á þessum „veiðistað“. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞE




Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.

íslenskar garðplöntur


Ármann J. Lárusson á Landsmóti í nítjánda sinn:

## Hefur keppt á öllum landsmótum frá 1949

**LANDSMÓT** „Ég keppti fyrst á Landsmótinu í Hveragerði árið 1949,“ segir Ármann J. Lárusson afreksmaður í íþróttum sem hefur keppt á öllum Landsmótum Ungmennafélags Íslands frá 1949 í Hveragerði þar sem hann keppti í glímu, kúluvarpi og kringlukasti.

Sem fyrr tekur Ármann þátt í Landsmótinu sem hófst í Kópavogi í gær. „Ég keppi í bridds í þetta skiptið,“ segir Ármann sem tekur þátt í nítjánda sinn. „Á meðan ég var ungur þá keppti ég í glímu og frjálsum. Í dag er maður orðinn 75 ára gamall. Þá hentar bridds mjög vel,“ segir hann.

Ármann hefur ekki eingöngu keppt á Landsmótum. Hann var einn allra besti glímukappi Íslands á sínum tíma. Meðal annars sigraði hann Íslandsglímuna fjórtán ár í röð frá 1954 til 1967 þegar hann lagði glímuskóna á hilluna.

„Eftirminnilegasta Landsmótið er líklega á Sauðárkróki 1971. Þá tók ég þátt í glímu og hafði ekki glímt í þrjú ár. Ég sagði konunni ekkert frá því að ég ætlaði að keppa. Þegar hún sá mig í glímugallanum leist henni ekki á blikuna og hljóp upp á fjall. Ég sá hana ekkert fyrr en keppnin var búin,“ segir Ármann og hlær. Það þarf varla að taka fram að hann vann glímukeppnina. - aví




**ÁRMANN J. LÁRUSSON** Keppir í bridds á Landsmóti Ungmennafélags Íslands sem fram fer í Kópavogi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjölgun gistinátta milli ára:

## Hótelgestir fjórðungi fleiri

**VIÐSKIPTI Gistinóttum á hótelum fyrstu fimm mánuði ársins fjölgaði um 17 prósent frá því í fyrra. Aukning varð í öllum landshlutum en mest á Austurlandi. Þar fjölgaði gistinóttum um rúmt 41 prósent milli ára.**

**Gistinóttum í maí fjölgaði um 14 prósent og var aukningin í öllum landshlutum nema á Austurlandi. Þar stóð fjöldinn í stað.**

**Bæði má rekja fjölgun gistinátta á hótelum til Íslendinga og útlendinga en íslenskum hótelgestum fjölgaði um 24 prósent milli ára.** - þeb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Gómaður við innbrot**

Maður var handtekinn á Akureyri aðfaranótt fimmtudagsins. Hann hafði brotist inn í íbúðarhús á Eyrinni og stolið þaðan fartölvu og tölvubúnaði sem hann hélt á þegar lögreglu bar að garði. Málið telst upplýst.

### BANDARÍKIN

**Varir og eyra bitin af barni**

Bandaríkur maður segist saklaus af því að hafa bitið varirnar og eyra af þriggja ára dóttur kærustunnar sinnar. Hann og móðirin sæta ákæru fyrir verknaðinn. Læknar segjast ekki geta lagað áverkana sem barnið hlaut.

Óútskýrt lestarslys:

## Neðanjarðarlest fór af spori

**BRETLAND, AP Neðanjarðarlest fór af sporinu á háannatíma í austurhluta London í gær. 37 farþegar slösuðust og voru 11 þeirra fluttir á sjúkrahús.**

**Flytja þurfti um 900 farþega burt eftir að lestin fór af sporinu, en önnur lest festist fyrir aftan hana í göngunum.**

**Lögregla rannsakar hvað olli slysinu. Lestarstjórinn segist hafa séð eitthvað hvítt á teinunum, mögulega einhvers konar lak, áður en það lenti á lestinni. Hann hemlaði umsvifalaust og fóru tveir fremstu vagnar lestarinnar út af sporinu.** - sgj

Ríkissaksóknari Rússlands:

## Lugovoi verður ekki framseldur

**RÚSSLAND, AP** Ríkissaksóknari í Rússlandi hefur neitað því að framselja viðskiptajöfurinn Andrei Lugovoi, sem bresk yfirvöld gruna um að hafa eitrað fyrir fyrrverandi KGB-njósnaranum Alexander Litvinenko.



ALEXANDER LITVINENKO

Neitun ríkissaksóknara er byggð á banni í stjórnarskrá Rússlands við framsali ríkisborgara til erlendra ríkja. Þetta hefur einnig Vladimir Pútín Rússlandsforseti sagt opinberlega.

Litvinenko lést á sjúkrahúsi í London í nóvember 2006 eftir pólóníum-eitrun. Bresk sakarannsókn leiddi til þess að grunur féll á Lugovoi, sem starfaði með Litvinenko í KGB á sínum tíma. - sgj

Skjálftar á Íslandi og Indlandi:

## Samstarf um rannsóknir

**UTANRÍKISMÁL Fyrsti áfangi samstarfssamnings milli utanríkisráðuneytisins og Veðurstofu Íslands um samstarf Íslands og Indlands á sviði jarðskjálftarannsókna var undirritaður í gær.**

**Fyrsti áfanginn mun taka hálft ár og á þeim tíma munu tveir indverskir vísindamenn heimsækja Ísland til að kynna sér tækni á Íslandi á sviði jarðskjálftamælinga og eftirlits. Tveir íslenskir vísindamenn munu jafnframt heimsækja Indland til að leggja grunninn að samstarfinu.**

**Samningurinn var undirritaður af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra og Magnúsi Jónssyni veðurstofustjóra.** - lbb









**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR **N1** VERSLANIR **N1** BÍLAÞJÓNUSTA **N1** FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




SÍMI 440 1100
WWW.N1.IS

Á ferð um þjóðvegi landsins eru þjónustustöðvar og verslanir N1 aldrei langt undan. N1 sér bílnum og þér fyrir helstu nauðsynjum og ljúffengum veitingum til að seðja hungrið á leiðinni eða bæta í nestisboxið. **N1 – Meira í leiðinni**

## „ORÐRÉTT“

### Var ekki búið að einkavæða hann?

**„Það væri einfaldlega ódýrara fyrir Alþingi ef þingmenn beindu símaviðskiptum sínum til Símans.“**

HELGI BERNÓDUSSON, SKRIFSTOFUSTJÓRI ALÞINGIS, SKÝRIR FRÁ SAMNINGI RÍKISINS VIÐ SÍMANN.
**Fréttablaðið, 5. júlí.**

### Vill netlöggu

**„Raunar hafa Norðmenn lagt drög að því að koma á fót sérstakri lögreglustöð, sem starfi aðeins í netheimum.“**

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA ER EKKI FRÁHVERFUR HUGMYNDUM UM NETLÖGREGLU.
**Morgunblaðið, 5. júlí.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? VIÐAR EGGERTSSON, LEIKSTJÓRI**

## Það er list að gera ekki neitt



„Það er helst að frétta að ég er í flóknum undirbúningi við að gera ekki neitt. Það þarf sérstakan undirbúning þar sem hið daglega líf er kröfuharður húsbóndi,“ segir Viðar Eggertsson, leikstjóri og lífskúnstner. „Ég sit núna löngum stundum á eintali við sjálfan mig um hið meinta aðgerðarleysi sem á að fara fram.“

Viðar hyggst taka sér tveggja vikna frí og hernaðaráætlun hans hljóðar upp á að gera ekkert og fara ekkert. „Ég ætla bara að vera,“ segir hann en viðurkennir að það tákni ekki aðgerðarleysi í sjálfu sér. „Ég hef þó laumað inn litlum verkefnum sem felast í því að taka á móti fólki. Þetta er fólk sem getur ekki hugsað sér að vera heima hjá sér og ég fæ því kærkomið tækifæri til að taka á móti gömlum vinum. Sumir gista en aðrir standa stutt við. Við njótum þess að borða saman og rifja upp gamla tíma.“

Viðar er meðvitaður um að hið meinta aðgerðarleysi er ástand sem mun standa stutt yfir og ætlar að hella sér út í undirbúning komandi vetrar að fríinu loknu. „Margt stendur til. Ég ætla þó ekki að útlista hvað það verður þar sem ég hræðist mjög að ef ég tala mikið um hálfköruð verkefni, þá verði ekkert af því. Maður má ekki tala hlutina frá sér.“

Viðar segir þó nauðsynlegt að klára undirbúning þess sem ekki má ræða því til stendur að fara aftur í frí í september. „Það frí verður í eðli sínu öðruvísi. Þá ætla ég að snúa dæminu við og vera framtakssamur.“ Til stendur að fara til Króatíu, nálægt landamærum Svartfjallalands þar sem honum stendur til boða að gista í sumarhúsi gamallar vinkonu. „Sumarhúsið ætla ég að nota sem bækistöð og ferðast um allar trissur. Ég á því von á að koma uppgefinn til baka, en þó endurnærður,“ segir Viðar.

**SJÓNARHÓLL**
**LÁNSHLUTFALL ÍBÚÐALÁNASJÓÐS**

## Hækka og lækka til skiptis



**SIGURBJÖRN Ö. HREIÐARSSON** Barnaskólakennari og knattspyrnumaður.

„Það er nýbúið að hækka þetta í níutíu prósent. Þetta er bara hækkað og lækkað til skiptis,“ segir Sigurbjörn Örn Hreiðarsson. „Það má vera að þessi lækkun úr níutíu prósentum í áttatíu prósent hjálpi eitthvað til við að slá á þensluna og verðbólguna. Íbúðaverð er hins vegar svo hátt að ungt fólk sem er að kaupa sína fyrstu íbúð lendir í vandræðum þegar það þarf að borga margar milljónir inn á íbúðina.“

# Mæðgin á leið á Star Wars-þing

**Pauline McCarthy er á leið með syni sínum Benna á Star Wars-þing í London eftir viku. Benni, sem er einhverfur, hefur mikinn áhuga á Star Wars og bað mömmu sína um alvöru Star Wars-búning í fermingargjöf sem hann fann sjálfur á netinu.**

Pauline er írsk og hefur búið á Íslandi í fjórtán ár. Hún á tvo syni, Benedikt, sem er fjórtán ára, og Patrick Jens, sem er tíu ára. „Búningurinn reyndist miklu dýrari en fartölvan sem ég ætlaði upphaflega að gefa honum í fermingargjöf,“ segir Pauline.

„Hann fann búninginn sjálfur á netinu en fjölskyldan mín sló saman fyrir gjöfinni og systir mín kom með búninginn frá Skotlandi. Í veislunni klæddi Benni sig í hann við mikil fagnaðarlæti,“ segir Pauline.

Pauline leist ekki á Star Wars þingið til að byrja með enda ekki mikill Star Wars aðdáandi sjálf. „Ég er alltaf að segja Benna að líta á björtu hliðarnar og vera jákvæður. Ég ákvað því að fara eftir mínum eigin ráðum og ætla að taka þátt í þessu með honum. Ég ætla að klæða mig upp sem Amidala, drottningin af Naba. Í fyrsta skipti sem ég fór í búninginn fyrir Benna varð hann eitt sólskinsbros og var mjög ánægður með mig,“ segir Pauline.

Fjölskyldan bjó í Reykjavík þangað til fyrir einu ári síðan. „Við bjuggum í Grafarvoginum þar sem Benni gekk í Hamraskóla en þar er einhverfudeild. Þar varð hann þó fyrir einelti og því ráðlagði læknir á Barna- og unglingageðdeildinni okkur að við skyldum bara flytja og byrja upp á nýtt á öðrum stað.“

Akranes varð fyrir valinu en Pauline hafði heyrt góðar sögur af einhverfudeildinni í Brekkubæjarskóla. „Benna gengur mjög vel hérna á Akranesi. Samfélagið er afskaplega gott og hér þekkjast allir persónulega. Í Grafarvogi var hann bara þekktur sem strákurinn sem var öðruvísi en hinir en hér á Akranesi er hann Benni og fólk þekkir hann sem Benna.“

Pauline er staðráðin í að gefa eitthvað til baka til samfélagsins á Akranesi og ætlar að taka þátt í hátíðinni Írskum dögum sem haldin er nú um helgina í sjöunda skiptið. Hátíðin vex og dafnar með hverju ári og í fyrra sóttu tíu þúsund manns bæinn heim og er það metár fyrir hátíðina. Á heimasíðu Írskra daga kemur fram að hátíðin í ár verði veglegri en nokkru sinni fyrr. „Það er alltaf góð mæting á Írska daga á Akranesi. Ég vil samt sjá meira írskt á hátíðinni og mun því bjóða upp á írska kjötsúpu. Ég verð líka með keltneska sönghátíð á kaffihúsinu á laugardagskvöldinu og mun syngja eins og ég gerði í fyrra,“ segir Pauline og bætir við að þau mæðgin séu orðin mjög spennt fyrir Star Wars-þinginu og auðvitað Írskum dögum líka.

**larab@frettabladid.is**



**Í FULLUM SKRÚÐA** Pauline og Benni eru til í slaginn en Star Wars þingið varir í þrjá daga og gestir þingsins taka þátt í tólf klukkustunda dagskrá alla dagana.



**BENNI OG PAULINE** Pauline skartar ekki Amidalabúningnum á írskum dögum sem haldnir verða á Akranesi nú um helgina heldur verður hún klædd samkvæmt írskri hefð.
MYND EIRÍKUR KRISTÓFERSSON



# Góða veislu grilla skal!

*Kjötið frá SS, beint á grillið. Beinlausir, mjúkir og meyrir bitar sem bráðna í munni, lagðir í spennandi kryddlög sem seiðir fram það besta í kjötinu. Prófaðu hiklaust – allar tegundirnar. Verði þér að góðu!*




VEISLA Í HEILA ÖLD

1907 SS 2007

www.ss.is



F1021379 Fíton ehf. / SÍA

## Svona erum við
> Gjaldþrot félaga á Íslandi




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KALININGRAD

# *Umdeilt landsvæði umlukið ESB-löndum*

Aðstoðarforsætisráðherra Rússlands hefur lýst því yfir að Rússar gætu komið upp aðstöðu til að skjóta upp eldflaugum í Kaliningrad. Landsvæðið tilheyrir Rússlandi en á engin landamæri að Rússlandi.

**Hvar er Kaliningrad?**
Kaliningrad er landsvæði sem liggur á milli Póllands og Lithæn, þar sem samnefnd borg er staðsett. Kaliningrad hét áður Königsberg, og var hluti af Prússlandi og síðar Þýskalandi. Kaliningrad liggur að Eystrasalti, og er eina Eystrasaltshöfn Rússlands sem ekki lokast af völdum hafíss einhvern hluta ársins. Landsvæðið er um 215 ferkílómetrar. Árið 2002 voru íbúar um 430 þúsund talsins.

**Hvernig komust Rússar til valda?**
Talsverður þýskur herafli var staðsettur í




Kaliningrad í síðari heimsstyrjöld, og í janúar 1945 réðist rússneski Rauði herinn á borgina. Stórum hluta rösklega 300 þúsund íbúa borgarinnar tókst að flýja áður en Rauði herinn kom. Fyrir þá sem ekki flúðu tók við langt umsátur þar sem þýski herinn hélt uppi vörnum í borginni og á henni dundi sprengjuregn mánuðum saman, áður en Rauði herinn tók borgina.

Þeir borgarbúar sem lifðu af árásina, eða sneru aftur til borgarinnar eftir hana, voru að heita má fangar þar til 1949, og dó stór hluti þeirra af völdum sjúkdóma og hungurs. Königsberg varð hluti af Sovétríkjunum, og var endurskírð Kaliningrad.

**Hvernig er Kaliningrad í dag?**
Lífið í borginni gjörbreyttist þegar hún varð hluti af Sovétríkjunum, rússneskir íbúar komu í stað þýskra og Kaliningrad varð að hernaðarlega mikilvægu svæði í kalda stríðinu, og höfuðstöðvum Eystrasaltsflota Rússa.

Í dag er Kaliningrad rússneskt svæði umlukið Evrópusambandslöndum, og þurfa íbúarnir sérstök leyfi til að ferðast til og frá Kaliningrad. Umræða hefur verið um að breyta nafninu aftur í Königsberg, en ekki er talið líklegt að af því verði á næstu árum.

## SPURT & SVARAÐ
VISKÍFRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI

### *Myndi kaupa íslenskt viskí*

Ungur viðskiptafræðingur hafði uppi áform um að framleiða viskí á bænum Hátúni í Landeyjum. Stefán Pálsson er sérfræðingur í viskídrykkju.


STEFÁN PÁLSSON
Sagnfræðingur

**Hvað finnst þér um hugmyndir um íslenska viskíframleiðslu?**
„Það er alltaf gaman að menn reyni eitthvað nýtt og menn hafa reynt að framleiða viskí á óvæntum stöðum. Til dæmis eru Japanar ansi slungnir viskígerðarmenn. En það þarf margt að ganga upp. Besta viskíið í Skotlandi byggir á ævagamalli hefð og þar fylgir bragðinu karakter sem maður finnur úr umhverfinu. Þar er vatnið tekið úr opnum vatnsbólum, lækjum eða ám, ég er ekki viss um að það fengist gert hérna."

**Myndir þú kaupa íslenskt viskí?**
„Maður myndi að sjálfsögðu gera það og styðja menn til allra góðra verka. En það er eitt og annað sem mælir á móti þessu. Menn þurfa allavega að vera þolinmóðir."


# Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006


# Dökk mynd af Rússlandi

**Þegar rússneska blaðakonan Anna Politkovskaya var myrt í lyftunni á heimili sínu í Moskvu í október í fyrra var hún nýbúin að ljúka við bók: A Russian Diary – sem nýverið kom út í enskri þýðingu – þar sem dregin er upp afar dökk mynd af Rússlandi í forsetatíð Vladimírs Pútín.**




**MÓTMÆLI EFTIR MORÐIÐ Á POLITKOVSKAYU** Fjöldamótmæli á Pushkin-torginu í miðborg Moskvu þann 8. október 2006, daginn eftir að blaðakonan Anna Politkovskaya var drepin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í bókinni segir Politkovskaya að Pútín hafi barið niður pólitíska andstöðu gegn sér áður en hann var endurkjörinn í forsetakosningunum árið 2004 með rúmlega sjötíu prósent atkvæðanna.

Hún nefnir dæmi; hvernig Ivan Rybkin, einn af þeim sem ætlaði að bjóða sig fram gegn Pútín, hætti skyndilega við það. Rybkin hvarf í nokkra daga skömmu fyrir forsetakosningarnar eftir að hafa gagnrýnt Pútín harðlega. Politkovskaya telur að Pútín hafi látið ræna Rybkin til að ógna honum og fá hann til að hætta við að bjóða sig fram.

Niðurstaða Politkovskayu er að eftir forsetakosningarnar 2004 hafi ekki verið nein skil á milli ríkisvaldsins í Rússlandi og Pútíns: „Ríkið, það er Pútín," segir hún.

**Lítið málfrelsi**
Í bókinni segir Politkovskaya að grundvallarmannréttindi, eins og mál- og samviskufrelsi, séu fótum troðin í Rússlandi. Hún segir að fjölmiðlamenn í Rússlandi þurfi að stunda „sjálfsritskoðun", sem þýðir að segja ekkert sem komi sér illa fyrir stjórnvöld því annars gætu þeir lent í vandræðum: stjórnvöld í Rússlandi lokuðu 23 ritstjórnarskrifstofum í landinu árið 2005.

Jón Ólafsson heimspekingur, sem hefur búið í Rússlandi, segir að í Rússlandi sé ekkert sem kalla megi frjálsa fjölmiðlun. „Í rauninni er það bara mjög hugrakkt fólk sem er tilbúið að hætta lífi sínu sem getur sagt eitthvað annað en ætlast er til að það segi. Það var sennilega bara tímaspursmál hvenær Politkovskayu yrði rutt úr vegi," segir Jón.

**88 morð**
En barátta stjórnvalda gegn málfrelsi fjölmiðlamanna kann að eiga sér enn skelfilegri birtingarmynd því í nýlegri skýrslu alþjóðlegra samtaka um starfsöryggi blaðamanna segir að frá 1996 hafi 88 blaðamenn verið drepnir í Rússlandi – aðeins í Írak hafa fleiri blaðamenn verið drepnir á tímabilinu, eða 138.

Hvort stjórnvöld standi jafnvel á bak við einhver af þessum morðum á blaðamönnum í landinu er hins vegar erfitt að segja því í langflestum tilfellum finnast morðingjarnir ekki. Hvort það er vegna þess vegna að stjórnvöld reyni ekki að finna þá er einnig óvíst en Politkovskaya segir frá því að stjórnvöld einfaldlega sleppi því að rannsaka mál ef það hentar þeim – þetta kann að eiga við um morðingja blaðakonunnar sem enn hefur ekki fundist. Á vef breska blaðsins The Guardian er hins vegar minnst á að Ramzan Kadyrov, forseti Tsjetsjeníu og bandamaður Pútíns, hafi hugsanlega látið drepa blaðakonuna vegna skrifa hennar um stríðið í Tsjetsjeníu.

Jón Ólafsson segir að það sé mjög erfitt að segja til um hverjir standi á bak við morðin á blaðamönnum í Rússlandi en að í flestum tilfellum sé um leigumorð að ræða. Hann segir einnig að hópar tengdir rússneska hernum séu stundum nefndir til sögunnar.


**ANNA POLITKOVSKAYA**

Jón segir hins vegar að ekki megi gleyma því að það sé einnig mikill ofbeldiskúltúr í landinu – Politkovskaya segir nöturlegar sögur af morðum óbreyttra borgara á innflytjendum í bókinni – og að þess vegna sé einnig mögulegt að menn einfaldlega ákveði að láta drepa blaðamenn ef umfjöllun þeirra kemur sér illa fyrir þá.

**Ekkert réttarríki**
Um orð Politkovskayu, um að stjórnvöld í Rússlandi rannsaki ekki mál sem geta komið sér illa fyrir þau, segir Jón að dómskerfið í Rússlandi sé ósjálfstætt: sé ekki óháð stjórnvöldum á nokkurn hátt. Hann telur að eingöngu í stöku tilfellum fari málsmeðferð fram með eðlilegum hætti því yfirleitt stjórni einhver hagsmunaaðili niðurstöðu málsins; yfirleitt ríkið. „Það vantar mjög mikið upp á það að til sé eitthvað sem hægt er að kalla réttarríki í Rússlandi," segir Jón.

**„Ég er hrædd"**
Í ritdómi um bók Politkovskayu í enska blaðinu The Spectator í apríl sagði Anna Applebaum að henni þætti ekki skrítið að Politkovskaya hefði verið drepin miðað við hvernig hún talaði um ástandið í Rússlandi.

Politkovskaya sagðist vera hrædd um framtíð Rússlands því svo mörgu væri ábótavant í landinu. Í bókinni nefnir hún meðal annars hina miklu fólksfækkun í landinu – samkvæmt spám mun íbúafjöldi í Rússlandi hafa lækkað úr 145 milljónum árið 2002 niður í 139 milljónir árið 2016 – sem hún segir að stjórnvöld beri meðal annars ábyrgð á vegna þess að stór hluti landsmanna búi við fátækt og fái ekki þá heilbrigðisþjónustu sem hann þurfi. „Það eina sem stjórnvöld hafa áhuga á er að græða peninga," segir blaðakonan í lok þessarar síðustu bókar sinnar, en morðið á henni hefur vakið gríðarlega hörð viðbrögð á Vesturlöndum og beint kastljósinu að þeirri ólýðræðislegu þróun í Rússlandi sem hún gagnrýndi svo harkalega í skrifum sínum og ráðamenn í mörgum lýðræðisríkjum eru uggandi yfir.



**EITT STRÍÐSHRJÁÐASTA RÍKI HEIMS**
- Rússland er fjórða stríðshrjáðasta ríki heims á eftir Írak, Súdan og Ísrael.
- 88 blaðamenn hafa verið drepnir í landinu síðan 1996.
- Stjórnvöld í Moskvu lokuðu 23 ritstjórnarskrifstofum í landinu árið 2005.
- Stjórnvöld í Moskvu brutu 344 sinnum gegn réttindum rússneskra blaðamanna árið 2005.

***Heimildir:** Anna Politkovskaya. A Russian Diary, www.newssafety.com, The Economist Intelligence Unit, og vefsíður The Glasnost Defence Foundation (www.gdf.ru), The Guardian og The Spectator.*


FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is




## Menningardagskrá föstudaginn 6. júlí kl. 17:00–19:00

- **Hálsatorg – Tónleikar**
  Þar koma fram unglingahljómsveitirnar **Rust** og **Spooky Jetson** frá félagsmiðstöðvum ÍTK, **Skábræður, Margrét Eir** og **Rottweilerhundar.**
  Rokk, rapp, suðræn sveifla, djass og annað eyrnakonfekt á dagskrá tónleikanna.

- **Salurinn – Tónleikar**
  Á fyrri tónleikunum kl. 17 koma fram **Gissur Páll Gissurarson** tenór og tónlistarhópur sem samanstendur af **Guðrúnu Birgisdóttur og Martial Nardeau** flautuleikurum, **Matthíasi Nardeau** óbóleikara og **Jónasi Ingimundarsyni** píanóleikari.

  Á seinni tónleikunum kl. 18 syngur **Sigrún Hjálmtýsdóttir** við undirleik **Jónasar Ingimundarsonar** og söngdúettinn **Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar** syngja við undirleik **Valgeirs Skagfjörðs.**

  Létt og skemmtileg dagskrá á báðum tónleikum.

- **Gerðarsafn – Sögusýning**
  Sögusýning UMFÍ í tilefni af 100 ára afmæli félagsins.

- **Bókasafn Kópavogs – Stafsetningarkeppni kl. 17**
  Keppt verður í stafsetningu sem er ein af keppnisgreinum Landsmóts. Á bókasafni Kópavogs er fjölbreyttur safnakostur og gefinn verður út bæklingur um allt íþróttaefni safnsins.

- **Náttúrufræðistofa Kópavogs – Jurtagreining kl. 17**
  Keppni í jurtagreiningu fer fram í Náttúrufræðistofu Kópavogs. Einnig verður sýning safnsins opin en þar má finna ýmis dýr, fiska og steina.

- **Listatún – Hundafimi kl. 18**
  Skuggi, Fluga, Helja og allir hinir hundarnir frá íþróttadeild Hundaræktarfélags Íslands sýna listir sínar.

  **Götuleikhús** Kópavogs og **Kær-leikur** verður með uppákomu. Sprell **leiktæki** á svæðinu fyrir yngri kynslóðina. Pylsur, gos og popp verða í boði SPK á Hálsatorgi.

Allir velkomnir – enginn aðgangseyrir!

Landsmót UMFÍ – frábær fjölskylduhátíð fyrir alla!

LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Bónustilboðin
BÓNUS Túnfisk salat
BÓNUS Rækju salat
139 KR.
200g
BÓNUS HANGIÁLEGG
40% afsláttur við kassann
Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689 KR.
Merkt verð: 2825kr.
Hálft kíló!
129 KR.
ORKU BRAUÐ
500g
HEILT KÍLÓ!
26
SNEIÐAR
Smyrill
Smyrill 300g
89 KR.
BÓNUS Kornbrauð
Kílóbrauð!
119 KR.
4.5 KR. sneiðin
4x AAA eða AA rafhlöður í boxi
DURACELL PLUS
4x AA eða AAA
259 KR.
DURACELL PLUS
4 ungnautahamborgarar og 4 hamborgarabrauð
Innflutt úrvals ungnautakjöt frá Nýja-Sjálandi
498 KR.
Nautaat
10x 120g hamborgarar
998 KR.
frosnir og fínir í ferðina
Nautaats grillborgarar
120g x 10
Innflutt úrvals ungnautahakk
85% ungnautahakk/15% prótín og vatn
KF SALAT
95 KR.
350g
4 XL Bónus hamborgarabrauð
79 KR.
500 ml
69 KR.
MIX/APPELSÍN
Mix ENGU LÍKT!
Egils APPELSÍN LÍMONAÐI
Samlokur með skinku, rækjum eða túnfiski
FERSKUR OG GÓÐUR SKYNDIBITI
Bónus samloka
TÚNFISKSALAT
RÆKJUSALAT
Bónus samloka tilboðsverð:
95 KR.
Verð áður 139KR.
GÓU Prins
Góu brenna
398 KR.
GÓU ÆÐI BITAR
GÓU Hraun BITAR
ERAN/Landlist


TEXAS GRILLLEGGIR og MEXÍKÓ GRILLVÆNGIR
40% afsláttur við kassann
Holta- kjúklingur
MEXÍKÓ vængir kílóverð nú: 197 KR.
Merkt verð 281 KR.
GRILL KJÚKINGALEGGIR kílóverð nú: 363 KR.
Merkt verð 605 KR.
30% afsláttur við kassann
Grillkryddaðar svínakótelettur
40% afsláttur við kassann
Grill meistarinn
Grill svínakótelettur KÍLÓVERÐ NÚ: 1019 KR.
Merkt verð: 1698 KR.
stimpluð og klár!
Grillkryddaðar lambaframhryggjarsneiðar
25% afsláttur við kassann
Ísl. lambaframhryggjarsneiðar KÍLÓVERÐ NÚ: 1349 KR.
Merkt verð: 1798 KR.
ÍSLANDS LAMB
Villi lambasirloin KÍLÓVERÐ NÚ: 1298 KR.
KJARNAFÆÐI
LÚXUS LAMB
-hvað er betra!
Villikryddaðar lambasirloinsneiðar
500 ml 49 KR.
EGILS PILLI
Egils PILSNER
EKKERT BRUÐL
Sýrður rjómi
159 KR. pokinn
20 KR. STYKKIÐ
BÓNUS Heimilis klakar
8
XXL Pringles ORIGINAL
159 KR.
213g
Nýjar vörur!
Engjaþykkni með hnetum, karamellu og kornkúlum
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.519 **+-0,25%**

**Fjöldi viðskipta:** 556
**Velta:** 4.129 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | 4,25% | **LANDSBANKINN** | 1,28% |
| **ÖSSUR** | 1,41% | **FL GROUP** | 0,83% |
| **ICELANDAIR GROUP** | 1,38% | **ACTAVIS** | 0,67% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 89,00 -0,67% ... Atorka 9,02 +4,52% ... Bakkavör 69,70 +0,29% ... Eimskipafélagið 39,90 -0,50%... Exista 36,30 +1,11 ... FL Group 29,80 -0,83% ... Glitnir 28,80 -0,35% ... Kaupþing 1.185 -0,42% ... Icelandair Group 29,35 +1.38 ... Landsbankinn 38,70 -1,28% ... Mosaic Fashions 17,00 0,00% ... Straumur-Burðarás 22,35 +0,68% ... Teymi 5,30 +0,95 ... Össur 108,00 +1,41%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápur...*

### Skreppur

Á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í gær var vakin sérstök athygli á því að vinnustundum á fyrsta ársfjórðungi fjölgaði um sex prósent miðað við sama fjórðung fyrir ári. Aukningin hafði hins vegar engin áhrif á framleiðni, sem staðið hefur í stað á milli ára. Seðlabankamenn kunnu engar skýringar málinu. Líklegt má þó telja að hér séu á ferðinni skreppitúrarnir, sem tíðkast hjá starfsfólki á vinnutíma. Túrarnir geta verið mislangir, sumir hverjir mjög langir. Dragist skreppitúr á langinn kemur það niður á afköstum. Lausnin felst einfaldlega í því að sitja fram eftir og ljúka dagsverkinu en niðurstaðan skilar sér í fleiri vinnustundum á mánuði.



### Húsnæðisverð og verðbólga

Hækkun húsnæðisverðs hefur öðru fremur knúið verðbólguna áfram undanfarin ár. Þetta segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í leiðara nýjasta fréttabréfs samtakanna. Hannes bendir á að vísitala neysluverðs hafi hækkað um 21 prósent frá því í janúar fyrir fjórum árum til júní á þessu ári. Sé hækkun á húsnæðisverði hins vegar skilin undan nemur hækkunin einungis 11 prósentum. Hannes segir ennfremur að verð á húsnæði hafi hækkað um 84 prósent á þessu fjögurra ára tímabili og hvetur stjórnvöld til að grípa til ráðstafana sem stuðlað geti að jafnvægi á fasteignamarkaði. Því sé lækkun hámarkslána Íbúðalánasjóðs skref í rétta átt, að hans sögn.

## MARKAÐSPUNKTAR

Englandsbanki ákvað í gær að hækka stýrivexti um 25 punkta. Vextirnir fóru við þetta upp í 5,75 prósent. Fastlega var búist við ákvörðuninni en þrýstingur hafði verið á bankann að hann hækkaði vextina hraðar og meira.

Evrópski seðlabankinn ákvað hins vegar að halda stýrivöxtum óbreyttum í 4,0 prósentum. Sömuleiðis var gert ráð fyrir þessari niðurstöðu en vaxtastig á evrusvæðinu hefur ekki verið jafn hátt í sex ár. Líklegt þykir að vextirnir verði hækkaðir frekar fyrir árslok.

Gengi SCI-vísitölunnar féll um rúm fimm prósent í kauphöllinni í Sjanghæ í Kína í gær. Fjárfestar óttast að hlutabréfaaukning fyrirtækja komi niður á verðmæti hlutabréfa.

# Skörp hækkun á gengi SPRON

Yfir þrjátíu prósenta hækkun hefur orðið á gengi stofnfjárbréfa í SPRON frá því um miðjan júní. Bréfin, sem ganga kaupum og sölum á stofnfjármarkaði SPRON, fóru úr 3,2 krónum á hlut í yfir 4,2 krónur í umtalsverðri veltu.

Kjartan Freyr Jónsson, verðbréfamiðlari hjá SPRON, segir að eftirspurnin sé óvenjumikil miðað við árstíma og var hún einfaldlega mun meiri en framboð þeirra bréfa sem var til sölu.

Kjartan Freyr telur að ekkert eitt skýri þessa hækkun. Einhverjar væntingar eru um gott uppgjör hjá SPRON fyrir fyrstu sex mánuði ársins en hagnaður félagsins nam tæpum 4,7 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi. Þá er líklegt að hækkun á stofnfjárbréfum í Byri og SPK og á innlendum hlutabréfamarkaði hafi smitað út frá sé. „Þetta er nákvæmlega það sem er að gerast inni í Kauphöll. Þar er allt á fullu.“

Raunhækkun stofnfjár SPRON nemur yfir 87 prósentum frá áramótum, að teknu tilliti til arðgreiðslna og sérstaks endurmats stofnfjár fyrir síðasta ár. Markaðsverðmæti sjóðsins er komið í rúma 88 milljarða króna. - eþa



**FRÁ AÐALFUNDI SPRON** Raunhækkun stofnfjár nemur um 87 prósentum það sem af er ári.

# Vextir lækka á næsta ári

**Seðlabankinn hélt stýrivöxtum óbreyttum í 13,3 prósentum. Niðurstaðan var í takt við væntingar en ekki eru taldar horfur á að bankinn lækki stýrivexti fyrr en á fyrri helmingi næsta árs.**

Verðbólga hefur hjaðnað hægar en Seðlabankinn spáði í mars. Verðbólguhorfur versnað og ólíklegt að 2,5 prósenta verðbólgumarkmið bankans náist fyrr en um mitt ár 2009.

Þetta kom fram á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í gær þar sem greint var frá ákvörðuninni að halda stýrivöxtum óbreyttum í 13,3 prósentum. Seðlabankinn breytti framsetningu stýrivaxta í síðasta mánuði og birtir nafnvexti í stað ávöxtunar á ári. Þannig standa vextirnir í 14,25 prósentum samkvæmt eldri framsetningu.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði núverandi stýrivexti veita umtalsvert aðhald þótt spennan í efnahagslífinu hafi verið umfram spár. Hann benti á að þótt þjóðhagsreikningar á fyrsta ársfjórðungi bendi til að dregið hafi úr vexti innlendrar eftirspurnar þá sé ekki allt sem sýnist. „Fyrsti ársfjórðungur í fyrra var gríðarlega sterkur og er reiknað með að bæti í vöxtinn á öðrum fjórðungi,“ sagði hann.

Fram kom að mögulegt hefði verið að ná verðbólgu fyrr niður. Til þess hefði þurft umtalsvert hærri stýrivexti, sem ekki þótti svara kostnaði. Haldist verðbólguhorfur verður unnt að lækka stýrivexti á fyrri helmingi næsta árs.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri lagði áherslu á að versnuðu verðbólguhorfur þá myndi bankinn grípa til aðgerða og útilokaði ekki frekari stýrivaxtahækkun.

Davíð sagði aðhald ríkisstjórnarinnar draga úr líkum á verri verðbólguhorfum. Í grunnspá bankans sé gert ráð fyrir sautján prósenta niðurskurði á þorskkvóta. Ákvörðun liggi hins vegar ekki fyrir en bankinn tekur tillit til þess þegar það verður.

Davíð sagði ákvörðun Íbúðalánasjóðs að lækka hámarkslán íbúðalána niður í áttatíu prósent skynsamlega. „Við gerðum athugasemdir við breytinguna í mars og teljum skynsamlegt að draga úr útlánaaukningu. Oft var þörf en nú er nauðsyn,“ sagði Davíð og áréttaði að bankarnir yrðu að taka í sama streng. „Menn eiga ekki að spýta í þegar spennan er mest,“ sagði hann. jonab@frettabladid.is

www.skalabrekka.is



# Á besta stað við Þingvallavatn




**Lóðirnar**

Nú eru aðeins örfáar lóðir undir frístundahús eftir í Skálabrekkulandi, á besta stað við Þingvallavatn. Lóðirnar, sem eru 8-12.000 fermetrar, hafa allar aðgang að vatninu hvort sem fólk vill veiða, kafa, synda eða sigla á vatninu. Þetta eru á meðal síðustu frístundalóða sem seldar verða við Þingvallavatn, þessa stórkostlegu útivistarparadís.

**Hús og lóð**

Einnig er mögulegt að fá geysilega vandað og glæsilegt heilsárshús ásamt lóð. Húsið, sem er 173 $m^2$ að meðtöldu gestahúsi og klætt með harðvið og báruáli, er tilbúið til innréttinga.

**Skálabrekkuland**

Landið er vestan við vatnið á skjólsælum og afar fallegum stað. Skálabrekkulandið er aðeins í um 30 mínútna fjarlægð frá Reykjavík og er greiður aðgangur að landinu allt árið.

**Hafðu samband!**

Kynntu þér málið á www.skalabrekka.is eða fáðu frekar upplýsingar hjá ráðgjöfum okkar.



Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
Sími 695 9500
hj@remax.is
www.remax.is



Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
Sími 663 3300
sb@remax.is
www.remax.is



Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
www.remax.is

RE/MAX Lind

# Marel stærsti hluthafi Stork

Marel er stærsti hluthafinn í hollensku iðnsamstæðunni Stork með 19,5 prósent hlutafjár. Verðmæti hlutarins nemur 300 milljónum evra, jafnvirði tæpra 25,2 milljarða íslenskra króna. Eignarhluturinn er skráður á hollenska eignarhaldsfélagið LME Holding en í því fara Landsbankinn og Eyrir Invest saman með 40 prósenta hlut hvor en Marel 20 prósent. Til samanburðar nemur markaðsvirði Marels rúmum 33 milljörðum króna.

Þetta kom fram á hluthafafundi Marels í gær en þar var samþykkt að veita stjórn Marels heimild til að hækka hlutafé um 100 milljónir króna að nafnvirði í 18 mánuði. Heimilt verður að ráðstafa hlutunum sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum eða til að fjármagna ytri vöxt fyrirtækisins.

Breska fjárfestingafélagið Candover hefur lýst yfir áhuga á því að gera yfirtökutilboð í Stork upp á 47 evrur á hlut. Tilboðið er háð samþykki 80 prósenta hluthafa og virðist fátt benda til að það hlutfall náist. - jab



**LÍNURNAR LAGÐAR** Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, og Hörður Arnarson, forstjóri, áður en þeir gengu inn á hluthafafund fyrirtækisins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Engin gúrkutíð á hlutabréfamarkaði

Engin ládeyða hefur verið á innlendum hlutabréfamarkaði í sumar eins og oft gerist á þessum árstíma. Heildarvelta með hlutabréf í Kauphöll Íslands nam 208 milljörðum króna í júní og jókst um 87 prósent á milli ára. Veltan í sama mánuði í fyrra var um 111 milljarðar króna.

Velta á fyrri helmingi ársins var alls 1.444 milljarðar króna sem var 34 prósentum meira en á sama tíma í fyrra. Veltan í ár er nú þegar orðin um tveir þriðju hlutar þess sem hún var á metárinu 2006 þegar hún nam alls 2.192 milljörðum króna.

Markaðsvirði hlutafjár var 3.565 milljarðar króna í lok júní og jókst um 87 prósent á milli ára. Samanlagt markaðsverð jókst um 83 milljarða frá maí eða um 2,4 prósent. - eþa

**HEILDARVELTA OMX-KAUPHALLA Á ÁRINU**

| Kauphöll | Velta í milljörðum |
|---|---|
| Stokkhólmur | 32.272 |
| Helsinki | 17.144 |
| Kaupmannahöfn | 8.149 |
| Reykjavík | 1.444 |

*Heimild: Kauphöll Íslands*



**ÓTTASLEGNIR FJÁRFESTAR** Gengi hlutabréfa féll um rúm fimm prósent á markaði í Kína í gær. Greinendur segja leiðréttingar þörf á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Fall á Kínamarkaði

Gengi kínversku SCI-vísitölunnar féll um 5,25 prósent í kauphöllinni í Sjanghæ við lokun viðskipta í Kína í gær en fjárfestar telja aukinn fjölda skráninga á hlutabréfamarkað og hlutafjáraukningu fyrirtækja veikja markaðinn.

Þá ætla kínversk stjórnvöld að gefa út ríkisskuldabréf fyrir jafnvirði 120 milljarða króna í því augnamiði að fjármagna erlendar fjárfestingar.

Stjórnvöld hafa markvisst dregið úr þenslu á markaðnum, ekki síst eftir harða gagnrýni um bólumyndun á kínverskum hlutabréfamarkaði. SCI-vísitalan hefur þrefaldast síðastliðið eitt og hálft ár, þar af tvöfaldast frá áramótum.

Hún rauf 4.000 stiga múrinn fyrr á árinu en hefur lækkað hratt upp á síðkastið vegna aðgerða stjórnvalda, svo sem með snarhækkun stimpilgjalda í maí. Hún situr nú í 3.615,87 stigum.

Greinendur hafa löngum varað við leiðréttingu á kínverskum hlutabréfamarkaði og gera ekki ráð fyrir því að markaðurinn austur frá hækki alveg á ný á næstunni. - jab



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Fjárfestingabankinn Straumur var ráðgjafi danska félagsins Property Group við fasteignakaup í Danmörku.

# Straumur styður fasteignakaup

Danska fjárfestingafélagið Property Group hefur fest kaup á 39 fasteignum í Danmörku, Straumur fjárfestingabanki var ráðgjafi við kaupin.

Fasteignirnar voru keyptar af félaginu Sampension, sem fór með eignarhlut fyrir hönd lífeyrissjóða dönsku sveitarfélaganna. Heildarstærð eignanna er tæplega 107 þúsund fermetrar.

Property Group leggur áherslu á fasteignakaup í Danmörku og hefur sett sér að markmiði að komast í hóp öflugustu fasteignafyrirtækja á Norðurlöndum innan fimm ára. - jsk





**Novator eignarhaldsfélag ehf.** vekur athygli á því að yfirtökutilboð þess í hlutafé Actavis Group hf. rennur út næstkomandi mánudag, **9. júlí, kl.16.**

Þeir hluthafar sem vilja samþykkja yfirtökutilboð Novators þurfa að skila rétt útfylltu samþykkiseyðublaði. Hægt er að skila eyðublaðinu með þrennum hætti:

- Til Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, merkt **„ACTAVIS YFIRTÖKUTILBOÐ"**
- Á faxnúmerið 410 3002
- Á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is

Samþykki hluthafa Actavis verður að hafa borist fyrir kl. 16:00 mánudaginn 9. júlí 2007. Hluthafar eru hvattir til að skila samþykkiseyðublaðinu rétt útfylltu hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um yfirtökutilboðið er að fá hjá Landsbanka Íslands hf. og á vefsíðu bankans, www.landsbanki.is. Ennfremur geta hluthafar haft samband við Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans í síma 410 4040 ef óskað er frekari upplýsinga, auk þess sem hægt er að senda fyrirspurnir á tölvupóstfangið Actavis-tilbod@landsbanki.is.

Landsbanki

NOVATOR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ákvörðun félagsmálaráðherra um lækkun lánshlutfalls skynsamleg:

## Hefur áhrif á væntingarnar

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Sú ákvörðun félagsmálaráðherra að lækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs er mikilvægt innlegg í baráttunni gegn verðbólgu. Þar með leggur ráðherrann mikilvægt lóð á vogarskálar þess að verja skuldug íslensk heimili fyrir hárri verðbólgu og stuðlar að því að vextir geti lækkað fyrr en ella.

Félag fasteignasala hefur barist fyrir því að lánshlutfall haldist hátt og fært fyrir því þau rök að þessi lán hafi ekki áhrif á eftirspurn á húsnæðismarkaði og valdi þar með ekki hækkun húsnæðisverðs og aukinni veltu. Nú er ljóst að fasteignasalar hafa af því nokkurn hag að mikið líf sé á fasteignamarkaði. Í ljósi slíkra hagsmuna má auðvitað velta því fyrir sér hvers vegna andstaða er af þeirra hálfu við lækkun lánshlutfalls, ef það hefur engin áhrif á markaðinn. Hinum rökum þeirra um að Íbúðalánasjóður tryggi samkeppni mætti allt eins svara með því að telja æskilegt að ríkið stofnaði fasteignasölu.

Staðreyndin er sú og það hefur komið fram í gagnrýni Seðlabankans og alþjóðastofnana að það er fordæmi ríkisins og inngrip á húsnæðismarkaði sem hvetur hann áfram og kyndir undir hækkun fasteignaverðs með tilheyrandi hækkunum.

Vera ríkisins á markaði skekkir myndina og því fagnaðarefni að félagsmálaráðherra taki á málum og hefji nú vinnu við að skerpa á félagslegum áherslum húsnæðiskerfisins á kostnað markaðsinngrips þar sem einkamarkaður á að vera fullfær um að veita almennilega þjónustu.

Opinn og frjáls markaður snýst um væntingar. Þannig hefur ákvörðun um lækkað lánshlutfall áhrif á slíkar væntingar og dregur þar með úr spennu í hagkerfinu. Seðlabankinn ákvað í gær að halda vöxtum óbreyttum, en það sem olli styrkingu krónunnar og breyttum væntingum á markaði var að í rökstuðningi bankans kom skýrt fram að ekki er fyrirhugað að óbreyttu að hefja lækkun stýrivaxta á þessu ári.

Undirliggjandi verðbólga er enn töluverð og hægar hefur dregið úr einkaneyslu en vonast var til. Hækkandi fasteignaverð á sinn þátt í því að heimilin treysta sér í meiri skuldir sem aftur veldur meiri neyslu. Það er því mikilvægur liður í að ná tökum á þenslunni að fasteignamarkaður kólni.

Stjórnvöld hafa undanfarin ár sýnt alltof lítinn skilning á mikilvægi þess að stýra væntingum á markaði í rétta átt. Þannig voru svartsýnisraddir jafnharðan kveðnar niður af ráðherrum á síðasta kjörtímabili. Afleiðingin er auðvitað sú að væntingavísitala sýnir taumlitla og óraunsæja bjartsýni.

Framundan er mikill niðurskurður aflaheimilda sem mun bitna hart á landsbyggðinni. Þegar við bætist hátt vaxtastig og sterkur gjaldmiðill verður vandinn víða úti á landi verulegur. Lækkun hámarksláns ætti því að vera talsmönnum landsbyggðar sérstakt ánægjuefni þar sem það stuðlar að mýkri aðlögun hagkerfisins og lækkandi vöxtum. Hætt er við að skammgóður vermir hárra húsnæðislána kólni hratt í þjóðarskónum og fúlni í þokkabót þegar bakreikningur verðbólgunnar verður sendur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




5 kr. afsláttur
þegar þú átt afmæli!

Þeir sem eru með dælulykil Atlantsolíu fá 5 krónu afslátt af lítraverði þegar þeir kaupa eldsneyti á afmælisdaginn sinn.



ATLANTSOLÍA

Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert gó, þótt Bó segði gó

Ökumenn á Hafnarfjarðarveginum rak í rogastans í fyrradag. Þar voru mótorhjólamenn á hægum akstri og þóttu þeir tefja fyrir umferðinni í kringum sig. Hægagangur vélhjólamanna hefði nú í sjálfu sér þótt saga til næsta bæjar, miðað við fréttir undanfarinna vikna. Einn vegfarandi vakti þó enn meiri athygli. Sjálfur konungur dægurlagatónlistarinnar, Björgvin Halldórsson, var næst á eftir rólegu hjólamönnunum. Segja aðdáendur sem sáu til hans að konungurinn hafi verið á hraðferð. Virtist hann afar óþreyjufullur, jafnvel reiður, yfir hægaganginum. Fræg er setningin: „Það er ekkert gó fyrr en Bó segir gó,“ en svo var ekki í þessu tilfelli.



### Hlunnindi landsbyggðarinnar

Skrítið er að hlusta á ramakvein þess efnis að lækkun lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs úr 90 prósentum niður í 80 bitni harðast á landsbyggðinni. Þar sem fasteignaverð er lægst! Það þarf ekki hagfræðimenntun til að átta sig á að hlutfallsleg lækkun „bitnar“ harðast á þeim sem ætla að kaupa sína fyrstu eign á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fasteignir eru langdýrastar. Í þessu tilfelli er fasteignaverð þvert á móti hlunnindi sem landsbyggðin hefur fram yfir höfuðborgina. Það er að segja ef við á annað borð gefum okkur að fólki sé sérstakur greiði gerður að geta keypt fasteign fyrir 90 prósenta lánsfé á vöxtum.



### Netapóstar

Fréttaskýringar Agnesar Bragadóttur um sjávarútvegsmál hafa uppskorið háðung og spé eyjaskeggja Eyjunnar.is. Viðbrögð Kompásmanna hafa þó verið af öðrum toga. Það er ef til vill ekki að undra því þeir sögðu afar áþekka sögu fyrir nokkrum vikum. „Er stórfellt kvótasvindl stundað með gámaþorsk?“ Munu þeir hafa sent henni stuðningsyfirlýsingu með netpósti, hið snarasta, eftir lestur greinarinnar. Í henni munu þeir hafa lýst yfir ánægju sinni með umfjöllunarefnið sem þeir hafi einmitt verið búnir að segja frá fyrir nokkru. Agnes mun þó ekki hafa litið á póstinn sinn nýlega því engin svör ku hafa borist Kompási.



karen@frettabladid.is

## Það sem koma skal?



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

**Í DAG** | Darfur

Ég var í Darfur fyrir 20 árum. Flóttafólk, hungursneyð, börn á vergangi og mæður sem enga hjálp sér gátu veitt, bændur þeirra á hrakningi undan vígasveitum. Hljómar kunnuglega? Reyndar eru sögurnar frá Darfur núna miklu verri. Hópnauðganir, fjöldamorð – og ennþá er hungursneyð, stríð, og vanmáttugt alþjóðasamfélag.

Ég veit ekki hvort margir Íslendingar hafi komið til Darfur í Súdan, sem nú er svartasti bletturinn á samvisku heimsins. Ég var þar þá, og þóttist sjá tvennt: Ótrúlegar hörmungar á „mel manna“ sem ég kallaði svo eftir Þorsteini frá Hamri í bók minni „Guðirnir eru geggjaðir“. Og baráttu um lífsbjörg. Síðan hef ég fylgst með í baksýnisspeglinum og reynt að átta mig á því sem þar gerist. Það virðist flókið, en er einfalt.

### Sögur af ólíku fólki

Margar fréttir af Darfur segja sögur af ólíku fólki til að skýra út þær hörmungar sem dynja yfir. Þarna eiga að vera arabar sem ráðast á svertingja og ólíkir trúarflokkar sem eiga ekki saman. Þetta eru einfaldar fréttaskýringar sem eru frekar til þess fallnar að fólk líti undan en reyni að skilja veruleika sem býr að baki. Þegar ég var í Darfur fannst mér málið einfalt: Þurrbrjósta mæður, veinandi brjóstmylkingar, sveltandi börn, horfallnir eiginmenn og feður; en stríðið var barátta um auðlindir.

Sahara, þessi ógnvænlega eyðimörk, skríður stöðugt suður og inn í Darfur. Undan eyðimörkinni hrekjast hirðingjar, sem eru arabar, með stórar hjarðir búsmala sem ekki finna beitiland. Svartir bændur sem erja land, lifa af skógi og því sem ræktað er, finna fyrir því: hjarðir ráðast á akra, skógum er eytt, þurrkar tæma vatnsból – lífið er búið.

*Baráttan um auðlindirnar hefur leyst úr læðingi allt það versta sem býr í mannskepnunni.*

Svo koma óðar sveitir morðingja sem kallast undarlegum nöfnum, en eru gerðar út til að hreinsa til í stríði um þverrandi auðlindir.

Úrkoma í Darfur minnkaði um helming á liðinni öld. Fólksfjöldi hefur sexfaldast á fjórum áratugum. Nú eru 6,5 milljónir manna á svæði sem brauðfæðir helmingi færri. Nei, þetta er ekki flókið og snýst ekki um trúarbrögð, kynþætti eða „pólitík“ – nema þá pólitík sem er æðri allri annarri og er baráttan um þverrandi auðlindir.

### Eyðimerkurvæðing

Í Darfur horfum við upp á verstu merki loftslagsbreytinga: Úrkoma minnkar, vatnsból tæmast, hjarðir sækja á skóga og eyða, jarðvegur eyðist þegar tré binda hann ekki lengur og bændur flosna upp, allir tapa. En enginn getur snúið dæminu við. Til að byggja hús þarf tugi trjáa, til að elda mat þarf meiri eldivið, til að næra hjarðir þarf vatn... en jafnvel ný vatnsból þorna upp. Í stríðinu sem af hlýst hafa 250.000 manns misst lífið og 2,5 milljónir manna farið á vergang; og nú þarf að flytja flóttamannabúðir í Tjad og El Fasher, höfuðstað Darfur, vegna vatnsskorts. Ég man þegar ég flaug með Herkúlesarflugvél frá Khartúm yfir til El Fasher og sat á matargjöfum sem voru kornpokar. Svo fór ég með þyrlum sem hentu niður matvælum til fólks þar sem þær flugu meðfram uppþornuðum árfarvegum. Á jörðu niðri reyndu starfsmenn líknarfélaga að bjarga því sem bjargað varð. Síðan eru liðnir tveir áratugir og heimurinn stendur frammi fyrir enn einni „krísunni“. Fyrir 20 árum var þetta algjörlega augljóst dæmi og er það enn. Baráttan um auðlindirnar hefur leyst úr læðingi allt það versta sem býr í mannskepnunni. Ég kom til El Fasher og man eftir flóttamannabúðunum sem þar voru. Ef að líkum lætur eru öll börnin sem þar voru þá löngu látin og hin sem bæst hafa í hópinn verða nú að hrekjast enn lengra undan stríði og þurrki.

### Hvað næst?

Á dögunum kom út spá alþjóðasamtaka sem fullyrða að meginbreytingin sem hlýnun loftslags valdi á komandi áratugum verði fleiri stríð. Er talið að 150 milljónir manna verði að hörfa undan þurrkum, flóðum eða öðrum náttúruhamförum, frá landsvæðum sem nú eru byggileg, en verða það ekki lengur. Þessi fólksfjöldi muni setja óbærilegan þrýsting á nærliggjandi svæði sem einnig verði illa úti og þar með valda átökum á borð við þau sem við nú sjáum í Darfur. Hvað ætla menn að gera þar? Máttur alþjóðasamfélagsins virðist ekki mikill gagnvart einni svona styrjöld. Hvernig ætla menn að svara tíu eða tuttugu slíkum auðlindastyrjöldum eftir álíka mörg ár og nú eru liðin frá því menn hófu fyrst að kasta korni úr lofti á Darfur?

*Höfundur starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu.*

## Víða rata gullasnarnir

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



EINAR SIGMARSSON

„Enginn múr er svo hár að asni, klyfjaður gulli, komist ekki yfir,“ er haft eftir Filipposi II Makedóníukonungi enda lágu nærliggjandi borgríki marflöt fyrir honum. Ekki var herkænskan minni hjá syninum. Sá lagði fleiri lönd að fótum sér en flestir enda enginn annar en Alexander mikli.

Ekki er ofmælt að álfurstar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hafi verið klókir að láta sveitarfélög ein um þá freistingu að sökkva fósturjörðinni með dyggri aðstoð orku- og virkjanafyrirtækja. Um leið var sveitarstjórnum í sjálfsvald sett hvort þær seldu þjóðarsálina við litlu verði og það þótt smjör drypi af hverju strái í heimahögunum. En varla er von á góðu þegar asnar Landsvirkjunar og Alcans vaga um héruð, skakkir og skældir af gullklyfjum.

Á dögunum höfðu gullasnar Landsvirkjunar þröngvað sér inn í tvö múruð sveitarfélög við Þjórsá þegar undur og stórmerki urðu: Þriðja sveitarfélagið, Flóahreppur, hækkaði sinn múr. En viti menn! Áður en haninn galaði fyrsta sinni kom asni kjagandi að skansinum. Áður en haninn galaði öðru sinni tók hinn klyfjaði útsendari að hrína af miklum móð, áfjáður í að vera leystur undan byrði sinni. Áður en haninn galaði þriðja sinni fór að gnesta í veggjum og marra í hliðum: Sveitarstjórnin mátti auðvitað ekkert aumt sjá! En þá brá svo við að þorri samsveitunganna sá í gegnum Trójuhestinn og vildi ekki líta við gýligjöfunum.

Vonandi verður meira lagt upp úr áliti hins almenna borgara í Flóa en í Ölfusi og víðar.

Hvernig skyldi nú allt virkjanabröltið – með tilheyrandi koltvísýringsblæstri – falla að háleitum sáttmálsorðum Þingvallastjórnarinnar um „samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda“? Og hversu grátt gæti hátt gengi leikið greinar eins og þekkingariðnað, ferðaþjónustu eða aðkrepptan sjávarútveg?

Á Ísafold að vekja aðdáun fyrir ósnortna náttúru, sjálfbærni og framsýni eða ímugust fyrir spjallaða náttúru, sérplægni og skammsýni?

*Höfundur er íslenskufræðingur.*

**Útileguvarningur** af ýmsu tagi er á lækkuðu verði hjá Ellingsen þessa dagana, bæði á Fiskislóð og Tryggvabraut. Tjaldljós, hitarar, pottasett og dýnur eru þar á meðal. Nefna má coleman-ferðaeldhús sem áður kostaði 33.686 en er nú á 19.900.




**Ís** án viðbætts sykurs er nýjung í ísbúðinni í Fákafeni. Hann er með ljúffengu vanillubragði og ætti að vera góð viðbót fyrir þá fjölmörgu sem eru að hugsa um línurnar.



**Barnaföt** fyrir 0-12 ára aldur eru á 10-40% afslætti á sumarútsölu verslunarinnar Hnokkar og hnátur á Skólavörðustíg 20. Heilsársföt á 10% afslætti en sumarföt á 40% afslætti.



# allt




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SJÓKAYAK NÁMSKEIÐ LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERÐIR
FRÁ REYKJAVÍK OG STYKKISHÓLMI
SÉRMENNTAÐ FAGFÓLK Í KENNSLU OG LEIÐSÖGN Á SJÓKAYAK
S:6903877




Brynhildur skreytir kökuna með hvítu súkkulaði ef hún vill hafa eldfjallið með jökulhettu og dökkt súkkulaði myndar hamrabeltin. Uppskriftin er á bls. 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Virk eldfjallakaka með hamrabelti úr súkkulaði

***Brynhildur Pálsdóttir á það til að baka vandræði. Raunar ekkert minna en náttúruhamfarir.***

„Þetta er hugmynd sem ég fékk þegar ég var í hönnunarnámi úti í Hollandi," segir Brynhildur sem búið hefur til uppskrift að köku sem líkja má við virkt eldfjall. „Ástæðan fyrir því að ég hugsaði um hönnunarverk úr deigi en ekki einhverju öðru efni er sú að ég hef áhuga á bakstri og finn að hann er eitthvað sem ég get gert betur en að logsjóða eða eitthvað slíkt. Mér finnst líka matargerð og matarhönnun spennandi viðfangsefni. Allir þurfa að borða og öllum finnst gaman að borða. Sem hönnuður er skemmtilegt að gera eitthvað sem allir geta notið.

Í Hollandi er varla til lófastór blettur ósnortinn. Því fór ég að hugsa um hvort það væri í lagi að maðurinn setti mark sitt á náttúruna að eigin geðþótta og í framhaldinu að hugsa um náttúruhamfarir í heimi þar sem maðurinn er að reyna að stjórna öllu. Mig langaði að búa til köku sem væri eins og náttúruhamfarir á matarborðinu. Þegar skorið væri í hana þá gæti hún sprungið, runnið niður á dúkinn, jafnvel eyðilagt borðið – eða ekki. Væri óútreiknanleg eins og náttúran. Þess vegna bjó ég til leiðarvísi að virkri eldfjallaköku sem er til sölu á Kjarvalsstöðum."

– Má þá ekki heimfæra svona sprengingu upp á allt sem mistekst í eldhúsinu?

„Jú, það getur verið ótrúlega fallegt að leyfa matnum að vera eins og hann vill. Þar sem við erum alltaf með völdin og að reyna að stjórna getur verið gott að leyfa hlutum að gerast bara. Við getum kallað það stjórnlausa matargerð."

*gun@frettabladid.is*




Osta- og ólífubrauð að hætti Jóa Fel
- full af ólífum og hvítlauk
Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.

EINSTAKT TILBOÐ:
SKY HD MÓTTAKARI
aðeins 79.000 kr.
sky sky movies SKY SPORTS SKY NEWS



SKY ÁSKRIFTARKORT AÐEINS 1 KR.
EF KEYPTUR ER MÓTTAKARI!
Sky HD er bylting í sjónvarpstækni



Upplýsingar í símum:
820 3712 og 820 5280 og sky@internet.is

**Matur** er ekki bara matur. Ásýnd, áferð, lykt og bragð skiptir líka máli. Hvort sem maður eldar fisk á miðvikudegi eða hátíðarmáltíð fyrir afmæli. Fallegur matur er allt önnur upplifun sem gefur lífinu lit.










Guðmundur til vinstri ásamt hluta hópsins sem stendur á bakvið Lifandi.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Lifandi, ekki hrátt

***Á Lifandi.is á Ingólfsstræti 8 er boðið upp á hráfæði og aðra hollustu.***

„Lifandi.is er veitingahús þar sem boðið er upp á hráfæði en á bakvið hann stendur áhugafólk um hollustu og hráfæði," segir Guðmundur Ragnar Guðmundsson, einn eigenda staðarins, og bætir við að heitið sé tilkomið þar sem hópurinn líti frekar á fæðuna sem lifandi en hráa. Orðið hrátt sé þar að auki gjarnan notað yfir kjöt, sem ekki verði á boðstólum í Lifandi.is.

„Hér verða hins vegar alltaf góðir aðalréttir í boði, grænmetisbuff ásamt vel útilátnu meðlæti," segir Guðmundur. „Það er þó alveg viðbúið að fólk sjái í fyrstu ekki muninn á því og jurtafæði.

Svo verður hægt að fá súpu dagsins og eins orkusúpur, eins og fólk lærir gjarnan um á námskeiðum um hráfæði. Þá eru óupptalin salöt, smoothies, ávaxtasafar, kökur og te. Það er kannski rétt að taka fram að teið er það eina sem ekki er hundrað prósent hrátt á staðnum."

Að sögn Guðmundar er hugmyndin með neyslu hráfæðis sú að borða minna af unninni matvöru, þar sem talið er að hún hafi skaðvænleg áhrif á heilsuna. „Það sama gildir um eldaðan mat. Við teljum að hann glati næringarefnum við of mikla hitun, auk þess sem ákveðin efnasambönd myndist, sem líkaminn getur ekki unnið úr. Svo hafa efnasambönd í brenndum mat slæm áhrif á líkamann. Þess vegna er ekki farið yfir 46 gráður þegar hráfæði er hitað."

Guðmundur hvetur sem flesta til að kíkja í heimsókn og smakka á matnum, þótt það sé ekki nema til að fá smá tilbreytingu, en til að lesendur hafi skýrari hugmynd um matinn var hann svo vænn að gefa uppskrift að girnilegum bollum.

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið (með hnífi). Gerið um það bil 24 litlar kúlur.

Setjið í þurrkofn í átta tíma. Snúið kúlunum reglulega svo þær verði stökkar á öllum hliðum.

Berið fram með grænu salati og ananas/hvítkálssalati.

**„NEAT" BALLS**

**2/3 bolli valhnetur, lagðar í bleyti yfir nótt**
**2/3 bolli sólblómafræ, lagðar í bleyti yfir nótt**
**2/3 bolli möndlur, lagðar í bleyti yfir nótt**
**1 tsk. fínt skorinn hvítlaukur**
**1/2 tsk. sjávarsalt**
**1/4 bolli söxuð fersk steinselja**
**1/4 bolli saxað sellerí**
**1/2 bolli vatn**
**2-3 cm af fersku söxuðu engifer**
**2 tsk. saxaður laukur**
**2 tsk. fersk rósmarín (eða 1 tsk. þurrkuð)**
**2 tsk. fersk salvia (eða 1 tsk. þurrkuð)**
**1/2 tsk. cumin-fræ**
**1/4 bolli extra virgin-ólífuolía**

**ANANAS/HVÍTKÁLSSALAT**

**1/2 ananas**
**1/2 paprika**
**1/4 hvítkálshaus**
**2 msk. svört sesamfræ**

Allt skorið í bita og blandað saman. Hvítkálið skorið fínt.

*roald@frettabladid.is*



Á Lifandi.is er boðið upp á hráfæði.

# Súkkulaðieldfjallið góða

***Brynhildur Pálsdóttir kveðst nota hefðbundna uppskrift að amerískri súkkulaðiköku. Þessi dugar í eitt gott fjall.***

Þurrefnunum er blandað saman. Þá er smjörinu og mjólkinni bætt útí og hrært í tvær mínútur. Síðan koma eggin og vanilludroparnir og þá aftur hrært í tvær mínútur. Deigið er sett í mót sem búið er til úr álpappír og bakað við 180 gráðu hita. Síðan þarf að fylgjast með hvenær kakan er bökuð í gegn, til dæmis með því að stinga í hana prjóni. Lögunin á mótinu hefur áhrif á bökunartímann.

Meira vill Brynhildur ekki gefa upp um gerð kökunnar en tekur fram að leiðarvísir um framhaldið fáist á Kjarvalsstöðum.



Eldfjall með þykkri íshellu sem myndar skriðjökla niður á láglendið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er auðvitað svolítið brútal terta. Hún er mjög bragðgóð en þó meira gerð til að skapa stemningu," segir hún að lokum.

**SÚKKULAÐIELDFJALL**

**¼ tsk. creme of tartar (ef það er ekki til má nota 1 tsk. af sítrónusafa)**
**½ bolli hveiti, sigtað**
**1 og ¼ bolli sykur**
**½ bolli kakó, líka sigtað**
**1 og ¼ tsk. matarsódi**
**1 tsk. salt**
**150 g smjör**
**1 bolli mjólk**
**2 egg**
**1 tsk. vanilludropar**


Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




*Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.*

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

*Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.*

Grafika 03/2007

**Tískufatnaður** er á útsölu víða í júlí, bæði notuð föt og nýr tískufatnaður svo nú er tíminn til að gera góð kaup og fylla fataskápinn. Aldrei að vita nema jólakjóllinn leynist einhvers staðar í sólinni.





Sólveig er meðlimur í Kvenfélaginu Garpi, sem vinnur að uppsetningu á leikritinu Blackbird með Hafnarfjarðarleikhúsinu.

# Kaupir alltaf of litla skó

*Sólveig Guðmundsdóttir leikkona er skynsöm á flestum sviðum, nema hvað skókaupum viðvíkur.*

„Ég gerði tvímælalaust mín bestu kaup þegar ég keypti íbúðina mína. Hún er einfaldlega svo björt og falleg og ekki spillir einstakt útsýnið fyrir,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir leikkona, sem býr í 70 fermetra stórri íbúð á Laufásvegi.

Sólveig hefur átt íbúðina í fimm ár og þakkar móður sinni kaupin, þar sem hún fann íbúðina á meðan dóttirin var í námi erlendis. „Það var verið að gera íbúðina upp þegar mamma leit við en það kom ekki að sök og hún féll kylliflöt fyrir henni.

Ég átti þá íbúð fyrir, sem ég hafði aldrei búið í heldur leigði út. Hún var seld og þessi keypt í staðinn. Hér er frábært að búa og óhætt að segja að mamma hafi hitt naglann á höfuðið. Kannski ætti hún bara að stofna ráðgjafarfyrirtæki fyrir fólk í húsnæðisleit.“

Sólveig er jafnframt að velta því fyrir sér hvort skynsemi móðurinnar komi að eins góðum notum í skókaupum, sem eru yfirleitt verstu kaup sem leikkonan gerir. „Mamma gæti þá kannski afstýrt því að ég keypti enn eitt skóparið í of litlu númeri,“ segir hún hlæjandi.

„Ég skil ekki hvernig á þessu stendur, en ég er alveg hrikaleg á þessu sviði og stundum er ég með hælsæri undan skónum. Kannski er þetta eins og með stjúpsystur Öskubusku, sem tróðu sér í of litla skó.

Ég er samt að reyna að venja mig af þessu og um daginn hafði ég vit á að skila of litlum afmælisskóm. Ætli ég þurfi ekki bara hjálp.“

Sólveig segist vita til þess að fleiri eigi við þennan vanda að stríða en vill þó ekki meina að skynsamlegt sé að stofna stuðningshóp í kringum þolendurna. „Það gæti nú orðið svolítið hættulegt,“ segir hún. „Við værum vísar með að enda í einhverri skókaupavitleysu.“

*roald@frettabladid.is*

## Útsala útsala

SUMARÚTSÖLUR ERU HAFNAR Í FJÖLDA VERSLANA UM LAND ALLT.

- Debenhams í Smáralind býður 30 til 70 prósenta afslátt af völdum vörum.
- Tískuvörubúðin Dorothy Perkins býður 50 til 70 prósenta afslátt af öllum vörum.
- Útsala er hafin í versluninni Evu galleríi við Laugaveg 91. Þar eru útsöluvörur með 40 prósenta afslætti.
- Sand Woman í Kringlunni boðar 40 prósenta verðlækkun.
- Útsalan er hafin í Ikea og stendur til 29. júlí. Fínt fyrir þá sem vilja lífga upp á heimilið í sumar.
- Allar útsöluvörur (fatnaður og skór, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvara) í Hagkaupum eru á 250 til 2.000 krónur.
- Útsalan er hafin í Englabörnunum á Laugavegi 51.







## Betra sumar í Byko

*Í Byko fást alls konar sumarvörur.*

Í verslunum Byko er nú hægt að fá ýmsar sumarvörur á góðu verði. Má þar nefna ferðagasgrill á 5.880 krónur, kælibox á 5.990 krónur og sláttuvél á 19.900 krónur. Auk þess er 25 prósenta afsláttur af allri viðarvöru og málningu í verslununum.





STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Vissir þú að það kostar bara 2.900 kr. að framkalla 100 myndir
Drífðu þig að láta framkalla stafrænu myndirnar!
www.myndval.is
Álfabakka 14 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is



Reiðskólinn Faxaból, Reiðhöllinni í Víðidal

Eigum laus pláss á námskeið sem hefjast 9. júlí, 23. júlí og 7. ágúst fyrir byrjendur og framhaldshópa

Nánari upplýsingar og skráning í síma 822-2225 eða á faxabol.is







REIÐSKÓLINN FAXABÓL

Faxaból 11. Víðidal
Sími: 822-2225


## Tölvur á tilboði

*Harðir diskar, margmiðlunarspilarar og ferðatölvur á tilboði.*

Tölvutek í Borgartúni er með nokkur sumartilboð í gangi. Til að mynda má fá Acer 2480 á 59.900 krónur. Sarotech-margmiðlunarspilari með fjarstýringu sem les og spilar flest alla staðla fyrir mynd og hljóð fæst á 23.900 krónur en 14.900 án harðs disks.

25 stykki af DVD-diskum frá Samsung og Verbatim kosta 1.990 krónur.



Sarotech abigs-margmiðlunarspilari fæst á 23.900 krónur.


Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**VIRKA DAGA 8–18**
**UM HELGAR 11–16**

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabankinn



Daewoo Nubira 4/2005 ek. 55 þús. km ssk. 4dyra 5 diska magasín allt rafdrifið fallegur bíll ásett verð 1290 þús. lán 1030 þús. 17 á mán. fyrsta greiðsla 1 sept. 07 fæst gegn yfirtöku láns Bílabankinn 588 0700 breiðhöfða 11.



Coleman Taos 7/2002 miðstöð vaskur 220 volt gaskútur verð 690 þús. Lán 665 þús. 12 þús. á mán fysti gjaldagi í okt. 07. Bílabankinn 588 0700 Breiðhöfða 11.



Ford Transit 8/1998 ek. 168 diesel ásett verð 500 þús. tilboð 250 þús. möguleiki á 100% láni. Visa/Euro Bílabankinn 588 0700 Breiðhöfða 11.



Yearling 120 2005 2x Rafgeimar, 2X gaskútagrind, skyggni, miðstöð, ískápur og vaskur. Verð 1350 lán 1200 þús. 19 þús á mán. Tilboð 1260 þús. Bílabankinn 588 0700 Breiðhöfða 11.



Rokkwood 8.5 fet 1999. Verð 450 þús. Bílabankinn 588 0700 breiðhöfða 11.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



MAZDA 3 árg 1/2006 ek 46.þ km, 5 gíra, 1.6L. Verð 1.590.þ áhv 1.240.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

X4 ehf.



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**
**www.x4.is**



Mercedes-Benz



Mercedes Benz E 200 K árg. 07.2004 mod 2005. Ekinn aðeins 33 þ. km. Cubanit metallic, sjálfskiptur, álfelgur, gler topplúga ofl. Verð kr. 3.450.000,- Upplýsingar í síma 897 1928.

**Auto Reykjavík**
**Krókhálsi 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 569 3300**
**http://www.mercedesbilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



Renault Master rúta árgerð 2005, 18 manna, stærri vélin 150 hö, ekinn aðeins 60 þús. km., mjög vel útbúinn sk. '08, 100% lánað, verð kr. 3.890.000. S. 821 6292.



Renault Master pallbíll árgerð 10/2004, 3 manna, diesel, ekinn 90 þús. km., þjónustubók, sk. '08, 100% lánað, verð 1.980.000,- m.vsk. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu




Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



M Benz S600 árg. '92. Ek. 210 þ. Leður, 19" orginal AMG felgur. Flottar græjur og mikið meira. S. 848 6700.



Til sölu tveir GMC bílar, annar með skífu og hinn með palli, báðir diesel, árg. '82 & '84. S. 892 8028.



Nýr fleygur til sölu, 650 kg, með 4" stáli. S. 892 8028.



Lyftur til sölu, frá 28 metra hæð niður í 7 metra. S. 892 8028.



Toyota Previa '02, 7 manna, ek. 106 þús. Sk. '08, mjög vel með farinn, nýsmurður, filmur. Áhv. 1.624 þús. Yfirtaka á láni + útborgun. S. 822 0908.



**Draumabíll til sölu!**
Volkswagen Passat luxus útgáfan árg.' 06. Ek. 33.000. Ný búinn ad skipta framdiska og bremsur allan hringinn, (er með nótu). Var ad koma úr 30.000 km skoðun hjá Heklu. Bíll með öllu verð 3.200.000. Palli s. 863 6651.



Hyundai Getz 10-2006, 1600, með sportinnréttingu, ekinn 5500km, bsk. Verð 1.200 þús. Upplýsingar í síma 861 6260.



**Mótorhjólafatnaður frá**
Eigum til mótorhjólafatnað á frábæru verði í leðri og goretex í öllum stærðum Goretex gallar frá: 29.900. Leður gallar 36900. Leður vesti 7900. Leðurstígvél 9900. Hanskar frá 1400 Komið og gerið góð kaup á vönduðum gæðafatnaði. Sky Trading ehf símar 892 1116 og 892 5005.



Getum útvegað 2008 árgerðina af Ford F-250 og 350 King Ranch eða Lariat með 6.4l díselvélum með stuttum fyrirvara á góðu verði. Uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



Til sölu Toyota Corolla Árg.'97 Sk.'08 5 gíra, góður og fallegur bíll. Uppl. í s. 698 1782.

Kvartmíluklúbburinn

Kvartmílukeppni laugardaginn 07. júlí kl. 13 við Kapelluhraun. Ný og öflug tæki. Skráning á vallifudd@msn.com www.kvartmila.is



VW Golf, 1600, 16v. Ek. 64þ. Mjög vel með farinn bíll. Verð 1.110þ. Bsk., CD, álfelgur. Uppl. gefur Árni í s. 617 1703.



Ford Econoline 150, með V8 5,4. árg. '97. Ek. 136.000 Mílur. Ferðabíll með 4 stólum og einum bekk. Verð 1490 þús. Uppl. í s. 898 5563.



Mazda 6 Station 2,0 L, árg. 06/06. Ek. 14 þús. Ssk. Krókur, filmur, álfelgur, sumar/vetradekk. Einn með öllu. Engin skipti. Verð 2.490 þ. Stgr. 2.350 þ. Ekkert áhvílandi. Uppl. í s. 866 7906.



Toyota Yaris árg. 2003. 1300 vél, álfelgur, geislaspilari og samlitur. Verð 1130 þús. Upplýsingar í síma 895 9089.



Toyota Corolla árg. 1996. fínn bíll með spoiler og geislaspilara. Verð 270 þús. Upplýsingar í síma 893 6404.



Toyota 4 runner disel turbo, árg. 1994, ek. 217 þús. km. 35" breyttur, 5 gíra, topplúga, cd. Góður bíll. Ásett verð 1.200 þús. Eða tilboð. Eingin skipti. Uppl. í s. 566 7480 & 578 5070 & 855 3098, Jóhann.



Dosge Ram 2500 Larami árg. 2006 ekinn 90 þ. Leður, topplúga. Góður bíll. Verð 4360. S.898 2811 www.plusgallery.is



Dodge Ram 1500 Sport 5,7 Hemi árg. 2006 ekinn 46 þ. km. Verð 3490. www.plusgallery.is. s. 898 2811.



Ford F350 Lariat 6,0 Diesel árg. 2005. Leður 6 manna ofl ofl. Gott verð með VSK. www.plusgallery.is s. 898 2811.

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Til sölu góð Mazda árg. '88 Staðgreiðsla 70 þús. Uppl. í s. 421 1681 & 847 5278.

Cherokee árg.'88. Ek. 208 þús. Vél 80 þús. Upphækkaður um 2". Ssk. Tilboð. Uppl. í s. 660 2559.

Tjónaður Skoda Octavia ökuhæfur til sölu. Uppl. í s. 821 9508.

Til sölu Kia Sortage '02. Ek. um 70 þ. Góður bíll. Uppl. í s. 892 4724.

Land Rover Discovery árg. '99. Ek. 149 þús. Dísel. Verð 1,4 millj. Litur vel út. Uppl. í s. 690 2078.

Til sölu vel með farinn Comby Camp family árg. '95. 2-3 ára fortjald. Nýlegir flexitorar, góð dekk, verð 240 þús. Uppl. í s. 869 1756.

## 0-250 þús.



Nissan Almera árg. '96 til sölu. Verðhugmynd 150 þúsund. Uppl. í s. 691 9467.

Tækifæri fyrir laghenta. Peugeot 306 '99. Þarnast lagfæringar. Selst á aðeins 49þ. S. 891 9111.

**100 þúsund!**
Hyundai Elantra. Lítur vel út og í góðu ásigkomulagi. Fæst á 100 þús. S. 844 5222.

VW Golf árg. '98 ný skoðaður, í góðu standi. Ek. 136 þús. Verð 250 þús. Uppl. í s. 863 7792.

## 250-499 þús.



**Sparneytinn**
og vel með farinn Renault megane coupe, 1.6 vél, beinskiptur, 3dyra, rafmagn í rúðum, ekinn 113þús. Góður bíll. VERÐ- 150.þús út og yfirtaka á láni sem er nú 300.þús. Endilega hafið samband og gerið tilboð í síma 865 1422, Hafsteinn.



Til sölu Opel Astra 1,6 16v árg. '00, 5 gira. Ek 76000 km. Rafmagn, CD, álf., spoilerar, kastarar, fallegur bíll. Uppl. í s. 898 7473.

Renault Kangoo árg. 98 ekinn 120 þ.km. Allt nýtt í bremsum og allar hjólalegur nýjar. Verð 270 þ.kr. Uppl. í s. 895 9590.

Daewoo Matiz SE árg. 2000 til sölu. Ekinn 91 þ. km. Næsta skoðun 2008. Verð 300 þ. kr. Uppl. í s. 896 8683.

## 500-999 þús.



Honda CRE250 árg. 2006, komið á götuna í april 2007. Götuskráð og ekið aðeins 9 klst., mjög vel farið. Uppl. í síma 663 0633.

**!! Gefins !!**
MMC Galant V6 ssk. árg. '98 ek. 150 þ. Verð 590 þús. Góður stgr. afsláttur. S. 868 5090.

## 1-2 milljónir



Honda HRV 2004 ek. 67.000, 4wd góður fjölskyldubíll. Verð 1.250 þús. S. 899 3702, Arnar.



Renault Megan Saloon,Árg04,E-60Þ,Ssk,Cd, Fæst gegn yfirtöku á 1430Þ,6618197.



Renault Laguna,Árg 10/02,E-33Þ,Ssk,Cd,100% Lán 1180Þ,19Þ pr mánuð,820-0151

SiRKUS

6. JÚLÍ 2007 ■ Sveppi kaupir einbýlishús ■ Geggjuð gæsun Emilíu í Nylon...



Helga Dýrfinna er á leið í ungfrú Tourism

# ALGJÖR GLAMÚR GELLA

SIRKUSMYND/ANTON BRINK

# fréttir

NÝ STRÁKAHLJÓMSVEIT, LUXOR, HEFUR LITIÐ DAGSINS LJÓS EN UM HUGARFÓSTUR EINARS BÁRÐARSONAR ER AÐ RÆÐA. SIRKUS ATHUGAÐI HVERNIG FJÓRUM ÍSLENSKUM KONUM LEIST Á KAPPANA.

# TÖFFARAR Í STRÁKABANDI



LUXOR Frá vinstri: Arnar, Edgar, Rúnar, Heimir og Sigursveinn.

**Heimir Bjarni Ingimarsson** 27 ára Akureyringur og bróðir Sigga kapteins úr X-factor. Heimir fékk sína fyrstu skólun í tónlist hjá sjálfum Ingimar heitnum Eydal og hefur síðan verið syngjandi í kórum, hljómsveitum, sönghópum og sem einsöngvari. Hann kláraði framhaldsstig í klassískum söng og fór svo í 6 mánaða nám í pop, rock og jazz í The London Music School. Núna er hann í söngkennaranámi í Complete vocal technique.

**Edgar Smári Atlason** 25 ára úr Reykjavík. Edgar byrjaði að syngja 2ja ára og hefur ekki hætt síðan. Hann hefur sungið með Gospelkór Reykjavíkur í 7 ár og hefur sungið á fjölda tónleika á þeirra vegum. Edgar hefur hefur lokið 2.-3. stigi í tónlist en skóli lífsins segir hann þó hafi kennt sér einna mest.

**Sigursveinn Þór Árnason** Hinn Akureyringurinn í Luxor er kærasti söngkonunnar Regínu Óskar. Svenni er 24 ára og tók þátt í prufunum í þeirri von að komast í hóp góðra söngvara og fá tækifæri til að vinna að plötu. „Ég hef mjög góða tilfinningu fyrir þessu. Þetta er sterkur hópur og það sem af er höfum við haft mjög gaman og ég held að þetta sé spennandi tækifæri."

**Rúnar Kristinn Rúnarsson** Tvítugur og yngstur í hópnum. Hann er frá Vestmannaeyjum og hefur átt sér þann draum að sinna tónlist sem aðalstarfi. „Þetta eru skemmtilegir strákar og ég held að okkur eigi alls ekki eftir að leiðast. Mig langar líka að geta unnið við að flytja tónlist. Það er ekki sjálfsagt á Íslandi en væri ákaflega gaman og þess vegna stökk ég á þetta tækifæri."

**Arnar Jónsson** 22 ára, fæddur og uppalinn í Árbænum. Arnar hefur aldrei lært söng en ákvað að slá til og mæta í prufurnar. „Draumurinn er að gerast söngvari. Vera partur af þessum hópi, sem samanstendur af skemmtilegum og góðum söngvurum, sem leggja allt í þetta. Ég var í kór í Árbæjarskóla þegar ég var ungur og tók seinna þátt í söngvakeppnum en þetta er sannarlega stærsta tækifærið til þessa."

## HVAÐ FINNST STELPUNUM?



**Spennt að heyra frá þeim** „Þeir eru allir mjög myndarlegir og flottir í þessum jakkafötum og ég hlakka til að heyra þá syngja. Þeir líta vel út og virðast vera nógu gamlir til að höndla álagið. Þetta eru óþekkt andlit en ég er spennt að heyra í þeim."
**Jóna Kristín Heimisdóttir, ungfrú Reykjavík 2006**



**Sigursveinn er sætastur** „Mér líst ágætlega á þá og það eru nokkrir þarna á milli sem vel er hægt að horfa á. Þetta lítur út fyrir að vera svona El Divo dæmi og ég er forvitin að vita hvað kemur út úr þessu. Sigursveinn er hiklaust sætastur og það er alveg hægt að horfa á Arnar líka. Það verður spennandi að fylgjast með hvað Einar Bárðar ætlar sér með þá, vonandi fer hann ekki út í West Life eða eitthvað svoleiðis."
**Guðný Pála Rögnvaldsdóttir söngkona**



**Minna á El Divo** „Þetta eru huggulegustu menn og minna á grúppuna El Divo. Það er samt lítið að marka eina mynd og ég er spennt að heyra í þeim, heyra hvort þeir geta sungið. Að mínu mati bera Arnar og Svenni af á þessari mynd. Það er spes sjarmi yfir Arnari, hann er svona latínó gaur en Svenni er líkari Brad Pitt, hann er svona metró. Hinir eru líka huggulegir, meira nice gæjar."
**Guðbjörg Hermannsdóttir, fyrrum fegurðardrottning**

**Skiptir mestu að þeir geti sungið** „Þetta eru ekki mínar týpur en þeir eru fínir í þessum jakkafötum. Ég vona að þeir geti sungið, það skiptir mestu máli. Það er svo hallærislegt þegar verið er að hóa saman svaka gæjum eða píum og breyta svo röddunum í hljóðveri. Þeir líta út eins og óperuband en ég er spennt að heyra í þeim."
**Þórdís Brynjólfsdóttir handboltakona**





**Minna á karlakór** „Mér líst nokkuð vel á þá miðað við að hafa aldrei heyrt í þeim. Þeir mættu samt vera meiri töffarar, þeir minna mig svolítið á karlakór. Svenni er klárlega sætastur, enda er hann að norðan. Ég hlakka mikið til að heyra í þeim og sjá hver útkoman verður."
**Selma Ósk Höskuldsdóttir, fyrrum Ungfrú Norðurland**

## Heyrst hefur

### Durex-maðurinn

Húðflúrin sem fólk fær sér í dag eru af öllum stærðum og gerðum. Þannig var ungur piltur, sem blaðamaður Sirkuss rakst á fyrir tilviljun á Shell-bensínstöðinni í Öskjuhlíð, með merki Durex-smokkaframleiðandans húðflúrað aftan á hálsinum. Pilturinn sagðist hafa fengið sér húðflúrið sér til gamans. Þegar blaðamaðurinn óskaði eftir viðtali við hann og bað um símanúmer stóð ekki á svari piltsins. Hann nefndi tvo fyrstu tölustafina í símanúmerinu „...og svo slærðu bara inn Durex."

durex

### Hræringar í veitingahúsabransanum

Töluverðar hræringar hafa verið í veitingahúsabransanum síðustu vikur. Fyrirtækið 101-heild hefur selt **Kaffi Viktor** en keypti þess í stað **Kaffibrennsluna**, sem mun opna að nýju í dag. **Tómas Kristjánsson** og félagar í 101-heild eru með puttana víða í veitingahúsabransanum en meðal veitingastaða sem fyrirtækið rekur má nefna **Thorvaldsen**, **Silfrið**, **Sjávaréttakjallarann** og **Sólon**. Þá hefur **Kaffi Kósý** hætt rekstri en staðurinn var lengst af vinsæll samkomustaður samkynhneigðra.










HEIÐARGERÐI Fjölskyldan flytur úr Grafarholtinu í smáíbúðahverfið. MYND/VILHELM

# Sveppi kaupir sér einbýlishús



Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi úr Strákunum, hefur keypt einbýlishús að Heiðargerði 106 í Reykjavík. Síðustu ár hefur Sveppi búið með fjölskyldu sinni, konu og tveimur börnum, í fjölbýlishúsi að Gvendargeisla 10 í Grafarholti. Nú ætlar fjölskyldan hins vegar að breyta til og koma sér fyrir í litlu sætu einbýlishúsi – húsi sem minnir einna helst á vistarverur Kalla á þakinu eða annarra persóna úr ævintýrum Astridar Lindgren.

Húsið að Heiðargerði er 147 fermetrar, gult og með rauðu þaki. Fyrir framan húsið er brunahani í sömu litum. Sveppi og frú reiddu fram 43 milljónir fyrir litla sæta húsið en það á ábyggilega eftir að fara vel um fjölskylduna þar þótt smá bið verði eftir að hún flytji inn. Sveppi vildi ekkert tjá sig um húsakaupin þegar blaðamaður Sirkuss náði tali af honum. Í helgarútgáfu Rásar 2 um helgina sagði hann hins vegar að fjölskyldan fengi ekki húsið fyrr en um miðjan ágúst. Þangað til verður Sveppi og fjölskylda að búa inni á tengdamóður hans.

Þegar Sveppi flytur inn í Heiðargerði er hann kominn nær æskufélaga sínum, Eiði Smára Guðjohnsen knattspyrnukappa, sem býr í gullfallegu húsi við Haðarland 20 í Fossvoginum.



# Öryggi og þægindi alla leið RECARO barnabílstólar.



Einstakir stólar 9- 36kg sem vaxa með barninu, fjaðrandi álgrind örtrefja áklæði, hátalarar í höfuðpúða, úrval aukahluta.





Afar öruggur. fyrir 9- 36kg með sérstakri hliðarvörn, örtrefja ákæði.

# Glæsileg Disney sólskyggni í bílinn



Cars sætishlíf með borði og vösum

Cars sólskyggni McQueen

Cars sólskyggni McQueen+Matter

Cars sólskyggni McQueen+Luigi



Andrés sólskyggni

Andrés+ höfrungar

Andrés+Andréssína

Nemo+Dóra

Princess

Princess

# Sunshine kids aukahlutir



Easy View
Stór og góður spegill sem hægt er að snúna 360° auðvelt að festa -afar skýr

Lock-Tite
Smella til að halda öryggisbeltum saman.
aðeins ætlað 5p öryggisbeltum fyrir stóla upp að 18kg.

Super Mat
Motta til að setja undir barna-bílstól.

Stuff'n Scuff
Vörn fyrir framstólinn með vösum, festist á höfuðpúðann.

Side-Rider
Clip-On karfa - úr mjúku efni sem gefur vel eftir. Hægt að smella eða krækja. Passar á öll sæti.

## Útsölustaðir:

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16
sími .5672330
www.bilasmidurinn.is

Baby Sam
Smáralind og Skeifunni
sími : 568 2200

Fífa barnavöruverslun
Bíldshöfði 20
( Húsgagnahöllin )

Barnafataverslunin Spez
Hafnarstræti 106
sími . 461133
Akureyri

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
sími . 4604300
Akureyri

Bílasala Suðurlands
Fossnesi 14
sími . 4808000
Selfossi

SKÍFU LISTINN

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | 100 Íslensk 80's lög |
| 2 | Ljótu Hálfvitarnir | Ljótu Hálfvitarnir |
| 3 | Garðar Thor Cortes | Cortes 2007 |
| 4 | Jógvan | Jógvan |
| 5 | Ýmsir | Number 1 3CD |
| 6 | Mika | Life in Cartoon Motion |
| 7 | KK og Maggi Eiríks | Langferðalög |
| 8 | Ýmsir | Pottþétt 43 |
| 9 | Hvanndalsbræður | Skást of |
| 10 | Gus Gus | Forever |
| 11 | Q.T.S.A. | Era Vulgaris |
| 12 | Björk | Volta |
| 13 | Lay Low | Please Don't Hate Me |
| 14 | Ýmsir | Óskalög Sjómanna (2CD) |
| 15 | White Stripes | Icky Thump |
| 16 | Bon Jovi | Lost Highway |
| 17 | Ýmsir | Icelandic Folksongs & Other F. |
| 18 | Klaufar | Hamingjan er björt |
| 19 | Amiina | Kurr |
| 20 | Ólöf Arnaldsdóttir | Við og við |

Listinn gildir vikuna 28. júní - 5. júlí 2007

100 íslensks 80's lög

Á toppnum trjónir nýjasta safnplatan í 100 seríunni. 100 íslensk 80´s lög sem enginn má láta framhjá sér fara. Nostalgía af bestu gerð og ekki skemmir að þarna er að finna lög sem aldrei hafa komið út á geisladisk.





Ljótu hálfvitarnir

Spútknikk hljómsveitin er án efa Ljótu Hálfvitarnir sem koma sterkir inn á sölulista Skífulistans. Gott íslenskt grín í bland við góða tónsmíði…

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N


NYLON-STELPURNAR BRUGÐU Á LEIK FYRIR VÆNTANLEGT BRÚÐKAUP

# Geggjuð gæsun hjá Emilíu í Nylon

Þessi dagur var akkúrat eins og ég vildi hafa hann," segir Emilía Björg Óskarsdóttir, söngkona úr stúlknasveitinni Nylon, sem var gæsuð af vinkonum sínum um miðjan maí og það allsvakalega.

„Stelpurnar plötuðu mig í viðtal hjá Ívari Guðmundssyni á Bylgjunni og það er kjánalegasta viðtal sem ég hef farið í," segir Emilía hlæjandi þegar hún rifjar upp daginn eftirminnilega. Emília fór í viðtalið ásamt stöllum sínum úr Nylon en viðtalið fór ekki fram eins og hún er vön.

„Ívar spurði mig rosalega persónulegra spurninga og stelpurnar voru alltaf að koma með einhver „nasty comment". Ég skildi ekki hvað var í gangi – af hverju þær voru að taka mig svona fyrir – og svo var rauða „on air" ljósið alltaf logandi," segir Emilía. „En eftir nokkra stund spurði Ívar mig allt í einu hvernig mér litist á að gæsadagurinn byrjaði svona og þá komu allar hinar stelpurnar inn."

Eftir sprellið á Bylgjunni lá leið Emilíu og vinkvenna hennar í Laugar. Þar fóru þær í hópeflisleiki áður en brúðurin verðandi var dregin niður í matsal og látin setjast á stól sem hún mátti ekki fara af, sama hvað tautaði og raulaði. „Allt í einu stóð Friðrik Ómar upp og söng til mín tvö lög. Það var alveg geðveikt," segir Emilía sem fékk nudd og annað dekur að söng loknum.

„Svo enduðum við uppi í sumarbústað hjá vinkonu minni. Það var búið að skreyta allan bústaðinn og það var tekið á móti okkur með mojito. Svo fengum við okkur grillaðan humar og skemmtum okkur konunglega fram eftir nóttu." Það er óhætt að segja að söngkonan sé vinamörg en á annan tug vinkvenna tók þátt í að gæsa hana.

Emilía gengur að eiga unnusta sinn, Pálma Sigurðsson, við hátíðlega athöfn í Breiðholtskirkju á næstunni. Það verður séra Valgeir Ástráðsson, fósturpabbi Emilíu, sem gefur brúðhjónin saman. Emilía vildi sjálf ekki tjá sig um brúðkaupið en sagði þó: „Það er mikil spenna og voða gaman."



**EMILÍA Gengur að eiga unnusta sinn í Breiðholtskirkju á morgun.**



**NYLON Stelpurnar í Nylon hrekktu Emilíu allsvakalega á gæsadaginn.**






# Þorvaldur Davíð með sumarsmellinn í ár

Ég og Valdimar Kristjónsson, hljómborðsleikari Jeff Who?, vorum að leika okkur og úr varð þessi sumarsmellur," segir Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari sem var að láta frá sér nýtt lag, Waiting there. Um splunkunýtt lag er að ræða sem aðeins kom inn á tonlist.is í gær.

„Við erum að vinna í þessu og erum að fara að henda því í spilun hjá útvarpsrásunum og leyfa fólki að hlusta. Er það ekki alltaf tilgangurinn með sköpuninni, að leyfa fólki að heyra eða horfa á það sem maður skapar?" spyr Þorvaldur Davíð og bætir við að þeir félagar séu mjög ánægðir með árangurinn.

Valdimar samdi lagið en Þorvaldur Davíð samdi textann og syngur en það var Þórður Gunnar Þorvaldsson sem tók upp lagið og hjálpaði til við útsetningar. Þorvaldur Davíð getur ekki sagt hvort von sé á meira efni frá þeim félögum en segir að það sé aldrei að vita.

„Við erum með nokkur lög í vinnslu en tíminn verður að leiða í ljós hvort eitthvað verður úr þeim. Mér fannst ekkert mál að semja textann, hann rann í gegn auðveldlega en þetta er enginn Megasar-texti," segir hann hlæjandi. Þorvaldur flokkar lagið sem popplag en að finna megi skírskotanir í smá djass, funk og soul.

„Sjálfur er ég alæta á tónlist en ég hef fyrst og fremst alltaf litið á mig sem leikara frekar en söngvara en ef maður dettur í rétta gírinn er skemmtilegt að syngja líka, sér í lagi ef það er eitthvað sem kemur beint frá manni sjálfum," segir Þorvaldur sem heldur út til New York í lok ágúst til að setjast á skólabekk í hinum virta Julliard-skóla.

Þorvaldur hefur tekið sér pásu frá leiklistinni þar til hann byrjar í skólanum og segir nauðsynlegt að hreinsa þannig hugann.

„Ég held það sé mjög hollt að taka pásu en ég er að vinna að öðrum verkefnum í staðinn enda verður maður ekki milljónamæringur af leiklistinni og verður að hala inn peninga á fleiri stöðum. Ég er voðalega rólegur yfir skólanum og er að klára pappírsvinnuna sem honum tengist, safna mér pening og gera mig ferðbúinn," segir hann en um fjögurra ára nám er að ræða.

Hvað tekur við að námi loknu eða hvort hann komi yfirhöfuð heim aftur segist Þorvaldur lítið spá í á þessum tímapunkti.

„Ég ætla nú bara að einbeita mér að því að klára námið. Ég held að það sé ágætis fyrsta skref í þessu öllu saman," segir leikarinn og tónlistarmaðurinn Þorvaldur Davíð að lokum.



**ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON**
**Þorvaldur hefur gefið út lagið Waiting there en hann hefur tekið sér pásu frá leiklistinni til að hreinsa hugann áður en hann sest á skólabekk í hinum virta Julliard-skóla.**



Coke
Sumar
Vinnur þú iPod eða Playstation 3 í sumar?
Kíktu!
aftan á miðann
Yfir 100.000 vinningar eru í boði og það eina sem þú þarft að gera er að kíkja aftan á miðann á Coke, Coke light eða Coke zero flöskum*. Þú sérð strax hvort þú hafir unnið!
Hlustaðu á þína tónlist í sumar
100 x iPod Nano 2GB
300 x iPod Shuffle
Leiktu þér á rigningardögum
30 x PlayStation 3 leikjatölvur
Svalaðu þorstanum
100.000 0,5l Coke**
Coca-Cola



GULLSKÓR „Peysuna fékk ég í unglingabúð en ég er hrifin af gulli og féll fyrir peysunni. Kærastinn minn gaf mér svo gullskóna en mig hafði lengi langað í gullstrigaskó.“

EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR Á VON Á SÍNU ÞRIÐJA BARNI. HÚN SEGIR MIKINN MUN Á MEÐGÖNGUFATNAÐI Í DAG OG ÞEGAR HÚN VAR ÓFRÍSK FYRIR 14 ÁRUM. EVA DÖGG HLEYPTI SIRKUS Í FATASKÁPINN.

# Ófrískar konur eru líka smart

Foreldrar mínir hafa alltaf verið miklir hippar en sjálf var ég farin að máta pinnahæla mjög ung,“ segir Eva Dögg Sigurgeirsdóttir markaðsstjóri sem veitt hefur konum ráðgjöf um tísku í áraraðir. Þrátt fyrir að hafa verið farin að skoða búðargluggana á Laugaveginum sem lítil stelpa segir Eva Dögg að hún aðhyllist ekki ákveðinn stíl heldur fari klæðnaður hennar eftir því í hvernig skapi hún vakni. „Ég á eina 8 ára sem er alveg eins og ég var. Það þýðir hins vegar ekkert að kvarta því mamma þurfti að díla við það sama með mig,“ segir Eva brosandi. „Ég get ekki sagt að stíllinn minn sé svona eða hinsegin því ég breyti reglulega um stíl. Ég dett í gallabuxur og strigaskó um tíma en fer svo í pinnahælana og er voðalega fín inn á milli, það fer eftir skapi, veðri og vindum og hvað ég er að gera hverju sinni. Ég hugsa sjaldnast fram í tímann heldur læt skapið ákvarða fötin á morgnana.“ Eva Dögg segir leiðinlegt við tískuna þegar fólk leitist eftir að klæða sig eins. Hins vegar þar sem úrvalið og flóran sé meiri sé fólk óhræddara við að prófa sig áfram og móta sinn eigin stíl. „Ég hef mjög gaman af íslenskri hönnun og „second hand“ fötum og finnst það kærkomin nýjung í flóruna. Tískubólur eru ekki alltaf skemmtilegar enda klæða þær ekki alla og mér finnst fólk fyrst og fremst þurfa að hugsa um hvort fötin klæði það frekar en hvort þau séu í tísku. Ekki bara kaupa af því að það eru allir aðrir að kaupa eða af því að búðarkonan segir að þetta eða hitt sé flott. Svo finnst mér líka að það ætti að vera bannað að konur kaupi of lítil föt sem þær ætla að grenna sig í því þröng föt gera okkur bara feitari,“ segir Eva Dögg sem er ófrísk að sínu þriðja barni. Hún segir lítið mál að halda áfram að klæða sig fallega þótt hún sé ófrísk því tímarnir séu heldur betur breyttir frá því þegar hún gekk með sitt fyrsta barn fyrir um 14 árum. „Þá bjó ég í Bandaríkjunum og eini meðgöngu-

fötin mín

fatnaðurinn voru svokallaðir rjómakökukjólar. Hér á Íslandi var hins vegar ekkert að fá. Í dag er gaman að vera ófrísk því landslagið er allt annað og mikið úrval verslana hér á landi sem bjóða upp á smart óléttuföt,“ segir Eva Dögg sem er á leið í sumarfrí til Barcelona. Hún hefur tekið sér frí frá tískuráðleggingum um tíma en segir aldrei að vita hvað hún geri eftir barneignarleyfið. „Ég mun halda áfram í mínu starfi og mun örugglega gera eitthvað fleira spennandi enda hef ég góða reynslu og hef mjög gaman af því að starfa með fólki. Það er aldrei að vita hvað maður gerir í þessum tískubransa í framtíðinni.“

indiana@frettabladid.is



FLOTT „Ég kemst enn þá í gallabuxurnar mínar og get því aðeins skvísast enn þá. Kápuna gaf vinkona mín mér og mér þykir rosalega vænt um hana. Ég held að ég hafi verið egypsk prinsessa í fyrra lífi því ég elska svona munstruð og útsaumuð efni.“ MYND/VILLI



GLAMÚR „Rauða kjólinn fékk ég í Zöru. Ætli stíllinn minn sé ekki pínu glamúr? Allavega hef ég voðalega gaman af öllum „díteilum“. Svo er ég í svörtum leggings við með smellum en þessi leggings tíska er voðalega þægileg þegar maður er ófrískur.”



ALGJÖR PÆJA „Ég klippi oft neðan af gallabuxunum mínum enda vil ég hafa þær gamlar og þægilegar.“



ELSKAR GALLAEFNI „Ég elska þennan kjól en hef fengið gagnrýni hjá þeim sem eru á móti vopnum,” segir Eva Dögg hlæjandi. „Gallajakkinn er í sérstöku uppáhaldi en mér finnst nauðsynlegt að eiga nokkra gallajakka fyrir sumarið.“



# VIÐ FLYTJUM!




Eftir áratuga veru við Hlemm, flytjum við skrifstofur **RARIK** í Reykjavík í nýtt húsnæði við Bíldshöfða 9 í Reykjavík 1. júlí.

**Orkusalan**, dótturfyrirtæki RARIK flytur einnig á sama stað.

Innkeyrsla frá Dvergshöfða.

Símanúmer RARIK og Orkusölunnar verða óbreytt.

**Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?**

RARIK

RARIK ohf • Sími 528 9000 • www.rarik.is
Orkusalan ehf • Sími 422 1000 • www.orkusalan.is

orkusalan



# VONAST EFTIR VIÐURKENNINGU FYRIR FALLEGAN VÖXT

SIRKUSMYNDIR/ANTON BRINK







**HELGA DÝRFINNA MAGNÚSDÓTTIR** er á leið í Miss Tourism fegurðarsamkeppnina sem fram fer í Kína næsta mánuðinn.

Helga Dýrfinna fór af landi brott í gær en hún lendir í Shanghai á morgun, þar sem fyrsti hluti keppninnar fer fram. Um 110 stúlkur taka þátt í keppninni víðs vegar að úr heiminum. „Ég er orðin rosalega spennt fyrir keppninni og öllu því sem henni fylgir," segir Helga Dýrfinna í spjalli við Sirkus. „Þetta er náttúrlega rosalega stór keppni en hún leggst vel í mig og þetta er mikið tækifæri til að komast út. Þetta er bara þetta eina skipti og ég ætla að reyna að njóta þess og vera bara ég sjálf – það virkar yfirleitt best."

### Stífar æfingar

Það er ekki auðvelt að taka þátt í svona fegurðarsamkeppni. Helga Dýrfinna hefur stundað stífar æfingar síðustu mánuði til að líta sem best út þegar keppnin sjálf hefst. „Ég hef tekið mataræðið í gegn og svo reyni ég að fá húðina sem fallegasta. Ég lyfti tvisvar í viku til að fá vöðvana fallega og fer einu sinni í viku í smá brennslu en ég þarf samt ekki að grenna mig," segir Helga Dýrfinna.

Helga Dýrfinna fór í smá kínversku kennslu áður en hún flaug út. „Það er kínversk kona að vinna með mér og hún hefur verið að kenna mér svolítið," segir fegurðardrottningin sem starfar sem sjúkraliði á Landspítalanum í Kópavogi.

### Fimm titlar í boði

Fegurðarsamkeppnin samanstendur í raun af fimm titlum. Ungfrú bikiní, Ungfrú diskó, besti þjóðbúningurinn, hæfileikaríkasti keppandinn og svo aðaltitillinn Miss Tourism.

Í hæfileikakeppninni ætlar Helga Dýrfinna að syngja lagið Somewhere over the Rainbow. Hún er þegar búin að taka undirspilið upp hjá Þorvaldi Bjarna. „Það gekk alveg rosalega vel. Ég syng lagið úti en verð að taka disk með mér út til að leyfa aðstandendum keppninnar að heyra," segir Helga sem spilaði á orgel þegar hún var yngri. „Ég get nú bara aðeins glamrað á það núna. En ég hef sungið síðan ég var sex ára og var meðal annars í Kársneskórnum hjá Tótu."

Helga Dýrfinna hefur einnig látið sauma á sig diskókjól fyrir diskókeppnina. „Ég veit samt ekki alveg hvað á að gera í þeirri keppni. Kannski á ég að dansa svo ég ætla að taka lag með mér sem ég get dansað við," segir hún hlæjandi. „Ég ætla bara að reyna að vera áberandi, það virkar vel. Ég er algjör glimmer og glamúr gella og get verið áberandi ef ég vil," segir Helga Dýrfinna kokhraust.

### Heiður að vinna hæfileikakeppnina

„Ég veit ekki alveg hvaða titil mig langar í, ætli mig langi ekki bara í þá alla," segir hún hlæjandi. „En mig langar ekkert endilega í diskódrottningardótið. Það væri mikill heiður að vinna hæfileikakeppnina fyrir sönginn og það er ábyggilega gaman að vinna bikiníkeppnina – fá viðurkenningu fyrir það að vera flott vaxin."

Helga Dýrfinna mun ekki prýðast hefðbundnum íslenskum skautbúningi í þjóðbúningakeppninni. „Þetta er kyrtill, blái búningurinn, sem er rosalega flottur. Búningurinn kemur mjög vel út og saumakonan sagði að ég væri með grannt mitti alveg eins og þær í gamla daga."

### Á leið í heilbrigðisverkfræði

Helga Dýrfinna verður ekki alveg ein þennan mánuð sem keppnin stendur. Kærastinn hennar mun þó heimsækja hana sem og fjölskylda hennar. En á hún ekki eftir að sakna kærastans? „Jú, alveg pottþétt en ég vona bara að það verði svo mikið að gera að tíminn verði fljótur að líða."

Helga Dýrfinna er þegar byrjuð að plana framtíðina. Hún er búin að skrá sig í heilsuverkfræði í Háskólanum í Reykjavík. „Það hentar mér vel að vera í skóla. Mér finnst líka alltaf gaman að módelast og væri til í að halda því áfram. Svo ætla ég að halda áfram með sönginn og ætla í skólann hjá Þorvaldi Bjarna í haust," segir þessi glæsilegi fulltrúi Íslands í Miss Tourism-keppninni.

**ÉG VEIT EKKI ALVEG HVAÐA TITIL MIG LANGAR Í, ÆTLI MIG LANGI EKKI BARA Í ÞÁ ALLA**






## Háskólinn á Bifröst býður upp á 11 vikna rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta þekkingu sína í atvinnurekstri

Undanfarin ár hefur Háskólinn á Bifröst, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, boðið upp á rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína. Stefnt er að því að halda **Mátt kvenna I** í fimmta sinn vorið 2008. Auk þess verður nú í haust boðið upp á **Mátt kvenna II**, framhaldsnámskeið fyrir konur sem hafa lokið **Mætti kvenna I.** Námið fer fram í fjarnámi en það hefst og lýkur með sameiginlegri vinnuhelgi á Bifröst.

### Máttur kvenna I

- Bókhald I
- Upplýsingatækni
- Markaðs- og sölumál
- Fjármál
- Áætlanagerð

### Máttur kvenna II

- Bókhald II
- Enska
- Skattar
- Rekstrarhagfræði
- Samningatækni
- Starfsmannastjórnun

### Markmið námsins

Markmið námsins er að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, auka arðsemi fyrirtækjanna og efla störf á landsbyggðinni. Auk þess aðundirbúa nemendur fyrir almennan rekstur smærri fyrirtækja, er lögð áhersla á að viðhalda og efla tengslanet kvenna.

### Dagsetningar

**Máttur kvenna I:** 18. janúar - 5. apríl 2008
**Máttur kvenna II:** 31. ágúst 2007 - 24. nóvember 2007

### Verð

**Máttur kvenna I**: 60.000 kr.
**Máttur kvenna II**: 85.000 kr.
Innifalið í verðinu er kennsla í fjarnámi, 2 vinnuhelgar með kennurum, gisting og matur á vinnuhelgum.

Skráning og nánari upplýsingar hjá verkefnastjóra símenntunar Huldu Ingibjörgu Rafnarsdóttur, í síma 433 3000 eða hulda@bifrost.is

Sjá einnig frekari upplýsingar á heimasíðu skólans:

MÁTTUR KVENNA

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

HITABYLGJAN SEM HEFUR GENGIÐ YFIR LANDIÐ HEFUR FARIÐ VEL Í ÍSLENSKA KROPPA SEM SPÓKA SIG U

# ...allt með kossi vekur

Það er óhætt að segja að Íslendingar hafi tekið hitabylgjunni sem nú ríður yfir landið fagnandi. Á hverju götuhorni má sjá fáklædda Frónverja sleikja sólskinið og láta fara vel um sig í hitanum. Austurvöllur og kaffihúsin hafa verið þéttsetin sem og ísbúðirnar sem hafa sennilega selt meiri ís á síðustu vikum en allt síðasta ár. Sundlaugarnar eru þó þeir staðir sem trekkja mest að enda fátt betra en að spranga um á sundfötunum einum fata og dýfa tánni í svalt vatnið eða jafnvel taka nokkra stutta sundspretti. Best af öllu er þó að flatmaga á bakkanum og næla sér í smá brúnku.



**LITLA HAFMEYJAN** Þessi stúlka tók við hlutverki litlu hafmeyjunnar á sundlaugarbakkanum í Laugardalslauginni.



**UNGIR SEM ALDNIR** Fólk á öllum aldri sækir sundlaugarnar heim á sólardögum.



**Í SÓL OG SUMARYL** Það er gott að láta fara vel um sig í buslupollinum í Laugardalslauginni.



**Á TALI** Það er alltaf stutt í gemsann, jafnvel hjá þeim sem sækja sundlaugarnar.



**Á FLOTI** Þessi ungi drengur skemmti sér konunglega á rauðu gúmmíslöngunni.



**Á KAFI Í LESTRI** Glanstímaritin eru vinsæl afþreying á sundlaugarbakkanum.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

UM Í SÓLINNI





LESIÐ Í SÓLINNI Glanstímaritin koma að góðum notum í sólbaðinu.







# NÝ KYNSLÓÐ, SÖMU NÖFN

Það virðist færast sífellt í vöxt að fræga fólkið á Íslandi skíri börnin annaðhvort í höfuðið á því sjálfu eða skeyti saman nöfnum föður og móður. Nýfædd dóttir Stuðmannsins Jakobs Frímanns Magnússonar og Birnu Rúnar Gísladóttur er gott dæmi um þetta. Sú stutta var skírð Jarún og þarf svo sem engan hámenntaðan mann til að sjá hvaðan það er komið. Listamannahjónin Daníel Ágúst Haraldsson og Gabríela Friðriksdóttir skírðu dóttur sína Daníelu fyrir átján árum og hófu þannig þessa tísku sem lifir afskaplega góðu lífi í dag.



**HELMINGASKIPTI** Leikarahjónin Selma Björnsdóttir og Rúnar Freyr Gíslason skiptu nöfnum dóttur sinnar sem fæddist á síðasta ári jafnt á milli sín. Selma Rún heitir stúlkan.





**Í HÖFUÐIÐ Á MÖMMU** Fjölmiðlahjónin Ellý Ármannsdóttir og Freyr Einarsson eignuðust litla stúlku í lok maí. Hún hefur ekki verið skírð en fékk nafnið Ellý í höfuðið á móður sinni.







**FRUMHERJAR** Listamannahjónin Gabríela Friðriksdóttir og Daníel Ágúst Haraldsson ruddu brautina þegar þau skírðu dóttur sína Daníelu árið 1989.



**SAMSETT** Jakob Frímann Magnússon og Birna Rún Gísladóttir skírðu nýfædda dóttur sína Jarúnu eftir báðum foreldrum. Sérstakt nafn en mannanafnanefnd samþykkti það með bros á vör.




G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

**Opið föstudaga 10-18.30**
**og laugardaga 10 -18**
**200 frí bílastæði í kjallara hússins.**
**Nýtt: OPIÐ Á FIMMTUDÖGUM TIL KL.20.**

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com




BERTONI
Jakkaföt frá 9.900
Gallabuxur frá 4.900
Quart-buxur frá 1.690
Stutterma eða
langermaskyrtur frá 1.590
Stuttermabolir kr. 690
PIPAR • SÍA
Herra
hafnarfjörður
Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073


-allir toppar á 490!
Þrjú verð í búðinni
2.990 - 3.990 - 4.990
MIND
Firði Hafnarfirði - Sími 534 0073
Opið fös 10 - 19 og lau 10 - 16

# helgin

## Uppáhalds staðurinn minn



„Seyðisfjörður er einstaklega fallega staðsettur og það er vinaleg og mannleg stemning í bænum. Mikið er lagt upp úr varðveitingu og uppgerð gamalla húsa sem mér finnst vera virðingavert og um leið búa til ákveðna stemningu og hjarta í bæinn. Góð kaffihús og frábært menningarlíf. Ég mæli eindregið með gistingu í mongólska tjaldinu en það er upplifun út af fyrir sig.“

**Dýrleif Örlygsdóttir**



„Uppáhaldsstaðurinn minn er sveitin mín rétt hjá Kirkjubæjarklaustri. Þetta er sveitasetur sem er í ættinni og við erum þarna eins mikið og við getum. Ég er meira að segja á leiðinni þangað núna.“

**Þórunn Högnadóttir sjónvarpskona**



„Uppáhaldsstaðurinn minn er sundlaugin í Laugaskarði í Hveragerði. Þetta er besta sundlaug í heimi. Það er ótrúlega fallegt og friðsælt í henni og gott að vera.“

**Rakel Magnúsdóttir söngkona**



„Minn uppáhaldsstaður á landinu eru heimahagarnir. Ég er alin upp í Merki á Jökuldal og það er hvergi fallegra á landinu, að mínu mati. Mér þykir sérstaklega vænt um einn blett en það er lítil laut sem er í stóru gili sem heitir Tregagil. Í þessari laut er yndislegt að sóla sig á góðviðrisdögum og stinga sér til sunds í ískaldri Tregagilsánni sem rennur þarna hjá.“

**Dagmar Ýr Stefánsdóttir, fréttakona N4**

# BALLIÐ ER FYRIR ALLA

**Maður hristir ekki hátíð eins og Gay pride fram úr erminni og þetta styrktarball er einn liður í því að koma hátíðinni heim og saman enda starfa allir sem að henni koma í sjálfboðavinnu," segir Páll Óskar Hjálmtýsson sem mun halda uppi fjörinu á NASA laugardaginn 07.07.07 á árlegu styrktarballi hátíðarinnar. Páll Óskar tekur undir að með styrktarballinu sé um nokkurs konar forskot á sæluna að ræða en sjálf Gay-pride-hátíðin fer fram eins og venjulega annan laugardag í ágúst. „Gay-pride byrjaði sem kröfuganga en nú þegar helstu mannréttindi eru komin í gegn hér á landi breytist hátíðin í þakkargjörð og því frábær leið til að halda partí en Ísland er náttúrlega lúxusstaður fyrir homma og lesbíur til að búa á," segir Páll Óskar sem verður plötusnúðurinn á ballinu annað kvöld. „Auðvitað mun maður einnig grípa í míkrafóninn og troða upp þegar leikar standa sem hæst en ég ætla að spila sem mest af þeim lögum sem hafa höfðað til homma og lesbía í gegnum tíðina," segir hann en bætir við að ballið sé að sjálfsögðu fyrir alla þótt fókusinn sé á homma, lesbíur, tvíkynhneigða og trans gender fólk. Ballið er á morgun laugardag, en hægt er að kaupa miða í forsölu í dag á NASA. Miðaverð er 1000 krónur sem rennur óskipt til Gay-pride.**

*indiana@frettabladid.is*

**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON**
**„Auðvitað mun maður einnig grípa í mikrafóninn og troða upp þegar leikar standa sem hæst en ég ætla að spila sem mest af þeim lögum sem hafa höfðað til homma og lesbía í gegnum tíðina.“**





**FÖGNUÐUR** Gestir Eyþórs og Dagmarar Unu fögnuðu þeim ákaft þegar þau komu út úr kirkjunni. MYND/KATRÍN JÓNSDÓTTIR

# Eyþór söng til Dagmarar Unu

Brúðkaupið var alveg ljómandi vel heppnað og það voru allir himinlifandi. Þetta gekk framar vonum," segir Dagmar Una Ólafsdóttir sem gekk að eiga athafnamanninn Eyþór Arnalds á laugardaginn var. Athöfnin fór fram í Selfosskirkju og það var séra Gunnar Björnsson sem gaf þau saman. Veislan fór hins vegar fram í Listasafni Reykjavíkur og þar var engu til sparað. Stórleikarinn Benedikt Erlingsson var veislustjóri en meðal þeirra tónlistarmanna sem komu fram má nefna Stefán Hilmarsson úr Sálinni hans Jóns míns sem og hljómsveitina Todmobile með brúðgumann sjálfan í broddi fylkingar. Todmobile lék meðal annars Brúðkaupslagið sem sveitin gerði frægt á árum áður.

„Það var alveg yndislegt að heyra lagið enda er það alveg ótrúlega fallegt. Ég var náttúrlega búin að heyra það áður en það var sérstaklega gaman að heyra það á sjálfan brúðkaupsdaginn," segir Dagmar Una.

Dagmar Una þótti skarta sínu fegursta á brúðkaupsdeginum, klædd gylltum brúðarkjól prýddum Swarovsky-steinum, sem hönnuðurnir Munthe og Simonsen gáfu henni í tilefni dagsins. Og Dagmar var að vonum ánægð með vel heppnaðan dag.

„Við stungum af aðeins fyrr en þetta fór allt vel fram. Ætli fólk hafi ekki skemmt sér fram undir miðnætti," segir Dagmar Una en það kom í hlut kántrísveitarinnar Klaufa að halda uppi fjörinu fram eftir kvöldi.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

## LOGI BERGMANN EIÐSSON HEFUR VERIÐ ÓSIGRANDI SÍÐUSTU VIKURNAR. HANN SIGRAÐI SÓLEYJU ELÍASDÓTTUR LEIKKONU SEM SKORAÐI Á HALLDÓRU GEIRHARÐSDÓTTUR SEM ER ERLENDIS OG ÞVÍ TÓK ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR ÁSKORUNINNI.

**1. Hvað heitir dóttir dönsku krónprinshjónanna?**
**2. Hvaða dag verður Gay pride-hátíðin haldin?**
**3. Hvað heitir kynnirinn í So you think you can dance?**
**4. Hvað búa margir í Frakklandi?**
**5. Með hvaða 1. deildar liði í knattspyrnu spilar Hjalti Már Hauksson?**
**6. Hver var rekinn úr Gray's Anatomy?**
**7. Hver gaf frá sér danslagið Allt fyrir ástina á dögunum?**
**8. Hver skrifaði bókina Nafnlausir vegir?**
**9. Hver leikur Harry Potter?**
**10. Hvaða aðþrengda eiginkona mun ganga í það heilaga 070707?**



### Logi Bergmann 6 RÉTT SVÖR

1. Ísabella.
2. 11. ágúst.
3. Hef ekki hugmynd.
4. 20 milljónir.
5. Fjarðabyggð.
6. Isaiah Washington.
7. Páll Óskar.
8. Sjón.
9. Daniel Radcliffe.
10. Eva Longoria.



### Ólafía Hrönn 7 RÉTT SVÖR

1. Ísabella.
2. Annan laugardag í ágúst.
3. Susan.
4. 30 milljónir.
5. KA.
6. Dr. Burke.
7. Páll Óskar.
8. Einar Már Guðmundsson.
9. Daniel Radcliffe.
10. Þessi dökkhærða.

Ólafía Hrönn stöðvar hér með sigurgöngu Loga Bergmanns.
Logi Bergmann skorar á Helga Seljan í Kastljósinu. Fylgist með í næstu viku.

**Svör: 1.** Ísabella (Henríetta Ingiríður Margrét). **2.** Annan laugardag í ágúst eða 11. ágúst. **3.** Cat Deeley. **4.** Rúmar 60 milljónir. **5.** KA. **6.** Isaiah Washington eða Dr. Burke. **7.** Páll Óskar. **8.** Einar Már Guðmundsson. **9.** Daniel Radcliffe. **10.** Eva Longoria.




# MIÐASALA HEFST Á MIÐNÆTTI

## 6.JÚLI Í 10-11 LÁGMÚLA

10 11
...alltaf opið!
www.10-11.is

MIÐASALA HEFST Í 10-11 LÁGMÚLA.
Á MIÐNÆTTI MÆTA MEÐLIMIR ÚR HLJÓMSVEITINNII SVÖRTUM FÖTUM OG FÆRA ÞÉR STEMMNINGUNA ÚR DALNUM.

50 FYRSTU SEM KAUPA MIÐA ÞAÐ KVÖLD FÁ PARTÝPAKKA.

TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
PEPSI MAX

Ford
Nýtt tákn um gæði



**Tékkaðu á hvernig þú eignast Ford Ka @ 1.189.900***

**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka.**

taktu ka

# Ef þú finnur betra verð á „eins bíl“ þá skaltu bara kaupa hann ;-)



**Taktu Ka þrisvar á dag (sex á dag ef vel liggur á þér).**
**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka í dag.**

Ka er vistmildur. Ford Ka er lítill, sparneytinn og léttur smábíll sem tekur lítið pláss í umferðinni. Berðu saman fíl og kött. Hvor helldurðu að sé mildari gagnvart umhverfi sínu þegar litið er til dæmis þyngdar og matarþarfar? Svarið er augljóst, auðvitað Ford Ka!

GCI GROUP ALMANNATENGSL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Ál – ekkert mál fyrir Jón og Pál

**UMRÆÐA**
Umhverfismál



ÓMAR RAGNARSSON

Daglega dynja í fréttatímum ljósvakamiðlanna jafnvel margar fréttir í röð um orku- og álmál, t.d. fjórar af fyrstu fréttunum í kvöldfréttatíma útvarps 4. júlí: Tugir rafvirkja réttindalausir á Reyðarfirði, – Alcan, Norsk Hydro og netþjónabú keppa um álverslóðir á Keilisnesi og við Þorlákshöfn – nýjar sviptingar og átök um Hitaveitu Suðurnesja, – njósnir Alcan um Hafnfirðinga. Hafi fólk haldið að Samfylkingin með Fagra Ísland hægði eitthvað á stóriðjuhraðlestinni sýnir stanslaus fréttastraumur af þeim vettvangi annað.

Þegar forysta flokksins kúventi í Kárahnjúkamálinu á sínum tíma var ætlunin greinilega sú að sýna fram á að flokkurinn væri „stjórntækur", þ.e. ætti auðvelt með að taka þátt í þeim málamiðlunum sem fylgir stjórnarþátttöku. Þetta yrði Samfylkingin að gera, annars kæmist hún ekki í stjórn. Tækifærið kom ekki 2003 en hins vegar kom það núna. Miðað við stöðu mála virðist Samfylkingarforystan hafa hugsað málið svona fyrir síðustu kosningar: Flöggum plagginu Fagra Íslandi og segjumst vilja stóriðjustopp í 4-5 ár á meðan náttúruverðmæti landsins eru könnuð. Þannig getum við haldið hjá okkur því umhverfisverndarfólki sem annars fer til grænu flokkanna. Eftir kosningar mun fólk sýna því skilning að við fáum ekki allt okkar fram í stjórnarsáttmálanum, svo sem dýrar og tímafrekar náttúrfarsrannsóknir. Það gumum við af rammaáætluninni sem hvort eð er átti að vinna og lofum að snerta ekki þau svæði sem hvort eð er þarf ekki að fara inn á á kjörtímabilinu. Síðan verður vonandi hægt að draga endanlegar ákvarðanir iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra um álver og virkjanir í tvö ár og síðan skilgreinum við þessi tvö ár sem „stóriðjuhlé" þótt stanslaus fréttaflutningur af stóriðjukapphlaupinu dynji allan tímann. Á þessu tímabili sýnum við fram á hve stjórntæk við erum. Eftir tvö ár: „Den tid, den sorg".

Ef Samfylkingarforystan hefur hugsað svona er skiljanlegt hvers vegna Ingibjörg Sólrún og Þórunn Sveinbjarnardóttir kúvenda úr því að segja að stjórnvöld eigi að stjórna ferðinni, yfir í það að stjórnvöld eigi ekkert að skipta sér af því sem sjálfstæð fyrirtæki og sveitarstjórnir séu að bralla. Svona rétt eins og Landsvirkjun komi eigendum sínum, þjóðinni, ekkert við. Fjölmiðlamenn leggja sig alla fram um að kafa ofan í valdabrölt og kapphlaup álrisa og sveitarstjórna en enginn hugar að þeim náttúruverðmætum sem fórna þarf fyrir alla þessa stóriðju, s. s. norðaustan Mývatns. Það virðist ekki valda yfirmönnum Norsk Hydro áhyggjum þótt þeir hafi engan orkukaupasamning í hendi – þeir þekkja þá forsögu virkjana á Íslandi að mat á umhverfisáhrifum sé bara formsatriði. Ef við gefum sveitarstjórnarmönnum samheitið Jón og Páll í staðinn fyrir Pétur og Pál, þá virðast þeir heldur ekki vera að pæla í því hvernig eigi að útvega orkuna og reisa virkjanamannvirki í ótal öðrum sveitarfélögum en þeirra eigin. Nei, ál er ekkert mál fyrir Jón og Pál, jafnvel þótt einföld samlagning sýni, að þegar þau álfyrirtæki, sem nú eru á fullri ferð hér á landi, hafa fengið alla þá orku sem þau þurfa til að reka álver af minnstu hagkvæmnisstærð, sem er 500 þúsund tonn á ári fyrir hvert álver – þá krefst sú stóriðja allrar virkjanlegrar vatns- og hveraorku landsins og Fagra Ísland farið fyrir lítið. Og þá er eftir að uppfylla drauma virkjanafíkla um orkusölutil Skotlands og til netþjónabúa og vetnisframleiðslu fyrir bíla og skip. Já, þjóðin er í „ég fer í fríið"-skapi, 83 prósent ánægð með nýju stjórnina í skoðanakönnun. Aðalatriðið er að virkja og selja orku sem hraðast og óðast þótt álverin öll gefi aðeins vinnu fyrir 2% vinnuafls þjóðarinnar og fórnað sé náttúruverðmætum sem í ímynd þjóðarinnar má meta til þúsunda milljarða. Fagra Ísland orðið að Magra Íslandi. Þórunn stóð með sóma í lappirnar við Kárahnjúka og á ævarandi þökk fyrir það. Vonandi fær hún ekki í hnén eins og Valgerður við að hitta álfurstana.

*Höfundur er formaður Íslandshreyfingarinnar.*

## BLOGG.VISIR.IS

**Hagkaup á Akureyri** Ummæli þau sem höfð eru eftir Jóhannesi í Bónus að hann sé tilbúinn með plan B og hyggist setja það fljótlega af stað nú þegar allt dregst varðandi útboð á byggingarsvæðinu þar sem enn stendur knattspyrnuvöllur Akureyrar hafa verið nokkuð í umræðunni. En ég er að sjálfsögðu kominn með plan C og D handa Jóhannesi.

Plan C er að ný Hagkaupsverslun verði reist við flugvöllinn á Akureyri. Flugstöðvarbyggingin er orðin allt of lítil og við eigum enga almennilega umferðarmiðstöð hér, okkur vantar svona þessa tilfinningu að geta farið á „járnbrautarstöðina" að versla þegar allt annað er lokað. Með því að setja þetta allt í eitt hús, stóra Hagkaupsverslun og alla þjónustu við samgöngur með strætóstoppustöð sem sárvantar á flugvöllinn fengi eyðimörkin í kringum flugvöllinn á Akureyri nýtt líf.

**Pétur Björgvin Þorsteinsson**
**http://blogg.visir.is/pb**

**Húsnæðislán sem blóraböggull** Það er spaugilegt að fylgjast með því hvernig ein atvinnugrein - byggingariðnaðurinn - er sífellt ofsóttur af stjórnvöldum á sama tíma og mulið er undir annan þ.e. stóriðjuna. Það er með ólíkindum að halda því fram að lækkun húsnæðislána í 80% muni draga úr þenslu í efnahagslífinu. Það er pólitískur kattarþvottur þegar fyrirhuguð er bygging margra álvera um allt land. Ef virkilega er vilji til að draga úr þenslu í efnahagslífi ættu stjórnvöld að gefa til kynna að aðeins sé vilji og rými til að reisa eitt eða tvö álver til viðbótar hér á landi á næstu áratugum. Það væru skilaboð sem ekki væru misskilin og myndu draga úr þensluvæntingum. Ég hvet Ingibjörgu Sólrúnu og Samfylkinguna að fylgja eftir Fagra Íslandi á borði ekki bara í orði fyrir kosningar.

**Ingi Rúnar Eðvarðsson**
**http://blogg.visir.is/ingirunar**

**Heilinn er ekki í öryggisbelti**
Ein af hjúkrunarfræðingunum sem stóðu fyrir umferðarátaksgöngunni um daginn benti á að hraðinn á bílum nú til dags sé að drepa. Þrátt fyrir mikinn öryggisbúnað í nýjum bílum s.s. öryggisbelti, loftpúða, styrktargrindur og svoleiðis hafi það ekkert að segja fyrir heilann því hann sé óvarinn inní hauskúpunni. Ef bíll er á 100 km hraða þá er heilinn á fólkinu sem er inní bílnum líka á 100 km hraða… ef bíllinn lendir í árekstri tekur eitthvað af öryggisbúnaðinum höggið af parti af líkamanum en heilinn dúndrast í hauskúpuna. Það sé því sama hvað bílar séu vel búnir… þetta sé ekki hægt að koma í veg fyrir og því skipti hraðinn svo miklu máli.

**Kristín Ása Einarsdóttir**
**http://blogg.visir.is/krasa**


www.ellingsen.is




# Á eigin vegum í Adria-hjólhýsi



Adria Adiva 553 PH

## Útbúnaður

- Hlíf yfir beisli
- Stuðningsfætur
- Demparar
- Hjólkoppar
- Álfelgur
- Rúllugardína og flugnanet í öllum gluggum
- Ein frárennslislögn
- Opnanlegir gluggar
- Plastklæðning að framan og aftan
- Útiljós
- Loftljós
- Óbein lýsing
- Straumbreytir, CSW 409+P310
- Rásvörn, 1300/3004
- Ljóskastari í borðkrók
- Ebeco-gólfhiti
- Sjónvarpsloftnet
- Kapall og tengi fyrir sjónvarp
- Lögn fyrir útvarp og CD
- Geymsluhurð, Seitz
- Hurð með glugga og innbyggðu flugnaneti
- Dyratrappa, inn- og útdraganleg með rafmagni
- Þakgluggi
- Vatnstankur, 40 l, fylltur utanfrá
- Sturta
- Sturtuhengi
- Sturtubotn úr plasti
- Blöndunartæki í sturtu
- Alde vatns- og miðstöðvarhitun 3010, 3kW
- Salerni, C402

## Eldhús

- Thetford-kælir, 97 l, N97 PL
- Þrjár gashellur
- Gufugleypir

## Aukaútbúnaður

- Dýnur í svefnrými fyrir tveggja og eins manns rúm í fullri lengd

## Útilegukortið



Kaupauki! Útilegukortið fylgir öllum Adria-hjólhýsum

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Bremsubúnaður | Ýtihemlar |
| Rafgeymir | já |
| Heildarlengd | 745 cm |
| Heildarbreidd | 248 cm |
| Lengd að innan | 554 cm |
| Hæð að innan | 195 cm |
| Breidd að innan | 232 cm |

## Verðdæmi

| | |
|---|---|
| Verð | 3.250.000 kr. |
| Útborgun | 500.000 kr. |

Mánaðargreiðsla

**39.111 kr.***

*miðast við 84 mánuði



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 8–18,
laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

FRIDA KAHLO FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1907

*„Ég mála sjálfsmyndir af því að ég er svo oft ein ... ég er viðfangsefnið sem ég þekki best.“*

***Listakonan Frida Kahlo lést aðeins 47 ára, sjö dögum eftir afmælið sitt. Fyrrum eiginmaður hennar, listamaðurinn Diego Rivera, sagðist aldrei hafa upplifað sorglegri dag.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 6. JÚLÍ 1942

## *Anna Frank og fjölskylda fara í felur*



Á þessum degi árið 1942, fóru stúlkan Anna Frank og fjölskylda hennar í felur, vegna gyðingaofsókna nasista í heimsstyrjöldinni síðari.

Fjölskyldan lét líta út eins og hún hefði yfirgefið heimili sitt í flýti, með því að skilja það eftir í óreiðukenndu ástandi, ásamt bréfi þar sem fram kom að hún hefði flúið til Sviss.

Staðreyndin var hins vegar sú að fjölskyldan, sem samanstóð af Önnu, foreldrum hennar og systurinni Margot, faldi sig á háalofti kunningja sinna, sem hugsuðu um fjölskylduna og færðu henni reglulega fréttir af framgangi stríðsins.

Seinni hluta júlí flutti van Pels-fjölskyldan inn til Frank-fjölskyldunnar, sem var í fyrstu ánægð með félagsskapinn. Er fram liðu stundir versnaði þó samkomulagið og var plássleysi aðallega um að kenna.

Að morgni 4. ágúst 1944 gerðu nasistar innrás á heimilið og fundu felustað fjölskyldnanna, út frá ábendingu nafnlauss uppljóstrara. Húsráðendurnir voru annaðhvort fangelsaðir eða sleppt lausum. Á meðan var fjölskyldumeðlimum skipt í hópa eftir kyni og farið með þá í útrýmingarbúðir í Auschwitz.

Anna og Margot enduðu ævidaga sína í Bergen-Belsen útrýmingarbúðunum, eftir að taugaveikisfaraldur braust út, og voru grafnar í fjöldagröf, en staðsetningin er ókunn. Var Anna þá fimmtán ára. Þetta var aðeins nokkrum vikum áður en breskir hermenn frelsuðu fangana, 15. apríl 1945.

Seinna var dagbók Önnu, sem hún hélt á meðan á feluleiknum stóð, gefin út og hefur hún selst í milljónum eintaka um heim allan.

## MERKISATBURÐIR

**1946** Bretar afhentu Íslendingum Reykjavíkurflugvöll.
**1950** Fyrsta landsmót hestamanna var sett á Þingvöllum.
**1964** Bítlamyndin A Hard Day's Night var frumsýnd í London.
**1974** Útvarpsþættinum A Prairie Home Companion var útvarpað beint í fyrsta sinn.
**1980** Jóhannes Páll páfi annar baðst fyrir í Salvador í Brasilíu.
**1983** Tony Blair flutti fyrstu ræðu sína á breska þinginu.
**1987** Hljómsveitin Europe hélt tónleika í Laugardalshöll.
**2005** Bono og Bob Geldof hittu fulltrúa G8 til að ræða aukna aðstoð til Afríku.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Svanlaug Þorsteinsdóttir,**
Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eiri 29. júní.
Jarðarförin auglýst síðar.

Guðrún Aðalsteinsdóttir — Sverrir Guðmundsson
Þorgerður Aðalsteinsdóttir — Jón Björnsson
Ísfold Aðalsteinsdóttir
Þorsteinn Aðalsteinsson — Kristín Egilsdóttir
Helga Aðalsteinsdóttir
Aðalsteinn Aðalsteinsson — Unn Krogen
Birgir Aðalsteinsson — Ásthildur Skjaldardóttir
Svanlaug Aðalsteinsdóttir — Brynjar Viggósson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingimundur Einarsson,**
áður bóndi í Leyni, Laugardal, Fossvegi 4, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands að morgni 4. júlí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Lilja Guðmundsdóttir
Guðrún Ingimundardóttir — Þórir Snorrason
Svanheiður Ingimundardóttir — Magnús Guðjónsson
Guðmundur Óli Ingimundarson — Roswitha M. Hammermuller
Fjóla Ingimundardóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvaldur Þorvaldsson,**
bílstjóri, Núpalind 2, Kópavogi,

lést á Landakoti þriðjudaginn 3. júlí.

Þorvaldur Þorvaldsson
Þorgerður Þorvaldsdóttir — Jón Helgason
Arnbergur Þorvaldsson — Hanna Margrét Geirsdóttir
Gróa María Þorvaldsdóttir — Ingólfur Garðarsson
barnabörn og langafabörn.

**www.minningargreinar.is**

## Lokað

Vegna útfarar EINARS S. ÓLAFSSONAR verður skrifstofa okkar lokuð í dag, föstudaginn 6. júlí

E.S. Ólafsson ehf.,
Bíldshöfða 18,
Reykjavík

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



**HELGIHALD** Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, sóknarprestur í Ingjaldshólsprestakalli, annast helgihald í Helgigöngum undir Jökli.
MYND/GUÐRÚN LÁRA PÁLMADÓTTIR

RAGNHEIÐUR KARÍTAS PÉTURSDÓTTIR: STENDUR FYRIR HELGIGÖNGUM

# Sögur og andlegar hugleiðingar

Helgigöngur undir Jökli fara fram í dag og á morgun á vegum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Ingjaldshólskirkju. Doktor Pétur Pétursson og Sæmundur Kristjánsson leiðsögumaður og landvörður munu fara fyrir göngunni, ásamt Ragnheiði Karítas Pétursdóttur, sóknarpresti í Ingjaldshólsprestakalli, sem sér um helgihald.

„Við göngum þarna Guði til lofs og dýrðar, í lotningu og þökk fyrir sköpunarverkið og áminnum um mikilvægi þess að vernda náttúruna,“ útskýrir Ragnheiður. „Ég sem sóknarprestur mun annast helgistundir í upphafi og lok ferðana. Sæmundur Kristjánsson fléttar inn í þetta fróðleik um staðarhætti og fleira á leiðinni. Á meðan verður doktor Pétur Pétursson með andlegar hugleiðingar og er því kannski rétt að kalla hann andlegan leiðtoga gangnanna.“

Gangan í dag hefst klukkan 19.30 við forna kirkjustaðinn Saxhól. Þar fer fram helgistund og ferðablessun. Að svo búnu er förinni heitið um gamla þjóðveginn um Prestahraun og endað á Ingjaldshólskirkju klukkan hálf þrjú um nóttina, með helgistund og klukknahringingu.

„Dagskrá seinni dagsins hefst klukkan 15.30 með viðkomu í Einarslóni, sem er líka forn kirkjustaður,“ segir Ragnheiður. „Þar verður önnur helgistund og ferðablessun. Þaðan verður gengið upp Hellnakirkju, þar sem göngunni lýkur formlega með messuhaldi og altarisgöngu. Ekki er gist um nóttina en skipulagðar rútuferðir verða frá Ingjaldshóli að Saxhóli fyrri daginn og frá Hellnakirkju að Djúpalónssandi þann seinni.“

Ragnheiður segist eiga von á góðri þátttöku þar sem vel hafi verið mætt í fyrra á Jónsmessu, þegar Helgigöngur fóru fram í fyrsta sinn. „Þá slóst Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, með í för sem sérstakur heiðursgöngustjóri,“ rifjar hún upp. „Ásamt björgunarsveitinni Lífsbjörg í Snæfellsbæ, sem ætlar að endurtaka leikinn í ár til að tryggja örygga þátttakenda.“

Að lokum vill Ragnheiður benda áhugasömum á að taka með sér góða gönguskó, léttan bakpoka með regnfatnaði og nesti og drykkjarvatn, þar sem ekki verði boðið upp á mat. Fólki gefist hins vegar tækifæri til að snæða þegar hlé verða gerð á göngunni, fyrir sögustundir og andlegar hugleiðingar.

roald@frettabladid.is



## GULLBRÚÐKAUP

Hinn 13. júlí 1957 lögðu leið sína upp að altarinu í Hóladómkirkju þau

**María Pálsdóttir**
frá Hofi og **Þórarinn Þórarinsson**

frá Vogum til að vinna hvort öðru ævilangt hjúskaparheit. Síðan hafa þau búið búi sínu í Vogum og meðal annars fætt og alið upp fimm mannvænleg börn. Í tilefni þessara tímamóta verða þau hjón með opið hús til gestamóttöku í Skúlagarði föstudaginn 13. júlí næstkomandi frá kl. 19.00 og vænta þess að sem allra flestir vinir og vandamenn sjái sér fært að gleðjast með þeim þessa kvöldstund.

## AFMÆLISBÖRN

**Guðmundur Magnússon** leikari og leikstjóri er sextugur í dag.



**Magnús Kjartansson** tónlistarmaður er 56 ára í dag.





**Ásdís Halla Bragadóttir** forstjóri BYKO er 39 ára í dag.



**Kristín Ólafsdóttir** athafnakona er 35 ára í dag.

# Útsala

## á húsgögnum

## Fyrstur kemur fyrstur fær
## Allt að 137.940 kr. afsláttur

| | Verð áður | Verð nú | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| Leðursófasett 2323 | ~~229.900~~ kr. | 91.960 kr. | 137.940 kr. |
| Leðursófi með tungu | ~~139.900~~ kr. | 89.928 kr. | 49.972 kr. |
| Sófasett 1189 3+1+1 | ~~249.000~~ kr. | 199.200 kr. | 49.800 kr. |
| Sófasett 3217 3+1+1 | ~~199.900~~ kr. | 157.920 kr. | 41.980 kr. |
| Call Dany leðursófi | ~~219.000~~ kr. | 194.100 kr. | 24.900 kr. |
| Theo skenkur | ~~184.900~~ kr. | 147.920 kr. | 36.980 kr. |
| Theo skápur | ~~159.900~~ kr. | 127.920 kr. | 31.980 kr. |
| Theo borð | ~~139.900~~ kr. | 111.920 kr. | 27.980 kr. |
| Theo sjónvarpsskápur | ~~129.900~~ kr. | 103.920 kr. | 25.980 kr. |
| Theo sófaborð | ~~99.900~~ kr. | 79.920 kr. | 19.980 kr. |
| Orthopedico rúm 150x200 | ~~72.900~~ kr. | 58.320 kr. | 14.580 kr. |
| Orthopedico rúm 180x200 | ~~87.900~~ kr. | 70.320 kr. | 17.580 kr. |









**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

Gildir til 12. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# STUÐ MILLI STRÍÐA Út úr bænum

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** NENNIR EKKI AÐ KEYRA BARA MIKLUBRAUTINA ENDALAUST



Síðustu ár hef ég stöðugt verið að átta mig betur og betur á því hvað það eru mikil forréttindi að hafa fengið að alast upp annars staðar en í miðbæ Reykjavíkur. Reyndar var það þar sem ég kom í heiminn og bjó fyrstu árin en fljótlega var ég samt flutt norður í land þar sem ég bjó fram undir tvítugt. Eftir að ég eltist hef ég síðan verið á stöðugu flakki fram og til baka og þó að mér finnist ágætt að búa í höfuðstaðnum finnst mér alltaf mjög gott að geta skipt um umhverfi og komist heim í sveitina.

Jólafrí og páskafrí hafa því verið í miklu uppáhaldi hjá mér síðustu ár þar sem ég hef getað notað þau til þess að fara heim og slappa af. Þangað til nýlega tengdi ég dálæti mitt á þessum fríum aðallega við meiri svefn en nú er ég búin að átta mig á að sennilega er það flóknara en svo.

Síðasti vetur var nefnilega einn besti vetur sem ég hef átt þau ár sem ég hef búið í Reykjavík. Ástæðan var ekki sú að ég væri í fríi allan veturinn, því það var ég alls ekki, heldur sú að þetta árið var ég miklu duglegri við að fara stuttar dagsferðir út úr bænum en fyrri ár. Skammdegisletin sem ég hafði verið að pirra mig á var því eftir allt saman ekki bara leti heldur líka einhvers konar hundraðogeinn innilokunarkennd.

Þrátt fyrir að vera að norðan og þar af leiðandi viss um að allar helstu náttúruperlur landsins sé þar að finna er ótrúlegt hvað ég er búin að finna marga fallega og áhugaverða staði sunnanlands á stuttum tíma. Ég hef reynt að fara eitthvað og gera eitthvað skemmtilegt flestar helgar og það er alveg á hreinu að því að keyra út í sveit fylgir einhver frelsistilfinning sem finnst ekki á miklubrautum borgarinnar.

Ég mæli því með ferð í sveitina fyrir alla sem vilja vera almennt ánægðari og orkumeiri, og ekki bara á sumrin heldur líka á haustin, vorin og veturna. Helst bara eins oft og mögulegt er. Ég er líka alveg á því að þó að geti verið gaman að skreppa til London eða einhverrar annarrar borgar jafnist það ekki á við að fara út í íslenska sveit, ef maður hefur ekki verið duglegur að því.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






**749** kr/kg. áður 999 kr/kg.
Humar 1 kg.



**989** kr/kg. áður 1.099 kr/kg.
Fjörfisks laxabitar með roði og beinhreinsaðir




**779** kr/kg. áður 1.298 kr/kg.
Goða lambaofnsteik




**1.759** kr/kg. áður 2.199 kr/kg.
Kjötsels grill lambakótilettur




**1.679** kr/kg. áður 2.099 kr/kg.
Kjötsels grillsneiðar úr lambalæri




**1.399** kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
SS nautakótilettur




**299** kr/kg. áður 575 kr/kg.
Svið

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda:5. júlí til 8. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**!**

*Um helgina lýkur sýningu í Nýló á risastóru rýmisverki sem listakonan Anna Sigmond Guðmundsdóttir vann sérstaklega fyrir Nýlistasafnið. Þar má sjá æpandi liti í bland við óhugnanlegar myndir og skær ljós inni í lokuðu rými með þykkum svörtum leiktjöldum. Hljómsveitin Kolber Kolkoba mun enda hana með tónleikum á laugardag. Anna Sigmond Guðmundsdóttir er hálf-íslensk en hefur aldrei áður sýnt á Íslandi. Nýlistasafnið er á Laugavegi 26 en gengið er inn Grettisgötumegin. Opið er mið.-sun. milli 12-17.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Sýnt í Innréttingum

Handverk og hönnun hefur nú haft aðsetur í nýuppgerðu húsi Innréttinganna í Aðalstræti 10 í Reykjavík um nokkurt skeið. Á fimmtudag var þar opnuð ný sýning á vegum samtakanna. Hún kallast Á skörinni. Þar sýna Margrét Þórarinsdóttir handgerða fugla, Snjólaug Sigurjónsdóttir sýnir útsaumaðar myndir og Fitjakot sýnir púða. Margrét hefur búið til fugla í hátt í tuttugu ár og fengist við ýmist annað handverk. „Frá fjöru til fjalls“ kallar Margrét fuglasýninguna. Útsaumurinn er henni mjög hjartfólginn, þar leikur hún sér með liti, form og áferð og má segja að Snjólaug sé að reyna að mála með nálinni. Á sýningunni „Á skörinni“ sýnir hún myndaröð sem kallast „Hjartans mál“. Okkar margbreytilegu tilfinningar eru tengdar við hjartað og er Snjólaug í myndum sínum að túlka þær í litum, formi, efni og áferð. Guðrún Hannele Henttinen og Rannveig Helgadóttir vinna saman undir nafninu Fitjakot. Á sýningu Fitjakots verða púðar með hinum mörgu andlitum Fridu Kahlo. Kveikjan er hið sterka og litríka myndmál listakonunnar sem málaði m.a. margar sjálfsmyndir. Púðar hafa það hlutverk að vera til þæginda en ekki síður augnayndi. Sýningin stendur til 2. ágúst 2007.



**HANDVERK** Fuglar eftir Margréti Þórarinsdóttur.

- pbb

# Melodía komin út

**Í Árnasafni í Kaupmannahöfn er varðveitt sautjándu aldar handrit sem lætur lítið yfir sér en geymir fjársjóð sem tengir íslenskt þjóðlíf á þeim tímum og jafnvel fyrr við menningarheim Evrópu. Það er úr fórum Rasmusar Rask málfræðings en ýmsum getum hefur verið leitt að því hver skrifaði handritið upp: það geymir nótur að 223 lögum við íslensk ljóð, sum frumsamin, en önnur uppsuðu úr erlendum textum: söngva við erlend þjóðkvæði, tvísöngva, sálma, drykkjuvísur og margt fleira.**




**TÓNLIST** Kápa hinnar veglegu útgáfu með lögum úr Melodíu skreytt baldíreðum saumi á púða frá fyrri hluta 19. aldar.

Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarmaður, tónlistarfræðingur og pistlahöfundur hér í Fréttablaðinu til skamms tíma, hefur eytt drjúgum tíma í að rannsaka handritið og grafast fyrir um hvaðan þessi tónlist sem það geymir sé upprunnin. Fyrir skömmu greindi Árni Heimir frá því í erindi um Melódíu að handritið bæri öll merki þess að vera ætlað skrifaranum sjálfum, sem hefði líklega langað til að eiga öll uppáhaldslögin sín á sama stað. „Það hljómar kannski einkennilega, en þetta gamla íslenska handrit er iPod síns tíma. Þarna safnaði einhver óþekktur einstaklingur öllum uppáhaldslögunum sínum í eina bók sem hann gat farið með hvert sem var og sungið fyrir sjálfan sig og aðra. Kannski getum við sagt að lögin þarna séu „topp 200“ lög 17. aldarinnar á Íslandi, og það gerir handritið auðvitað einstakt í sinni röð. Þetta voru lögin sem nafntoguðustu menn og konur þessa tíma hafa eflaust raulað fyrir munni sér, t.d. Hallgrímur Pétursson, Brynjólfur Sveinsson biskup og Ragnheiður dóttir hans,“ segir Árni Heimir.

Nú hefur Árni bætt um betur: Sönghópurinn Carmina hefur nú hljóðritað 33 þeirra laga sem er að finna í Melodiu og komið á disk. Þar með eru tónsmíðarnar úr handritinu komnar hringinn: þær lifnuðu við fyrir mörgum öldum í hugum Íslendinga og komast nú aftur til sinna heimkynna, í íslensk eyru. Diskurinn er afrakstur rannsókna sem Árni Heimir og Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sagnfræðingur hafa unnið að í nokkur ár og hlutu meðal annars styrk úr Rannsóknasjóði.

Að sögn Árna Heimis lá mesta vinnan í að grafast fyrir um hvaðan lögin væru upphaflega komin. „Lengi vel var talið að flest ef ekki öll lögin í Melódíu væru íslensk þjóðlög, en nú er komið í ljós að málið er ekki alveg svo einfalt. Mörg þeirra eru komin frá meginlandi Evrópu og nutu mikilla vinsælda á sínum tíma. Okkur hefur tekist að finna lögin í handritum og prentuðum bókum meðal annars frá Þýskalandi, Austurríki, Sviss, Frakklandi og Spáni, sem þýðir að við getum notað upprunalegu útsetningarnar sem stundum fylgdu ekki lögunum til Íslands. Þetta gefur diskinum skemmtilegan blæ og greinilegt að miklu meira var um alþjóðlega tónlistarstrauma á Íslandi á 16. og 17. öld en nokkurn hafði órað fyrir.“ Það er Smekkleysa sem gefur diskinn út og honum fylgir ítarlegur bæklingur þar sem saga handritsins og laganna er rakin. Auk þess fylgja söngtextar á íslensku og í enskri þýðingu Bernards Scudder.

Carmina er annars nýkomin úr tónleikaferð til Svíþjóðar þar sem hópurinn flutti efnisskrá úr Melódíu á Stockholm Early Music Festival, sem er ein virtasta endurreisnartónlistarhátíð Norðurlanda. Tónleikar Carminu vöktu mikla athygli og var mál manna að söngur Íslendinganna hafi slegið rækilega í gegn, en meðal annarra gesta hátíðarinnar voru spænski gömbuleikarinn Jordi Savall og sveit hans, Hesperion XXI. „Það hefur mikið verið spurst fyrir um þetta verkefni frá alþjóðlegum tónlistarhátíðum og við erum strax komin með fleiri boð sem við erum að vinna úr. Það er gífurlegur áhugi erlendis á því að gægjast inn í gamla íslenska tónlistarheiminn og mjög spennandi að fá að taka þátt í þessari miklu endurreisn á okkar gamla söngarfi.“

Útgáfa disksins er menningarsögulegur viðburður og í flutningi Carmina vakna lögin og ljóðin á ný og bæta stórri vídd inn í íslenska menningarsögu. pbb@frettabladid.is












**Latabæjarstígvél**
bleik, blá
st. 19-32




**Latabæjargúmmískór**
bleikir, bláir
st. 19-32




**Buff Latibær**
bleikt, blátt
st. O/S




**Flís ennisband Latibær**
bleikt, blátt
st. 2-4

Gildir til 9. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Lokahelgi Davíðs



DAVÍÐ ÖRN HALLDÓRSSON

Það er komið að sýningarlokum á fyrstu einkasýningu Davíðs Arnar Halldórssonar í Safninu á Laugavegi. Hann er fæddur í Reykjavík, býr þar og starfar. Davíð Örn fæst við máralistina og hefur gert síðan hann útskrifaðist frá Myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2002.

Verk Davíðs Arnar eru gjarnan byggð á atburðum úr daglega lífinu; persónuleg úrvinnsla á umhverfisskynjun Davíðs, sem hann útfærir gjarnan í formi myndmáls sem á sér grunn í og vísar til teiknimynda, veggjalistar (graffiti), pop-listar og til vestrænnar listasögu. Bakgrunnur Davíðs úr námi í grafík við Listaháskólann leynir sér ekki í verkum hans; það er sá efnislegi grunnur sem listamaðurinn byggir á.

Í Safni sýnir Davíð Örn málverk, sem máluð eru með blandaðri tækni á fundnar tréplötur. Davíð Örn málar einnig á veggi Safns og notar á þá litað límband sem hluta af veggverkum. Goddur segir um verk hans: „Hann myndbirtir úthverfakúltúrinn. Hann kemur úr úthverfi, er Breiðholtsgötustrákur. Samt er eins og maður gangi inní expressjóníska miðevrópska landslagshefð, allt frá secessjónistum til Hundertwassers. Hann málar á fundna hluti, borð, hurðir, palla, mottur, dúka o.þ.h. Hann notar túss, sprey og stensla, það flæðir út á veggina og myndar einskonar abstrakt landslag hugvíkkandi sýrunnar. Tónlistin er nálæg. Maður sér í ecstasíuna, danskúltúrinn og reifið.“

**- pbb**


## Sýningar á söguloft

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

**Júlí:** 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt

**Ágúst:** 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600

Nánari upplýsingar
**www.landnamssetur.is**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


# Nýtt Blek



NEO-BLEK

Nýtt hefti af myndasögublaðinu Blek er komið út en það ber nú heitið Neo-Blek. Þetta er tólfta blaðið í hinni merku útgáfu íslenskra myndasögusmiða og hefur útgáfa þess ekki notið nægilegrar athygli. Blaðið er 60 bls. í svarthvítu. Meðal efnis í blaðinu að þessu sinni er viðtal við Bjarna Hinriksson. Lesendur kynnast frekari ævintýrum Jakobs. Yfir honum hvílir bölvun sem tekur engan enda. Nýr söguhöfundur er kominn frá Austfjörðum til að kynna fyrir okkur nýju hetjuna sína sem hjálpar fátækum á götum stórborga.

Blaðið er til sölu í Nexus og hjá Froskur-útgáfu.

**- pbb**











**TÓNLIST** Guðlaugur Kristinn Óttarsson, tónsmiður og rafhljóðaspekúlant með meiru. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Vatnið úr myllu kölska

**Þegar Roni Horn kom Vatnasafni sínu á fót í Stykkishólmi var stór hluti af áætlunum hennar og breska listafyrirtækisins ArtAngel að þar yrði sköpuð aðstaða fyrir Hólmara og aðkomumenn til samkomuhalds. Annað kvöld rætist það: Guðlaugur Kristinn Óttarsson og Einar Melax verða þar með tónleika.**

Yfirskrift tónleikanna er útúrsnúningur úr kunnum íslenskum frasa: Vatn úr myllu Kölska kalla þeir félagar tónleikahaldið sem hefst annað kvöld kl. 20.30. Frumflutt verður nýtt tónverk eftir Einar, Ópusar af Dense Timesafninu sem Guðlaugur sendi frá sér í fyrra auk verka eldri meistara. Gripið er í ýmis hljóðfæri við flutninginn: Rafgítar, tölvugítar, forvera knéfiðlunnar, viola da gamba auk slagverks af ýmsu tagi.

Einar vann á sínum yngri árum með ýmsum fjöllistamönnum: hann var í Medúsu-hópnum úr Breiðholtinu, hinum sérstaka íslenska ungskáldahóp sem hóf upp raust sína á árum pönksins og kom með séríslenskan súrrealisma inn í íslenskar bókmenntir. Þar voru með Einari í för Sjón, Jóhamar og Þór Eldon, síðar Sykurmoli. Einnig starfaði hann í hljómsveitinni Fan Houtens Kókó, sem leiddi hann síðar beint inn í hljómsveitina Kukl sem varð fyrsta útrásarsveit Íslendinga – með ófyrirséðum afleiðingum – svo sem Sykurmolunum og sólóferli Bjarkar.

Einar lauk BA-prófi í tónlistarkennslu 1989 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, og síðar framhaldnámi í tónsmíðum og tónvísindum frá sama skóla, og hefur starfað síðan sem tónlistarkennari og skólastjóri við ýmsa tónlistarskóla á Íslandi. Hann hefur verið afkastamikið tónskáld, jafnt í nútímatónlist, kvikmyndatónlist sem og alþýðutónlist. Af kvikmyndatónlist má nefna „Dagsverk“ eftir Kára Schram, heimildarmynd um Jón úr Vör og „Draumadísir“ eftir Ásdísi Thoroddsen. Helstu nútímatónverk Einars eru t.d. „Sketches for Piano“, „String Travels“, „Grandmother“, „Introitus“, „On the 128th Birthday of Eric Satie“, og „Tribute to Spring and Franz Liszt“. Af nýjustu viðfangsefnum Melaxar má helst nefna: Óperu við texta Dags Sigurðarsonar skálds, söfnum náttúrulegra umhverfishljóða og smíði klassískra miðaldarhljóðfæra, en á tónleikunum í Vatnasafninu mun Einar leika á eitt af smíðaverkum sínum: viola da gamba, sem er undanfari knéfiðlunnar.

Lagsbróðir hans, Guðlaugur Kristinn Óttarsson, er þekktur fyrir gítarleik sinn og tónsmíðar en hann hefur leikið með ýmsum hljómsveitum og tónlistarmönnum á löngum ferli sínum. Á níunda áratugnum var hann einn af þeim sem leiddu endursköpun íslenskrar rokk- og popptónlistar með hljómsveitunum Þey og Kukli þar sem hann bæði lék á gítarinn og samdi talsvert af efni sveitanna. Hann hefur líka komið víða við í samstarfi við aðra hljómlistarmenn og tónskáld, til að mynda sömdu hann og Björk lög saman og hann hefur leikið á flestöllum hljómplötum Megasar frá því á níunda áratugnum.

Sem tónskáld sameinar Guðlaugur ýmsar stefnur og nálganir og erfitt er að skipa tónsmíðum hans á bás. Þótt hann hafi átt þátt í að skapa hið kraftmikla pönk nýbylgjuáranna eru verk hans sjálfs flóknar smíðar og vandasamar, jafnt í hljómskipan sem rythma, enda Guðlaugur annálaður fyrir djúpan skilning sinn á stærð- og tónfræði. Það má kannski segja að verkin standi einhvers staðar á mótum djass og rokks, en með tónsmíðaaðferðum sem oft eru meira í ætt við Bach eða tuttugustu aldar tónskáld eins og Sjostakovitsj eða Pärt.

Fyrir rúmu ári síðan kom út platan Dense Time þar sem Guðlaugur flytur verk sín ásamt ýmsum tónlistarmönnum. Á þeirri plötu má finna gott yfirlit yfir verk hans síðustu tuttugu árin og kynnast þeim tónheimi og þeirri nálgun sem Guðlaugur hefur þróað með sér. Tónleikarnir í Vatnasafninu byggja annars vegar á efninu sem þar er að finna, en í upphafi tónleikanna verður frumflutt nýtt verk; „On the binary nature of triad structures in the subnuclear realm“ auk verka tónskáldanna Vivaldi, Bach og Charles Mingus.

Forvitnilegt verður gestum að heyra þá félaga flytja verk sín í sérkennilegum heimkynnum Vatnasafnsins þegar kvöldsólin skín beint inn um glugga safnsins sérstaka í Hólminum.

**pbb@frettabladid.is**





Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.



MARGRÉT BLÖNDAL

# Blöndal í Boxi

Myndlistarkonan Margrét Blöndal sýnir teikningar sína í Gallerí Box í Kaupvangsstræti 10 á Akureyri og verður sýningaropnun á laugardag - 07.07.07 - kl. 14:00. Sýningin stendur til 22.júlí og er opið á laugardögum og sunnudögum frá 14-17 en einnig eftir samkomulagi.

Margrét hefur löngum þótt einn efnilegasti myndlistarmaður sinnar kynslóðar og hefur mikið unnið með fundið efni.



DAGNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR: KARLMANNSMYNDIR

# Karlmennska

Á morgun verður opnuð myndlistarsýning í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þar sýnir Dagný Guðmundsdóttir ljósmyndaverk. Dagný býr og starfar í Reykjavík. Hún er félagi í MHR, Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og SÍM, Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Á undanförnum sýningum hefur hún unnið með karlmannslíkamann á kvenlegum forsendum. Sýningu sína kallar hún Maður með mönnum. Hún stendur yfir frá 7. júlí til 12. ágúst í Edinborgarhúsinu og sýnir stórar ljósmyndir af stæltum karlmönnum takast á. Hægt er að forvitnast meira um Dagnýju á umm.is.










## > Í SPILARANUM

**Lada Sport** - Time and Time Again
**Editors** - An End Has A Start
**Logar** - Mikið var
**Simian Mobile Disco** - Attack Decay Sustain Release
**Smashing Pumpkins** - Zeitgeist

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Curver endurútgefur Sjö

„Platan kom áður út fyrir tíu árum, þann sjöunda sjöunda 1997. Þetta er hugmyndafræðileg plata sem gengur alfarið út á töluna sjö og verknaðinn við að gera plötuna frekar en lögin sjálf,“ segir Curver sem endurútgefur plötuna Sjö á morgun.

Platan var tekin upp á sjö dögum árið 1997. Í 7 daga vaknaði Curver klukkan 7.00 á morgnana eftir 7 klukkutíma svefn. Til að vakna tók hann 7 armbeygjur og fór svo í 7 mínútna sturtu. Frá klukkan 7.00 til 24.00 hafði hann 17 klukkutíma til að semja og taka upp grunn að lagi á 7 hljóðrásir. Lögin eru allt að sjö mínútur á lengd en byrja á sjö mínútna fresti þannig að ef lagið er fjórar mínútur er þriggja mínútna þögn þar til næsta lag byrjar.

„Ég hafði það alltaf í huga að endurútgefa plötuna 07.07.07. Mig langaði samt til að gera þetta einhvern veginn upp á nýtt þannig að hún kemur út á DVD disk. Á disknum er stafræn endurhljóðjöfnun af plötunni, upptaka af plötuspilara að spila alla plötuna, viðtal sem Andrea Jóns tók við mig á sínum tíma í tilefni útgáfunnar, alls konar myndir og fleira dót.“



**PLATAN SJÖ** Tónlistarmaðurinn Curver endurútgefur plötuna Sjö þann sjöunda sjöunda 2007.

Platan kemur út í 77 númeruðum eintökum sem kosta 777 kr stykkið.



## > Plata vikunnar

The White Stripes - Icky Thump

★★★★

Hrá, grípandi og sveitt. Já, dúettinn The White Stripes er aftur búinn að finna fjölina sína.

SHA



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Gott plötuár þrátt fyrir samdrátt*

Nú þegar árið 2007 er hálfnað er ekki úr vegi að staldra við og skoða stöðuna í tónlistarheiminum. Og þá kemur tvennt upp í hugann. Í fyrsta lagi að hnignun tónlistariðnaðarins heldur áfram og í öðru lagi að árið stefnir í að verða yfir meðallagi hvað gæði útgefins efnis varðar. Það fyrrnefnda þrátt fyrir það síðarnefnda...



**ÓLÖF ARNALDS** Á eina af bestu plötum ársins til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Plötusala í Bandaríkjunum hefur dregist saman um sextán prósent það sem af er ársins og samdrátturinn er mun meiri ef litið er til baka til ársins 2000. Annarsstaðar í heiminum er líka samdráttur þó að hann sé heldur minni. Á Íslandi hefur verið aukin sala á innlendum plötum undanfarin ár, en minni sala á erlendu efni. Tölur fyrir árið 2007 liggja ekki á lausu.

Samkvæmt úttekt Rolling Stone hefur 5.000 starfsmönnum í plötuiðnaðinum í Bandaríkjunum verið sagt upp störfum á síðustu sex árum (nú síðast 400 manns hjá Warner í maí) og stóru plötufyrirtækin eiga í verulegum vandræðum. Niðurhal og samkeppni við aðra afþreyingu eru helstu ástæður. Plötubúðum hefur líka fækkað mikið bæði í Bandaríkjunum og Evrópu og nú sem fyrr eru uppi kenningar um að dagar plötunnar séu senn taldir.

Ef gæði útgáfunnar er einhver vísbending þá er hinsvegar ekki ástæða til að óttast. Í ár eru þegar komnar út fjölmargar frábærar plötur bæði íslenskar og erlendar. Ég nefni sem dæmi nýjar plötur LCD Soundsystem, Battles, Of Montreal, The National, Dizzee Rascal, Deerhunter, Justice og Rufus Wainwright í erlendu deildinni og plötur Seabear, Skáta, Ólafar Arnalds, Aminu, Bjarkar, Gus Gus og Ölvis í þeirri innlendu.

Það hriktir í stoðum gömlu útgáfurisanna og útgáfulandslagið á kannski eftir að gjörbreytast á næstu árum. Persónulega er ég hinsvegar engan veginn tilbúinn að samþykkja þær hrakspár að platan sem slík leggist af og tónlistarmenn fari bara að gefa út stök lög og spila á tónleikum. Allar bestu plöturnar eru heildstæð verk, ekki bara safn af lögum og ég held að hvort sem þær verði seldar á diskum eða MP3-skrám eða hreinlega gefnar þá muni tónlistarmenn áfram finna hjá sér þörf til að búa til plötur.

# Stóra prófið hjá Interpol

**Þriðja plata Interpol er væntanleg í búðir eftir helgi en þriðja plata ýmissa listamanna hefur oft reynst þeim þrautinni þyngri. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* athugaði málið betur.**



**STÓRT SPURNINGARMERKI** Þriðja plata Interpol kemur út eftir helgi. Aðdáendur sveitarinnar bíða í ofvæni enda hefur lítið spurst út um ágæti plötunnar enn sem komið er.

Hljómsveitin Interpol byrjaði fyrst að vekja athygli upp úr síðustu aldamótum og eftir stuttan túr um Bretland var sveitin meðal annars fengin til að spila hjá útvarpsmanninum John Peel hjá BBC. Hljómsveitin samdi loks við plötuútgáfuna Matador sem þykir með þeim virtari í sínum bransa (hefur haft á sínum snærum sveitir eins og Yo la tengo, Pavement, Belle & Sebastian og fleiri). Í lok árs 2002 leit síðan platan Turn on the Bright Lights dagsins ljós sem er án nokkurs vafa ein af betri plötum áratugarins.

Önnur platan, Antics, kom út tveimur árum seinna og fékk ekki nærri eins góðar viðtökur hjá gagnrýnendum. Nýlega var platan meira að segja valin ein af mestu vonbrigðum seinni ára hjá einum blaðamanni Stylus Magazine. Viðtökurnar voru samt sem áður engan veginn falleinkunn fyrir sveitina enda seldist Antics frekar vel og er þrátt fyrir allt stórfín plata sem hefur margt upp á að bjóða.

### Hættu fjórum sinnum

Nú, nærri þremur árum eftir Antics, hefur Interpol kvatt Matador og er búið að flytja sig yfir til eins af plöturisunum. Ekkert óvenjulegt skref, ef út í það er farið, enda sveitin orðin eitt af stærstu nöfnunum í tónlistarsenunni í dag. Þetta hafa einnig margar stórkostlegar sveitir gert við fínan orðstír (Sonic Youth, Modest Mouse og R.E.M til þess að nefna örfáar).

Our Love to Admire heitir svo nýi gripurinn. Inniheldur ellefu lög og eiga þau að tryggja stöðu sveitarinnar og helst auðvitað að bæta um betur. Mörg bönd og margir tónlistarmenn hafa hins vegar lent í miklum vandræðum með þriðju breiðskífu sína. Interpol er samt þannig sveit að nánast engar líkur eru á því að nýja platan floppi. Mikið hefur samt gengið á hjá sveitinni enda viðurkenndi trommarinn Sam Fogarino í færslu á heimasíðu Interpol í fyrra að bandið hefði hætt fjórum sinnum á síðustu misserum.

### Ekkert nema hvísl

Lítið hefur verið skrifað um nýju plötuna enda eru meðlimir Interpol þekktir fyrir andúð sína á fjölmiðlum. Aðalgítarleikari sveitarinnar, Daniel Kessler, sagði hins vegar nýlega í viðtali við NME að sveitin hefði notast við hljómborð frá upphafi til enda við gerð plötunnar, eitthvað sem Interpol hefur ekki gert áður. Þeir fáu miðlar sem skrifað hafa um plötuna til þessa lýsa henni sem mun útvarpsvænni en fyrri plötur og hafi mun grófari áferð. Fyrsta smáskífa plötunnar, The Heinrick Maneuver, gefur til kynna að sveitin ætli að halda sínu striki og ber með sér þennan eitraða Interpol-keim. Kemst þó ekki upp á sama stall og mörg bestu lög sveitarinnar.

### Fleiri spurningarmerki

Sveitinni hefur tekist líka stórvel að koma í veg fyrir leka á plötunni og erfitt hefur verið að nálgast hana, nánast ómögulegt. Fáir dómar hafa einnig litið dagsins ljós. Níu af tíu hjá Drowned in Sound og eingöngu þrír af fimm hjá All Music Guide gefa manni lítið meira en eitt stórt spurningarmerki.

Sveitin hefur verið að spila vítt og breitt um Evrópu um þessar mundir og fer síðan til Bandaríkjanna í haust. Ég sá sveitina spila í Noregi um síðustu helgi og varð fyrir nokkrum vonbrigðum. Meðlimir virtust hálf áhugalausir og spiluðu eingöngu þrjú lög af nýju plötunni. Undir lokin náði sveitin samt að framkalla þá töfra sem ég tengi við Interpol. Gefur manni von um að nýja platan valdi ekki vonbrigðum en hún kemur í verslanir hérlendis næstkomandi mánudag.






Ferskt úrvals hrefnukjöt í næsta kjötborði
Ert þú búinn að prófa hrefnu?
Farðu nýjar leiðir og prófaðu hrefnu á grillið.
Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun.
Meistarakokkarnir mæla með úrvalshrefnukjöti í veisluna – og svo er það þægilegt í matreiðslu.
Þú færð úrvals hrefnukjöt í eftirtöldum verslunum:
NÓATÚN
KRÓNAN
Samkaup úrval
nettó
FK FJARÐARKAUP
KJARVAL
Melabúðin
KASKO
Hrefnuveiðimenn
www.hrefna.is

# Metsölulisti Eymundsson

kiljur

1. Viltu vinna milljarð?



Vikas Swarup

Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Sautján vikur á toppi vinsældarlistans.

2. Konungsbók

Arnaldur Indriðason



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

3. Ókei bæ!

Hugleikur Dagsson



Nú geta aðdáendur Hugleiks Dagssonar glaðst því að Ókei bæ!, sjötta bók hans, er komin í verslanir!

4. Tvíburarnir

Tessa de Loo



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

5. Flugdreka-hlauparinn



Khaled Hosseini

Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

6. 5. Riddarinn

James Patterson



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfundar heims um þessar mundir.

7. Síðasti Musterisriddarinn



Raymond Khoury

Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

8. Saffraneldhúsið

Yasmin Crowther



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

9. Sá yðar sem syndlaus er



Ævar Örn Jósepsson

Besta glæpasaga síðasta árs að mati gagnrýnenda.

10. Hugarfjötur

Paulo Coelho



Rithöfundurinn leiðir lesandann um eðli ástarinnar, mátt örlaganna og hvað það þýðir í raun og veru að láta hjartað ráða för.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is



**NÖRDAR** Hyggjast hefna fyrir ófarir Íslendinga gegn Svíum.

# Nördaleikur í dag

Íslenska nördaliðið, KF Nörd, undir stjórn Loga Ólafssonar hyggur á hefndir í kvöld þegar liðið mætir sænska nördaliðinu á Kópavogsvelli klukkan átta. Við sama tilefni verður ný stúka vígð og því mikið um dýrðir í Kópavogi enda stendur Landsmót UMFÍ sem hæst í bænum. Liðin voru á opinni æfingu í gær og boðuðu til blaðamannafundar síðar um daginn en þar kom fram að íslensku strákunum sveið stórt tap A-landsliðsins fyrir Svíum nýverið í undankeppni Evrópumótsins.

# Pete býr í hjólhýsi

**Allt virðist vera í hers höndum á milli Kate Moss og Petes Doherty en Pete býr núna í hjólhýsi. Hann fór fyrir rétt á þriðjudaginn fyrir að hafa verið gripinn með eiturlyf í fórum sínu og fékk harða viðvörun frá dómaranum en slapp við fangelsisvist í bili. Kate er búin að sparka Pete út og hefur einnig skipt um lás á húsinu sínu bara til þess að hann komist ekki inn.**



**GLASTONBURY** Fyrir rúmri viku lék allt í lyndi hjá parinu sem spókaði sig um í drullubælinu Glastonbury.

Eftir fréttir af framhjáhaldi Petes flúði Kate til Parísar í von um að slúbbertinn Pete elti hana. Í staðinn fór hann þó á rosalegt fyllerí og hefur látið hafa eftir sér að það hafi verið hann sem sleit sambandinu. „Ég þarf mitt svigrúm,“ sagði hann. Þau hafa víst rifist heiftarlega undanfarna daga og Doherty líkir sambúðinni við að búa með umsátursmanni og finnst eins og Moss kæfi sig. „Hann segir að það eina sem Kate geri sé að öskra á sig í símanum og skella á,“ sagði heimildarmaður. Kate virðist vera alveg miður sín yfir málinu og þurfti að hætta við að koma fram á tískusýningu Johns Galliano fyrir Dior. Stuttu eftir að fyrirsætan fór til Parísar komu flutningamenn heim til hennar og báru allt dót Dohertys út. Þar mátti sjá meðal annars málverk af Kate, gítara og gamlar ferðatöskur.

Jefferson Hack, barnsfaðir Kate, hefur svo miklar áhyggjur af ástandi fyrirsætunnar að hann hefur komið henni til aðstoðar með því að sjá um dóttur þeirra Lilu Grace.

Þó svo að Pete ber sig vel er augljóst að honum líður alls ekki vel. Í réttinum á þriðjudaginn var hann spurður um heimilisfang og gaf þá upp heimili Moss án þess að hugsa en sagði svo: „Reyndar hefur það breyst.“ Svo brotnaði hann saman og skældi, rokkarinn mikli.



**KATE MOSS** Fyrirsætan fer huldu höfði þessa dagana og er miður sín vegna framhjáhalds kærastans. Hér er hún þó voða glöð á Glastonbury-hátíðinni að horfa á Doherty spila.



**PETE DOHERTY** Rokkarinn býr í hjólhýsi þessa dagana enda er kærastan búin að sparka honum út.

**LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR** Kristín Þóra Haraldsdóttir

# Kaupi fötin þar sem þau eru flott

**Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að bíða þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Á næstu dögum munu þessir nýjustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi. Í dag er það Kristín Þóra Haraldsdóttir sem situr fyrir svörum.**

**Aldur:** 25 ára

**Draumahlutverkið?** „Móðurhlutverkið.“

**Besta æskuminningin?** „Sitjandi við baðvaskinn að horfa á ömmu mála sig.“

**Ef ekki leikari hvað þá?** „Prestur, hjúkka, lögfræðingur... leikari getur fengið að vera þetta allt í smástund.“

**Sátt við nýju ríkisstjórnina?** „Mjög sátt.“

**Hvar er best að vera?** „Í sveitinni.“

**Myndirðu koma nakin fram?** „Seinni tíma spurning.“

**Hvers getur þú síst verið án?** „Æðri máttar.“

**Hefur þú neytt fíkniefna?** „Er sykur fíkniefni?“

**Hvernig bíl áttu?** „Stend í kaupum á bíl, Rauður PEUGOT 307, stolt mitt og yndi.“

**Hvar kaupir þú fötin þín?** „Þar sem þau eru flott.“

**Ef þú værir síamstvíburi, hver ætti að vera fastur við þig?** „Michael Bolton hiklaust.“

**Ef þú værir ein í heiminum, hvað myndir þú gera?** „Senda Palla SMS: „Hvar ertu?““

**Hvað þarf mörg hrísgrjón til að mynda hrúgu?** „Þrjú, svo hægt væri að mynda meirihluta.“

**Hvar er besta vídeóleigan?** „Aðalvídeóleigan, og líka heima hjá Söru og Sigrúnu bekkjasystrum mínum.“

**Hvernig týpa ertu?** „O mínus.“



**KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR** Dýrkar Michael Bolton. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


FALLING IN BETWEEN
NBC
2B COMPANY
kynnir
TOTO
ÓSÓTTAR PANTANIR Í STÚKU
VERÐA SELDAR Í DAG!
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!
FARÐU NÚNA Á MIDI.IS
Ert þú búinn að tryggja þér miða?
Sérstakt tilboð til allra safnkorthafa N1: Miðaverð er
kr. 5.300 í stæði til safnkorthafa á kr. 3.300 + 1000 punktar.
Miðasala fyrir safnkorthafa er á tveimur þjónustustöðvum,
það eru N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut.
ICELANDAIRHOTELS
N1
THULE
midi.is
www.TOTO99.com

# Pavarotti nær dauða en lífi

Óperusöngvarinn Luciano Pavarotti telur að hann muni deyja á allra næstu dögum eftir að hafa barist við krabbamein í briskirtli frá því í júlí í fyrra. Að sögn dóttur Pavarottis, Giuliana, er úthaldið á þrotum eftir rúmlega árslanga baráttu. „Hann veit að hann mun kveðja þessa jörð innan skamms og hann talar mikið um þann dag sem hann mun loksins hitta foreldra sína á ný,“ segir Giuliana, en þeir létust með stuttu millibili fyrir nokkrum árum og hafði andlát foreldranna mikil áhrif á tenórinn.



**LUCIANO PAVAROTTI** Kom síðast opinberlega fram á Vetrarólympíuleikunum í Tórínó fyrir 16 mánuðum þegar hann söng lagið sem hann hefur gert ódauðlegt á ferli sínum, Nessun Dorma.

Hinn 71 árs gamli Pavarotti hefur ekki komið opinberlega fram eftir að hann greindist með krabbameinið en að sögn þeirra sem séð hafa til söngvarans hefur hann lést gríðarlega í veikindunum og styðst við hjólastól til að geta ferðast um heimili sitt í Pesaro á Ítalíu. Hann eyðir þeirri litlu orku sem hann hefur í að kenna fjölskyldumeðlimum söng auk þess sem hann spilar á spil við barnabörnin. „Hann ætlar að nota síðustu stundirnar til að vera með fjölskyldu sinni,“ sagði umboðsmaður söngvarans í gær.



**DEAD** Jón Sæmundur Auðarson opnar í dag nýja búð á Laugavegi og hleypir af stokkunum útgáfufyrirtækinu Dead Records.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Jón Sæmundur opnar í dag

**Jón Sæmundur Auðarson opnar í dag nýja búð sem selur Dead-vörumerkið hans, rokkabillí-föt og silkiprentunarútbúnað. Auk þess hefur hann stofnað tónlistarútgáfuna Dead Records.**

„Mér líður eins og ég sé kominn aftur heim. Nú er það aftur bara rokk og ról og prenterí,“ segir Jón Sæmundur Auðarson sem opnar í dag búðina Dead í bakhúsi á Laugavegi 29, á móti Skífunni. Jón Sæmundur rak áður Nonnabúð og Liborius, sem hann seldi nú nýverið. „Ég náði orðið svo illa að sinna mínu. Bissnessinn tók alltof mikinn tíma.“

Nýja búðin er við hliðina á vinnustofu Jóns Sæmundar og hann segir það vera mjög gott að hafa allt svona á sama stað. Í búðinni verður hönnun frá Jóni Sæmundi og þrjú fatamerki sem hann tók með sér úr Liborius.



**DEAD RECORDS** Hljómsveitin The Way Down er fyrsta bandið sem gefur út hjá hinu nýstofnaða útgáfufyrirtæki Dead Records.

### Breiðir út boðskapinn

Auk fatnaðarins er seldur ýmiss konar búnaður og efni til silkiprentunar fyrir þá sem vilja prenta á sín eigin föt. Þá selur hann boli á góðu verði sem hægt er að prenta á. „Ég vil koma þekkingunni áfram, breiða út boðskapinn.“ Jón Sæmundur stefnir líka á að fara að gera meira fyrir hljómsveitir eins og prenta á nokkra boli til að selja á tónleikaferðalögum.

### Plötuútgáfa

Jón Sæmundur er ekki bara að opna nýja búð. „Við erum að fara af stað með tónlistarútgáfu sem er hluti af Dead-konseptinu, Dead Records. Fyrsta platan kemur út í dag.“

Jón Sæmundur segir að markmið útgáfunnar sé að gefa út góða tónlist og koma henni til fólks sem hefur áhuga á henni. „Við erum ekki að þessu til að græða peninga og ætlum að selja þetta eins ódýrt og við getum. Við ætlum ekki að gera neina útgáfusamninga og erum líka opnir fyrir öllu mögulegu, líka myndlistartengdara efni.“

### The Way Down

Fyrsta platan sem kemur út hjá útgáfuarmi Dead er stuttskífan See you in Hell með hljómsveitinni The Way Down. Hana skipa Ari Eldon sem var meðal annars í hljómsveitunum Sogblettir og Dópskuld, Riina Finnsdóttir og Magnús Þorsteinsson. „Þetta er bjöguð popptónlist,“ segir Ari Eldon um tónlist sveitarinnar. „Ég vil hafa þetta nógu einfalt og hrátt. Mér er farið að leiðast of flóknir hlutir og þetta eru allt stutt og einföld lög.“

jara@frettabladid.is








| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 -6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| DIE HARD 4.0 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10.10 | 18 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 | 10 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE LOOKOUT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8.20 - 11 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 -8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION | kl. 6 | 12 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| EVANT ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | |
| EVANT ALMIGHTY VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| PIRATES 3 | kl. 5:30 | 10 |
| ZODIAC | kl. 9 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 4:15 - 6:15 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 8:15 - 10:20 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5:30 - 8:40 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 - 10:10 | 10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| SHREK 3 | kl. 6 | L |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 5.45 og 8 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is



# U-beygja hjá Baltasar

Baltasar Kormákur hyggst halda til Flateyjar í lok sumars og taka þar upp sína nýjustu kvikmynd sem verður í allt öðrum dúr en hinar fjórar.

„Þetta verður í anda Four Wedding and a Funeral. Kvikmynd um alvöru fólk í gamansömum dúr,“ segir Baltasar sem var búinn að koma sér vel fyrir í sveitasælunni á Hofi við Höfðaströnd. Hann hyggst venda kvæði sínu í kross og leikstýra gamanmynd með blöndu af dramatík sem hefur fengið nafnið Brúðguminn. Myndin fjallar um miðaldra mann sem hyggst yngja aðeins upp og giftast tvítugri stúlku með kostulegum og grátbroslegum afleiðingum.


**BALTASAR** Hyggst halda til Flateyjar og gera kvikmynd í gamansömum dúr.

Upphaflega stóð til að myndin yrði gerð eftir leikritinu Ívanov eftir Anton Tjekov en að sögn Baltasars þróaðist sú hugmynd frá leikritinu og varð að sjálfstæðri kvikmynd. Þeir Baltasar og Ólafur Egill Egilsson hafa unnið hörðum höndum að því að skrifa handritið og hefur sú vinna að mestu leyti farið fram á sveitabæ Baltasars, Hofi. „Ólafur er svo mikið borgarbarn að hann vissi varla hvar hann var á landinu,“ segir Baltasar og skellir uppúr.

Að sögn Baltasars hefur þegar verið gengið frá ráðningu í öll helstu hlutverk en þau verða í höndum stórskotaliðs úr leikarastéttinni. Hilmir Snær Guðnason verður í hlutverki brúðgumans en meðal annarra leikara má nefna Þröst Leó Gunnarsson, Laufeyju Elíasdóttur, Ilmi Kristjánsdóttur og Margréti Vilhjálmsdóttur. „Þetta gæti verið þroskuð útgáfa af 101 Reykjavík og brúðguminn gæti vel verið Hlynur Björn,“ segir Baltasar. - fgg




## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sienna Miller** tilkynnti fyrir um ári síðan að hún hygðist hanna fatalínu ásamt systur sinni Savönnuh. Tískumerkið á að heita Twenty8Twelve og nú fer að styttast í að það komi í búðir. Systir Siennu er útskrifuð frá hinum þekkta tískuskóla Central Saint Martins og því ætti línan ekki að vera neitt slor. Sögur segja einnig að hún muni alls ekki vera ódýr og að bolir muni kosta frá fimm þúsund krónum og kápur verði á um fjörutíu þúsund krónur.



Kærasta **Simons Cowell** hefur kjaftað frá einum sérstökum ávana kappans. Cowell er nefnilega svo líkamsræktaróður að hann lætur ekkert stoppa sig í að gera þrjú hundruð armbeygjur á dag. „Jafnvel þegar hann er í flugvél þá gerir hann armbeygjurnar. Hann getur alls ekki sleppt þeim og hann lætur ekkert stoppa sig,“ sagði Terri Seymour og ljóstraði einnig upp öðru leyndarmáli. „Við erum algjörar andstæður, það er leyndarmál sambands okkar,“ sagði hún.



Litla rokkaradóttirin **Kelly Osbourne** er víst ástfangin upp fyrir haus þessa dagana. Hún er flutt að heiman og býr með nýja kærastanum, **Jarrod Gorbel**, í Brooklyn. Jarod er söngvari í indie-hljómsveitinni The Honorary Title. Kelly hefur áður kvartað yfir því að vera einhleyp og sagði í viðtali við Now magazine: „Mig langar að finna einhvern en það er mikill skortur á karlmönnum í London. Breskir strákar geta verið svolítið aulalegir og stelpulegir. Ég vil finna einhvern sem eyðir ekki meiri tíma en ég í að greiða sér.“



**Amy Winehouse** hefur frestað enn einum tónleikunum á síðustu stundu en stúlkan er víst þekkt fyrir þetta. Hún átti að koma fram fyrir þúsundir aðdáenda í Liverpool. Nokkrum klukkutímum fyrir tónleikana var þeim þó frestað vegna veikinda stúlkunnar. Vonandi er ekki eitthvað meira að hjá Winehouse.





*Nýja kjúklingaréttabókin loksins komin út:*

ALGJÖRLEGA ÓMÓTSTÆÐILEG

*Frábært uppsláttarverk fyrir alla sem fást við matargerð, frá byrjanda til meistara, og ómissandi í hverju eldhúsi.*

Sex aðgengilegir efnisflokkar ná til allra þátta og tilbrigða á matseðlinum með einföldum forréttum og súpum, seðjandi aðalréttum, ljúffengum pottréttum, ferskum og léttum sumarsalötum, spennandi grillréttum, matarmiklum og lystilegum bökum og búðingum og framandlegum, sterkkrydduðum og bragðmiklum réttum.




*200 uppskriftir*
*Yfir 1000 ljósmyndir*

Skjaldborg

## > WBA og Hearts skoða Hafþór Ægi

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru útsendarar frá bæði enska félaginu WBA og frá skoska liðinu Hearts á síðari leik Vals og Cork City sem fram fór ytra. Útsendararnir voru mættir til að berja kantmanninn Hafþór Ægi Vilhjálmsson augum. Þeim ku hafa litist vel á kappann og hafa útsendararnir hug á að koma til landsins á næstunni til þess að sjá Hafþór Ægi leika með Val í Landsbankadeildinni.



sport

sport@frettabla-

**HASARINN EFTIR LEIK ÍA OG KEFLAVÍKUR:** MÁTTI LITLU MUNA AÐ UPP ÚR SYÐI

# *Stimpingar fyrir framan búningsklefa ÍA*

Eins og fram kemur hér að neðan var mikill hiti eftir leik ÍA og Keflavíkur og ásakanir ganga á víxl milli félaganna. Strax eftir leik hljóp Bjarni Guðjónsson í átt til búningsherbergja að beiðni dómara leiksins. Guðmundur Steinarsson leiddi hóp Keflvíkinga sem hljóp sem fætur toguðu á eftir Bjarna. Að því er sjónarvottar tjáðu Fréttablaðinu var ástandið eldfimt á gangi vallarhússins og mátti litlu muna að upp úr syði enda voru nokkrar stimpingar á ganginum.
Bjarni hljóp inn í vallarhúsið en Guðjón Kristjánsson, fyrrum framkvæmdastjóri ÍA, reyndi að aftra Keflvíkingum inngöngu. Hann hægði nógu lengi á þeim til að Bjarni kæmist inn í klefa. Í kjölfarið var skellt í lás og Guðjón tók sér stöðu fyrir framan hurðina og aftraði því að Keflvíkingar næðu að brjóta sér leið áfram að því er sjónarvottar segja. Voru mikil öskur og læti á ganginum og gríðarlegur hiti í mönnum. Keflvíkingar fóru að lokum inn í sinn búningsklefa og þeim líkaði það illa að Gísli Gíslason, formaður rekstrarráðs meistaraflokks ÍA, skyldi koma þar inn skömmu síðar.



„Ég veit ekkert hvað hann var að álpast inn í klefann okkar. Hann var þess utan ölvaður og ég hef mörg vitni að því," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur. Gísli gagnrýndi Keflvíkinga harkalega í fjölmiðlum í gær og þá sérstaklega Bjarka Guðmundsson, varamarkvörð Keflavíkur. Bjarki er ósáttur við gagnrýni Gísla.

„Hann á ekki að vera að ræða um mál sem hann getur ekki vitnað til um þar sem hann var í því ástandi að hann gat ekki keyrt ökutæki," sagði Bjarki.

Gísli segir Keflvíkinga ekki fara með allan sannleikann. „Þetta er aðeins hálfur sannleikur. Ég fór inn í klefa til þeirra en ölvaður var ég ekki," sagði Gísli, en hvaða erindi átti hann inn í klefa Keflvíkinga í þessu eldfima andrúmslofti? „Ég var nú í því hlutverki að róa menn og reyna að bera klæði á vopnin. Ég ætlaði annars bara að þakka þeim fyrir leikinn og gera tilraun til þess að róa öldurnar en það féll í grýttan jarðveg. Þetta var nú ekki nema svona tíu sekúndna stopp í klefanum," sagði Gísli sem sagði við Fótbolti.net í gær að Bjarki hefði lagt hendur á einn leikmann ÍA-liðsins.



**KR FAGNAR** Einar Þór fagnar hér Íslandsmeistaratitli 2002 með Þormóði Egilssyni. Einar skoraði umdeilt mark fyrir KR árið 2002.

Mark Bjarna ekki einsdæmi:

## KR skoraði líkt mark árið 1995

**FÓTBOLTI** Síðara markið sem Bjarni Guðjónsson skoraði fyrir ÍA gegn Keflavík í fyrrakvöld á sér ekki mörg fordæmi en svipað atvik átti sér stað í leik KR og Fram árið 1995.

Í stöðunni 1-1 meiðist KR-ingur og Framarar sparka boltanum út af. KR tekur innkast og spila boltanum áfram í sókn þar sem Einar Þór Daníelsson skorar gegn óviðbúinni vörn Framara.

„Við vildum meina að leikurinn hefði aldrei stöðvast vegna meiðsla. Það getur vel verið að það hafi verið misskilningur í gangi," sagði Einar Þór þegar hann rifjar atvikið upp. Hann segir að aldrei hafi komið til greina að gefa Fram mark.

„Framarar voru súrir en það voru engin slagsmál eða leiðindi sem fylgdu," sagði Einar. Þess má svo geta að Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, var þá þjálfari KR.

- esá

Bjarni lýsir markinu umdeilda:

## „Má ekki missa boltann þarna"

**FÓTBOLTI Síðara mark Bjarna Guðjónssonar fyrir ÍA gegn Keflavík í fyrrakvöld er væntanlega eitt það umdeildasta sem hefur verið skorað í íslenskri knattspyrnu. Þannig lýsir Bjarni markinu sjálfur en hann fékk boltann eftir að Skagamenn taka innkast. Þá hafði leikmaður Keflavíkur sparkað boltanum út af svo að hægt væri að hlúa að leikmanni ÍA sem lá meiddur á vellinum.**

**„Ég fékk boltann eftir innkastið. Ég er að fara að sparka boltanum yfir til Keflvíkinga þegar ég heyri að Baldur (Sigurðsson) kemur utan í mig. Það fyrsta sem ég hugsa þá er að hann megi ekki fá boltann á þessum vallarhelmingi.**

**Aðeins nokkrum mínútum áður gerði ég sama hlutinn og sparka boltanum þannig að markvörðurinn getur tekið markspyrnu.**

**Þarna ætlaði ég að gera það nákvæmlega sama. Baldur hleypur tvö til þrjú skref og hættir svo. Ég vissi það ekki og er kominn á ferð með boltann þegar ég skýt honum. Ég vissi ekki af Ómari (Jóhannssyni, markverði Keflavíkur) og horfi ekki á hann þegar ég tek skotið."**

- esá

# Guðjón neitaði að gefa Keflavík mark

**Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, sagði að ekki hafi komið til greina að gefa Keflavík mark á móti marki Bjarna Guðjónssonar vegna viðbragða þeirra eftir markið. Þjálfari Keflvíkinga sagði framkomu Skagamanna óheiðarlega og óíþróttamannslega. Bjarni segir að markið umrædda hafi verið slysamark.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuheimurinn logaði í gær vegna síðara marks Bjarna Guðjónssonar gegn Keflavík í fyrrakvöld. Þegar Keflvíkingar bjuggust við því að Bjarni myndi láta þá fá boltann eftir að leikmaður ÍA fékk aðhlynningu vegna meiðsla hafnaði boltinn í marki Keflavíkur eftir langskot Bjarna.

Sjálfur segir Bjarni að hann hafi aldrei ætlað að skora úr skotinu. Hann vildi losa pressuna og senda boltann aftur fyrir endamörk.

„Ég er fyrsti maðurinn til að viðurkenna að ég ætlaði aldrei að skora. Ef það hefði verið ætlun mín væri líðan mín í dag ekki eins og hún er," sagði Bjarni. „Viðbrögð mín eftir að ég skora hljóta að sýna og sanna að ég ætlaði ekki að skora."

Keflvíkingar hópuðust að Bjarna eftir atvikið og þurfti að stía mönnum í sundur.

Spurður hvort ekki hefði verið hægt að leiðrétta þetta mark með því að leyfa Keflvíkingum að skora strax í næstu sókn sagði Bjarni að það hefði sennilega verið hægt að gera einmitt það.

„Hins vegar voru viðbrögð Keflvíkinga ekki í lagi. Þeir réðust að mér, ekki bara einn eða tveir heldur allir. Það er ekki þeim að þakka að ég var ekki sleginn niður, heldur því að ég var dreginn í burtu."

Bjarni sagðist hafa rætt þetta mál við þjálfara ÍA, Guðjón Þórðarson. Sjálfur sagði Guðjón í samtali við Fréttablaðið að viðbrögð Keflvíkinga hefðu ekki gefið tilefni til þess að gefa þeim mark á móti.

„Það varð allt vitlaust," sagði Guðjón. „Ef þeir hefðu bakkað frá á þessum tímapunkti og við hefðum getað rætt málin, hefðum við getað leyft þeim að labba í gegn og skora. Sú staða komst hins vegar aldrei á koppinn vegna framkomu Keflvíkinga."

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, er ekki að kaupa afsakanir feðganna.

„Ég stend við það sem ég sagði í sjónvarpsviðtalinu eftir leik," sagði hann. Þá sagði hann að Bjarni hafi gert þetta með ásetningi og væri honum til skammar.

„Mér finnst einnig að ekkert skuli hafa verið gert í framhaldinu mjög óheiðarlegt og óíþróttamannslegt."

Hann segir að ásetningur Bjarna hafi verið greinilegur. „Hann var búinn að reyna þetta áður en hitti bara ekki. Það er líka óeðlilegt að sparka boltanum frá miðju og koma honum þannig aftur fyrir endamörk. Það er bara óeðlilegt."

Bjarni sagði aðspurður að hann myndu engu breyta fengi hann tækifæri til þess. „Ekki miðað við hvernig viðbrögð Keflvíkinga voru eftir leikinn. Það viðhorf sem þeir sýndu sérstaklega eftir leikinn finnst mér til háborinnar skammar."

Skilaboð hans til Keflvíkinga voru skýr. „Markið sem ég skoraði átti aldrei að verða mark. Ég biðst afsökunar á því. Sennilega hefði verið hægt að leysa málið öðruvísi. En úr því sem komið var er markið minnsta áhyggjuefnið af því sem gerðist í lok leiksins og eftir hann."

eirikur@frettabladid.is




**Á SUÐUPUNKTI** Bjarna Guðjónssyni er forðað frá leikmönnum Keflavíkur af félögum sínum eftir markið umdeilda í fyrrakvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Uppákoma eftir leik ÍA og Keflavíkur í Landsbankadeild karla í fyrrakvöld dregur dilk á eftir sér:

# Ásakanir á báða bóga hjá ÍA og Keflavík

**FÓTBOLTI** Aðstandendum ÍA og Keflavíkur ber ekki saman um atburðarrásina sem átti sér stað að loknum leik liðanna í fyrrakvöld. Ljóst er að Bjarki Freyr Guðmundsson, varamarkvörður Keflavíkur og fyrrum leikmaður ÍA, og eiginkona Bjarna Guðjónssonar áttu orðaskipti.

Sjálfur sagði Bjarni að eiginkona sín hafi verið miður sín eftir atvikið. „Það er vægt til orða tekið. Þetta var mikið sjokk fyrir okkur. Ég hef spilað mikið af leikjum við misjafnar aðstæður en yfirleitt eru öll deilumál einfaldlega búin þegar leikurinn er flautaður af."

Bjarni gat ekki sagt frá því hvað þeim fór á milli en Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, sagði málið alvarlegt. Spurður um hvort hótanir um líkamsmeiðingar og þaðan af verra hafi átt sér stað svaraði hann því játandi.

„Það er ekkert sem réttlætir þá framkomu að vaða á konu sem er með börnin sín á leikvelli með svívirðingum og hótunum. Það er eitthvað sem knattspyrnuyfirvöld geta ekki látið ótalið. Það verður fjallað um þetta í okkar garði því við munum aldrei geta sætt okkur við þetta. Það er ekkert sem gerist út á fótboltavelli sem réttlætir svona framkomu."

Bjarki Freyr vísaði þessu algerlega á bug í samtali við Fréttablaðið.

„Ég vil segja sannleikann sem er að þetta er helber lygi. Hún (eiginkona Bjarna) öskraði í andlitið á mér og var einfaldlega í móðursýkiskasti. Hún öskraði tóma vitleysu. Það síðasta sem ég sagði við hana er að hún ætti frekar að lesa yfir manninum sínum hvað heiðarleiki er."

Bjarki vísaði einnig fullyrðingum um áðurnefndar hótanir á bug. „Guðjón Þórðarson er þekktur lygari og gerir allt til að hreinsa sjálfan sig af einhverjum sökum. Hvar sem hann hefur verið hefur allt verið öllum öðrum en honum að kenna."

Kristján Guðmundsson tekur undir orð Bjarka Freys. „Ég er orðlaus yfir þeirri umræðu sem hefur átt sér í stað í fjölmiðlum í dag og þeim orðum sem þeir feðgar hafa látið út úr sér."

Sjálfur segist hann hafa átt orðaskipti við konu sem honum skilst að sé eiginkona Bjarna Guðjónssonar.

„Þegar ég labba upp að vallarhúsinu byrjar þessi kona að öskra á mig og spyr hvort ég ætli að standa við það sem ég sagði í sjónvarpsviðtalinu á Sýn. Hún hótaði mér einnig málshöfðun vegna líkamsárásar. Þannig hefst þetta og ég veit að það var hún sem réðst að Bjarka, ekki öfugt."

Hann ítrekaði furðu sína á ummælum Skagamanna. „Menn eiga ekki að kasta steinum úr glerhúsi, sérstaklega ekki í þeirri aðstöðu sem þeir feðgar eru nú í eftir þetta atvik. Ég hef farið yfir þessi mál með leikmönnum okkar og við erum sjálfir með vitni að þessum atburði."

- esá



**BJARNI GUÐJÓNSSON** Tekur vítaspyrnu sem skilaði fyrra marki ÍA gegn Keflavík í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

# BT

# NÝJA LÍNAN FRÁ TOSHIBA!




## TOSHIBA

PSAECE-00U00HN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1CZ
Intel® Core 2 Duo T5500
- 1.66 GHz / 667 MHz / 2 MB
- 1280 x 800 upplausn
nVidia GeForce Go 7300 320MB
2GB Vinnsluminni (1024x2-667)
200GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Nýtt A4 lyklaborð (Full Size)
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2.72kg á þyngd
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

PASSAÐU GÖGNIN, TAKTU AFRIT!



320GB

FYLGIR

14.999

LACIE

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

**149.999**

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**nVidia GeForce 7300**
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**200GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 200GB hörðum disk.

**Innbyggð netmyndavél og mic**
Tölvan kemur útbúinn netmyndavél og hljóðnema. Nú þarftu ekki að kaupa þetta aukalega.

BT LÁN™

BT 14.891* — 12 mánaða
BT 8.145** — 24 mánaða
BT 5.896*** — 36 mánaða

# VINSÆLASTA MYNDAVÉLIN!

7.2 MP — **7.2 Megapixlar** Super HAD CCD myndflaga.

3x — **3x aðdráttur** Carl Zeiss Vario Tessar-linsa.







## SONY

DSCW35
SONY CYBERSHOT

7,2 megapixlar
Super HAD CCD
Real Image Processor
3x Optical zoom
6x Digital zoom
14x smart zoom (VGA)
Carl Zeiss Vario Tessar linsa
f = 35-114mm
Innbyggt minni 56MB
MemoryStick Duo
2" LCD skjár 85 þúsund púnkta
380 myndir á hleðslu með skjá
Lithium hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgir

**380 myndir á hleðslu**
Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir.

**19.999**

22.999

Engar blikur virðast á lofti um það að Eiður Smári Guðjohnsen fari frá Barcelona í sumar:

# Barcelona vill halda Eiði Smára

**FÓTBOLTI** Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, greindi frá því í gær að Barcelona vildi halda landsliðsfyrirliðanum í sínum röðum. Þrálátur orðrómur hefur verið um að Eiður sé á leið aftur til Englands en hann hefur alltaf sagst vilja vera áfram í herbúðum Barcelona. Þar sem viljinn er beggja vegna eru litlar líkur á því að Eiður Smári fari í sumar.

„Þeir (Barcelona) sögðu, „ef þú vilt glaður vera hér áfram, viljum við gjarnan að þú verðir það“,“ sagði Arnór við Sky-fréttastofuna í gær. Arnór sagði einnig að hann hefði ekki rætt við nein félög um hugsanleg kaup á Eiði Smára.



**EIÐUR** Er á Íslandi þessa stundina þar sem hann æfir vel. NORDICPHOTOS/AFP

Eiður er staddur á Íslandi þessa stundina og sagði Arnór að Eiður hefði í nógu að snúast. „Hann er mjög ákveðinn, hann er að æfa á fullu hérna á Íslandi í fríinu sínu og hann ætlar að vera vel undirbúinn fyrir næsta tímabil,“ sagði Arnór.

Þjálfarar og læknalið Barcelona settu saman æfingaáætlun fyrir hvern og einn leikmann til að vinna að í sumar, áður en leikmenn koma saman til æfinga á undirbúningstímabilinu. Leikmenn félagsins hófu þessar æfingar í vikunni og ber þeim að æfa þrisvar í viku, kvölds og morgna, og svo oftar þegar nær dregur tímabilinu.

Leikmenn félagsins eru einnig hvattir til að slappa af inn á milli og spila golf eða strandblak. **- hþh**






**ELÍSABET** Segir dráttinn vera mikla og skemmtilega áskorun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Meistaradeild kvenna:

## Valsstúlkur í dauðariðlinum

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í riðla í Meistaradeild Evrópu í kvennaflokki. Valsstúlkur voru í efsta styrkleikaflokki og spila gegn meisturum Hollands, Finnlands og Færeyja, ADO Den Haag, FC Honka og KÍ Klakksvík.

„Þetta er erfiðasti dráttur sem við gátum fengið. Þetta verður mjög erfitt og við erum klárlega í dauðariðlinum. Liðin frá Hollandi og Finnlandi voru of neðarlega í styrkleikaflokkum þar sem þetta er í fyrsta skipti sem þau verða meistarar,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, en leikið er í Færeyjum dagana 9. til 14. ágúst. Eitt lið kemst áfram upp úr riðlinum. **- hþh**



**TEVEZ** Var frábær hjá West Ham undir lok síðasta tímabils. NORDICPHOTOS/AFP

Man. Utd. galopnar budduna:

## Tevez næstur?

**FÓTBOLTI** Samkvæmt fréttum á Englandi eru allar líkur á því að Carlos Tevez skrifi undir samning við Manchester United á næstu dögum. BBC greindi frá því í gær að viðræður væru í fullum gangi en ekki er ljóst hvort United kaupi Tevez eða fái hann lánaðan. Kaupverðið á Tevez ku nema um 20 milljónum punda.

Sir Alex Ferguson hefur þegar keypt Anderson, Nani og Owen Hargreaves á samtals um 50 milljónir punda í sumar. Tevez vildi lítið tjá sig um orðróminn í samtali við fjölmiðla í gær. **- hþh**

Chelsea:

## Nálgast kaup á Malouda

**FÓTBOLTI** Chelsea vonast eftir því að ganga frá kaupum á franska landsliðsmanninum Florent Malouda um helgina. Viðræður félagsins við Lyon ganga hægt en örugglega en talið er að franska félagið krefjist um sautján milljóna punda fyrir vinstri kantmanninn. Líklegt er að Arjen Robben fari til Real Madrid ef af kaupunum á Malouda verður.

Vonir standa til að Malouda fari með Chelsea í æfingaferð til Bandaríkjanna í næstu viku. **- hþh**



**RÚNAR** Hafði ekki krafta í leikinn gegn Fylki sökum veikinda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rúnar Kristinsson:

# Fór út af vegna veikinda

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson bað um skiptingu á 34. mínútu í leik KR og Fylkis á miðvikudaginn vegna veikinda. Rúnar sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði verið slappur undanfarna daga en taldi sig tilbúinn í slaginn gegn Fylki. Annað kom þó á daginn.

„Ég prófaði mig fyrir upphitunina sem ég tók svo þátt í en eftir að leikurinn hófst hafði ég litla krafta. Ég náði eiginlega ekkert að vakna í leiknum. Ég bað því um skiptingu til að setja frískan mann inn. Ég vona þó að ég sé að hressast,“ sagði Rúnar sem er vongóður um að geta leikið með KR-ingum í VISA-bikarnum gegn Val á þriðjudaginn. - hþh

U19 ára landslið karla:

# Tvö jafntefli í Svíþjóð í gær

**HANDBOLTI** U19 ára landslið karla stendur í ströngu þessa dagana þar sem það keppir í Gautaborg á Opna Evrópumótinu í handbolta. Liðið er komið í milliriðil þar sem það gerði tvö jafntefli í gær. Fyrst gerði liðið 22-22 jafntefli við Tékka og síðar 26-26 jafntefli við Slóvena.

Í dag mætir Ísland svo Norðmönnum og Eistum. - hþh



**VINKONURNAR MÆTAST** Margrét Lára Viðarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir berjast í leik liðanna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsbankadeild kvenna:

# Stórleikur Vals og KR í kvöld

**FÓTBOLTI** Stórleikur verður á Valbjarnarvelli klukkan 19.15 í kvöld þegar topplið Vals og KR mætast í Landsbankadeild kvenna. Eftir sex umferðir hafa félögin unnið alla leiki sína og er því um algjöran lykilleik að ræða fyrir framvindu deildarinnar.

Katrín Ómarsdóttir, leikmaður KR, sagði við Fréttablaðið í vikunni að Vesturbæjarliðið yrði að vinna alla leiki sína í deildinni og innbyrðisviðureignirnar við Val til að verða meistari. Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, sagðist í gær hlakka mjög til leiksins og að öll einbeiting Valsstúlkna væri á orrustunni í kvöld. - hþh

NBA-körfuboltinn:

# Hill fór til Suns

**NBA** Grant Hill gerði í gær tveggja ára samning við Phoenix Suns. Hill fær um fjórar milljónir dala á samningstímanum en mikill missir er að honum fyrir Orlando Magic en Hill virti einnig fyrir sér tilboðum frá Detroit Pistons, Miami Heat, Dallas Mavericks og meistaraliði San Antonio Spurs. - hþh

Stefán Gíslason skrifaði í gær undir fimm ára samning við Bröndby í Danmörku:

# Valdi mest spennandi kostinn

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Stefán Gíslason skrifaði í gær undir fimm ára langan samning við danska úrvalsdeildarliðið Bröndby. „Það er mikill léttir að vera búinn að klára þetta og ég er mjög sáttur,“ sagði Stefán en félagið hefur fylgst með honum í nokkurn tíma.

Stefán var seldur frá Lyn í Noregi í haust. „Það voru nokkur félög sem sýndu mér áhuga en mér fannst Bröndby vera mest spennandi kosturinn og það var alltaf fyrsti kostur hjá mér. Ég lít á þetta sem skref upp á við fyrir mig. Ég var búinn að ákveða að færa mig um set frá Lyn fyrir nokkru síðan,“ sagði Stefán.



**STEFÁN** Líst vel á allt í kringum nýja klúbbinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stefán skoðaði sig um hjá félaginu í gær og leist vel á það sem hann sá. „Þetta lítur virkilega vel út. Allar aðstæður eru eins og best verður á kosið og hér er mikið um hefðir. Markmiðin hjá klúbbnum eru skýr og metnaðurinn er mikill. Bröndby lenti í sjötta sæti á síðasta tímabili sem er versta gengið er mér sagt síðan félagið var stofnað. Ég held að mér muni líða vel hér,“ sagði Stefán.

Talið er að kaupverðið á Stefáni nemi allt að 110 milljónum íslenskra króna. Lyn sá þann kostinn vænstan að selja Stefán til að missa hann ekki frítt í haust en félagið gaf það út að það vildi aldrei missa landsliðsmanninn. - hþh

Real Madrid í þjálfaraleit:

# Rætt við fjóra mögulega stjóra

**FÓTBOLTI** Forseti Real Madrid, Ramon Calderon, sagði á opinberri heimasíðu félagsins í gær að rætt hefði verið við fjóra stjóra með það fyrir augum að þeir tækju við knattspyrnustjórastöðunni hjá félaginu. Þetta eru þeir Bernd Schuster, Ronald Koeman, Michael Laudrup og Arsene Wenger.

„Við ræddum við þessa fjóra en það virðist rökrétt að Schuster verði næsti stjórinn okkar,“ sagði Calderon jafnframt en allar líkur eru á því að skrifað verði undir samninga þessa efnis í næstu viku. - hþh




> KATE BECKINSALE



Kate fór ung út í leiklist en hún ákvað samt að hefja nám í Oxford til þess að hafa fleiri valkosti. Þar nam hún rússneskar og franskar bókmenntir en eftir þrjú ár í námi ákvað hún að helga sig leiklistinni. Síðan þá hefur Kate leikið í fjölmörgum stórmyndum og má þar til dæmis nefna The Aviator og Underworld. Það var einmitt við tökur á Underworld sem hún kynntist eiginmanni sínum, Len Wiseman, en hann leikstýrði myndinni. Kate sést á skjánum í kvöld þegar Stöð 2 sýnir risasmellinn Pearl Harbor.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON BJÓST VIÐ ÞESSU

# Harkan eykst með hverri mínútu



Við því mátti búast að mönnum hlypi kapp í kinn þegar Akranes og Keflavík mættust á græna vellinum í veðurblíðunni. Um þessi byggðarlög hafa verið samin ófá sönglög þar sem karlmennskan, hugrekkið og dugnaðurinn hefur verið hafinn upp til skýjanna. Og það kom jú á daginn. Allt sauð uppúr og minntu endalokin meira á sveitaball þegar hljómsveitin hefur sungið sitt síðasta lag og neitar að koma fram aftur. Þá voru menn jú duglegir við að gera upp gamlar syndir með hnefunum á heiðarlegan hátt. Eitt högg og maðurinn lá en svo var bara beðist afsökunar og menn fengu sér sjúss.

Endurkoma Guðjóns Þórðarsonar hefur lífgað uppá íslenska knattspyrnu. Það er eitthvað svo merkilegt með hann Guðjón; alltaf skal eitthvað gerast í kringum hann. Ólíkt mörgum öðrum íslenskum knattspyrnuþjálfurum er Gaui litríkur með eindæmum og þeir eru ekki margir sem hafa verið kysstir á kinnina í beinni útsendingu af ástsjúkum íþróttaþul.

Eflaust hefur syninum Bjarna gengið gott eitt til þegar hann þrumaði frá miðju, yfir markmanninn með þeim afleiðingum að boltinn fór í netið. Hann hefur eflaust langað til að láta markmanninn æfa langskot. En þetta tókst ekki betur til en svo að aldargamlar afladeilur, rígur milli bæjarfélaga og gömul kergja var vakin upp frá dauðum. Að endingu leit Akranesvöllur út eins og endalokin á áðurnefndu sveitaballi þar sem menn hugðust sleppa því að ræða málin með orðum og kusu frekar að elta hver annan uppi. Og akkúrat á þessum tímapunkti komst íslensk knattspyrna í hágæðaflokk því hverjir muna ekki eftir óeirðum milli leikmanna Inter og Valencia í Meistaradeildinni eða þegar Zidane skallaði Materazzi í bringuna.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.35** Æði í Alabama SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** All in the Game STÖÐ 2



▶ **22.00** The Missing STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Bones SIRKUS



▶ **22.00** Kidnapped SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Landsmót UMFÍ** (1:4) e.
**16.35 14-2** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (14:28)
**18.23 Ernst** (4:7)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (8:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Rokkmamman** (Rock 'n' Roll Mom) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1988 um einstæða tveggja barna móður í smábæ sem slær í gegn sem rokksöngkona. Meðal leikenda eru Dyan Cannon, Michael Brandon, Heather Locklear og David Paymer.
**21.50 Sharpe kemst í hann krappan** (Sharpe's Challenge) Bresk sjónvarpsmynd frá 2006. Tveimur árum eftir að hertoginn af Wellington sigrar Napóleon við Waterloo berast fregnir af uppivöðslusömum stríðsherra á Indlandi. Meðal leikenda eru Sean Bean, Daragh O'Malley og Padma Lakshmi.
▶**23.35 Æði í Alabama** (Crazy in Alabama) Bandarísk bíómynd frá 1999. Myndin gerist árið 1965 og segir frá konu frá Alabama sem fer til Kaliforníu og ætlar að verða kvikmyndastjarna en frændi hennar ungur stendur í ströngu heima í Alabama á meðan. Leikstjóri er Antonio Banderas og meðal leikenda eru Melanie Griffith, David Morse, Meat Loaf, Rod Steiger og Richard Schiff. e.
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 The Pacifier**
**08:00 I Capture the Castle**
**10:00 Another Pretty Face**
**12:00 You Got Served**
**14:00 The Pacifier**
**16:00 I Capture the Castle**
**18:00 Another Pretty Face**
**20:00 You Got Served**
▶**22:00 The Missing** Dramatísk kvikmynd með Tommy Lee Jones, Cate Blanchett og Val Kilmer í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
**00:15 From Dusk Till Dawn 3**
**02:00 Van Wilder**
**04:00 The Missing**

## STÖÐ 2

**07:00 Barnatími Stöðvar 2** Barney, Litlu Tommi og Jenni, Scooby Doo
**08:10 Oprah**
**08:55 Í fínu formi 2005**
**09:10 Bold and the Beautiful**
**09:30 Forboðin fegurð** (85:114)
**10:15 Fresh Prince of Bel Air** (6:24)
**10:40 Grey's Anatomy** (8:25)
**11:25 Sjálfstætt fólk**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:45 Nágrannar**
**13:10 Forboðin fegurð** (29:114)
**13:55 Forboðin fegurð** (30:114)
**14:40 Joey** (22:22)
**15:15 Lífsaugað** (e)
**15:50 Barnatími Stöðvar 2**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar**
**18:18 Ísland í dag og veður**
**18:30 Fréttir**
**18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19:40 The Simpsons** (21:22)
**20:05 The Simpsons** (1:22)
**20:30 So You Think You Can Dance** (7:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku. (7:23) Nú kemur í ljós hvaða tveir dansarar verða sendir heim. Eftir þáttinn verða aðeins 18 eftir í keppninni. 2007.
▶**21:15 All in the Game** Átakanleg kvikmynd sem veitir innsýn í hörkulegan heim atvinnufótboltans. Hvernig fer fyrir ungum strákum sem er kippt af götunni og inn í heim þar sem eru glæsibílar og sveitasetur? Aðalhlutverk: Ray Winstone, Danny Dyer, Ike Hamilton. Leikstjóri: Jim O'Hanlon. 2006.
**22:55 Moon Over Parador** Hressileg og rómantísk gamanmynd með Richard Dreyfuss í aðalhlutverki. Jack Noah er lítt þekktur leikstjóri sem fær tækifæri lífs síns þegar honum er boðið að leika nýlátinn einræðisherra. Aðalhlutverk: Raul Julia, Richard Dreyfuss, Sonia Braga. Leikstjóri: Paul Mazursky. 1988. Leyfð öllum aldurshópum.
**00:35 Pearl Harbor**
**03:30 The School of Rock**
**05:15 Fréttir og Ísland í dag**
**06:25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider**
**18:30 Fréttir**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 The War at Home** (10:22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina sömu augum og unglingarnir. Geta Vicky og Dave virkilega skammað þau krakkana sína fyrir að gera eitthvað sem þau gerðu sjálf í æsku? Drepfyndir gamanþættir um heimilislífið og vandamálin þar á bæ.
**20:10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20:40 Party at the Palms** (2:12) (e)
**21:10 Night Stalker** (9:10) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Bönnuð börnum.
▶**22:00 Bones** (10:21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. (10:22) Brennan rannsakar morð á kvikmyndanema sem var að vinna að heimildamynd um hættulega norn sem var uppi á 17. öld. Bönnuð börnum.
**22:45 Standoff** (17:18)
**23:30 Young, Sexy and......** (2:9) (e)
**00:10 The War at Home** (10:22) (e)
**00:35 Entertainment Tonight** (e)
**01:00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08:00 Rachael Ray** (e)
**08:45 Vörutorg**
**09:45 Óstöðvandi tónlist**
**15:25 Vörutorg**
**16:25 Tabloid wars** (e)
**17:15 Queer Eye** (e)
**18:15 Rachael Ray**
**19:00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19:30 All of Us** (10:22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20:00 One Tree Hill - Lokaþáttur** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Það er komið að lokaþættinum í fjórðu þáttaröð. Fjögurra ára skólagöngu er lokið og allt lífið er framundan. Dramatíkin er mikil þegar bæði Nathan og Lucas mæta á fæðingardeildina og Dan tekur ábyrgð á gjörðum sínum. Unglingarnir koma síðan saman í útskriftarpartí þar sem ýmis mál eru gerð upp.
**21:00 The Bachelor: Rome** (6:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Lorenzo fer með stúlkurnar þrjár sem eftir eru á rómantísk stefnumót á spennandi stöðum í Evrópu.
▶**22:00 Kidnapped** (12:13)
**22:50 Everybody Loves Raymond**
**23:15 Backpackers - NÝTT** Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu. Alls eru þetta 26 þættir þar sem ekki er stuðst við neitt handrit og ýmislegt óvænt kemur upp á.
**23:45 Law & Order: SVU** (e)
**00:35 World's Most Amazing Videos** (e)
**01:25 The Dead Zone** (e)
**02:15 Hack** (e)
**03:05 Tabloid wars** (e)
**03:55 Tabloid wars** (e)
**04:45 Tabloid wars** (e)
**05:35 Vörutorg**
**06:35 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.30**
### So You Think You Can Dance

Úrslitakeppnin er hafin í So You Think You Can Dance en í gærkvöldi stigu tuttugu dansarar á svið og fengu miskunnarlausa dóma. Nú hafa áhorfendur kosið og í kvöld kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim að þessu sinni. Ekki missa af So You Think You Can Dance.

▶ **Við mælum með**
### BACKPACKERS
**Skjár einn kl. 23.15**

Ástralska þáttaröðin Backpackers hefur nú göngu sína. Þar slást áhorfendur í för með þremur vinum frá Ástralíu sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir yfirgefa hversdagsleikann á heimaslóðum í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu. Alls eru þetta 26 þættir þar sem ekki er stuðst við neitt handrit og ýmislegt óvænt kemur upp á.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Minningar um merkisfólk
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Tímakornið
**19.40** Pollapönk
**20.10** Þuríður Pálsdóttir óperusöngkona
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Copa America 2007** (Kólumbía - Bandaríkin)

**08.40 Copa America 2007** (Argentína - Paragvæ)

**12.00 Wimbledon** Útsending frá undanúrslitum í karlaflokki á Wimbledon mótinu í tennis.

**17.00 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - Keflavík)

**19.00 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**19.30 Gillette World Sport 2007**

**20.00 World Supercross GP 2006-2007** (Angel Stadium Of Anaheim) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.

**21.00 Wimbledon** Útsending frá undanúrslitum í karlaflokki á Wimbledon mótinu í tennis.

**00.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006** Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanförnu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir.

**00.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Yoho Ahoy **6.35** Teletubbies Everywhere **6.45** Teletubbies Everywhere **6.55** Monty the Dog **7.00** Passport to the Sun **7.30** Staying Put **8.00** Staying Put **8.30** Passport to the Sun **9.00** Model Gardens **9.30** Shark Battlefield **10.30** Yes Minister **11.00** My Hero **11.30** My Family **12.00** Ballykissangel **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero **16.30** My Family **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **18.00** Waking the Dead **19.00** Monarch of the Glen **20.00** Eddie Izzard **20.30** Manchild **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes Minister **22.30** Monarch of the Glen **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Waking the Dead **2.00** Ballykissangel **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **10.35** Haven omkring Villa Fraxinus **11.05** Ud i det blå **11.35** Sommertid **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Med rygsæk **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når gorillaen går i flyttetanker **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Under åben himmel **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Breakdown **21.15** The Job **22.35** The Long Run **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Filip **6.10** Ugler i mosen **6.40** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.23** Jungelens puls **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Country **10.00** Jukeboks: Ut i naturen **11.00** Jukeboks: Jazz **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.05** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Friidrett: Golden League fra Paris **20.00** Inspektør Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **21.45** Nachspiel Wimbledon **22.05** Scissor Sisters på Trafalgar Square **23.00** Sorte orm **5.30** Sommermorgen **5.50** Peppa Gris **6.00** Danny og Daddy

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.30** Fåret Shaun **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** Landet som Stalin tog **10.35** Annes trädgård **12.25** Josie and the Pussycats **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Varför, Ouafa? **15.30** Sommartorpet **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.45** Fåret Shaun **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.55** Hästtjej på 82 **19.00** Space cowboys **21.10** Rapport **21.20** Entourage **21.45** Den amerikanske vännen **23.50** Sändningar från SVT24

www.volkswagen.is




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 25.490 kr. á mánuði.***

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka að verðmæti 280.000 kr.**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur

*M.v. 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða.

**Volkswagen Golf er grænn bíll**
HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ef ég væri afturhaldsamt og íhaldssamt skáldrembusvín, þá mundi ég sulla saman messuleiðinlegri ljóðasteypu, órímaðri vel að merkja, og halda því fram fullum fetum á opinberum vettvangi að ég væri að segja nýja hluti.“*

Sverrir Stormsker tónlistarmaður.

„Ég var einfaldlega að segja að „nútímaljóðið“ væri orðið gamalt. Á þessum tíma var allt að því bannað að yrkja með stuðlum og höfuðstöfum því það þótti svo gamaldags, en menn föttuðu ekki alveg að það var ekkert meira gamaldags og hefðbundnara í sjálfu sér en þessi blessuðu „nútímaljóð“,“ segir Sverrir nú.

# Bakkabræður vildu Nínu og Álfheiði Björk

Þrír meðlimir hljómsveitarinnar Dúndurfrétta mættu í veiðihúsið við Kjarrá síðastliðinn sunnudag til þess að spila fyrir góðan hóp gesta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fóru Bakkavararbræður þar fremstir í flokki og buðu þeir upp á bæði dýrindis kálfakjöt og eðalvín.



**VILJA ÍSLENSK STUÐLÖG** Lýður og Ágúst Guðmundssynir, kenndir við Bakkavör, vildu heyra lögin Nínu og Álfheiði Björk í veiðiferð sinni.

Pétur Örn Guðmundsson, söngvari Dúndurfrétta, sagðist ekki geta staðfest þær fréttir að Bakkavararmenn hefðu staðið fyrir veislunni. „Ég þekki ekki andlitið á neinum sem er ríkari en ég,“ segir hann og hlær. „Við vorum beðnir um að koma þarna með örskömmum fyrirvara og gerðum það. Umboðsmaðurinn okkar fékk beiðni um að redda einhverjum sem gæti sungið og spilað. Við vorum að keyra frá Sauðárkróki á sunnudagseftirmiðdegi þegar hann hringdi og bað um að við myndum renna þarna upp eftir.“

Drengirnir munu hafa fengið væna fúlgu fyrir spilamennskuna, allt að 150 þúsund krónur á mann. „Við fengum að minnsta kosti betur borgað en gengur og gerist fyrir svona,“ segir Pétur sem ekki er fáanlegur til þess að gefa upp nákvæma krónutölu. „Við vorum mjög sáttir við okkar hlut og ég held sömuleiðis að gestirnir hafi verið sáttir við okkur.“ Lagalistinn samanstóð að mestu af íslenskum stuðlögum samkvæmt Pétri. „Þeir voru duglegir að biðja um Nínu og Álfheiði Björk. Við þurftum að spila þau lög þrisvar sinnum en tókum aðeins í taumana þegar beðið var um þau í fjórða skiptið,“ segir hann og hlær. - sók



**SPILAÐI FYRIR BAKKABRÆÐUR** Pétur Örn Guðmundsson og félagar í Dúndurfréttum fengu væna summu fyrir að skemmta Bakkavararbræðrum um helgina.



**LÁRÉTT** **2.** hæfileika **6.** kusk **8.** sérstaklega **9.** bókstafur **11.** tveir eins **12.** slagorð **14.** urga **16.** rás **17.** ennþá **18.** fát **20.** tveir eins **21.** auma.

**LÓÐRÉTT** **1.** munnvatn **3.** hæð **4.** peningagræðgi **5.** sarg **7.** ljótur **10.** framkoma **13.** gerast **15.** sál **16.** þjálfa **19.** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gáfu, **6.** ló, **8.** sér, **9.** eff, **11.** gg, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT:** **1.** slef, **3.** ás, **4.** fégirnd, **5.** urg, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æfa, **19.** mm.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Móður Lennons.
2. Bjarni Guðjónsson.
3. 16 vikur.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HANNES SMÁRASON: LÆTUR RIFINN LIÐÞÓFA EKKI STÖÐVA SIG

# Stefnir á maraþon í haust

Starfsfólk FL Group hyggst fjölmenna í maraþonhlaup í New York í byrjun nóvember. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, vonast til að verða þar í fararbroddi, en hann á við meiðsli að stríða um þessar mundir.

„Já, ég er með rifinn liðþófa,“ sagði Hannes. „Það gerðist um páskana og ég var skorinn fyrir fjórum vikum síðan. Nú verður bara að koma í ljós hvort ég kemst með. Ég ætla að minnsta kosti að gera mitt besta til þess að svo verði,“ sagði Hannes.

Hann segir stefnt á að starfsmannahópurinn dvelji í New York í heila viku, en maraþonhlaupið fer að venju fram á fyrsta sunnudeginum í nóvembermánuði. Að sögn Hannesar hafa fjörutíu starfsmenn FL Group verið skráðir til leiks, en að því er Fréttablaðið kemst næst eru það nánast allir starfsmenn fyrirtækisins, bæði hér á landi og ytra.

Starfsfólk FL Group hefur staðið í ströngu í undirbúningi frá því snemma á árinu, enda krefjast maraþonshlaup mikilla æfinga. „Við byrjuðum á því að fara í Bootcamp til að styrkja mannskapinn. Svo fórum við að fara út að hlaupa með þjálfara,“ útskýrði Hannes, sem hefur tekið virkan þátt í undirbúningnum. „Þetta er búið að vera svolítið „challenge“ hjá fólkinu – að æfa sig, koma sér í gott form og hugsa um heilsuna,“ bætti hann við.

Starfsfólk Glitnis hefur áður vakið athygli fyrir hlaupagleði, og fyrrverandi forstjóri Glitnis, Bjarni Ármannsson, hefur sömuleiðis komist á kortið sem mikill hlaupagarpur.

Aðspurður hvort Hannes vilji feta í fótspor hans skellir hann upp úr. „Nei, það ætla ég ekki að gera,“ sagði hann. „Ég geri þetta bara á minn hátt. Maður er líka að vera gamall á árinu, svo maður verður að gera eitthvað,“ sagði Hannes sposkur, en hann verður fertugur í nóvember. Hann segist ekki hafa hlaupið mikið á árum áður. „Ég get ekki sagt það. Ég spilaði bara fótbolta í gamla daga, svo er maður að reyna að halda sér við,“ sagði Hannes sposkur. „Ég held það sé líka ágætt fyrir alla að prófa þetta einu sinni á ævinni, að hlaupa maraþon,“ bætti hann við. sunna@frettabladid.is



**GERIR SITT BESTA** Hannes Smárason, forstjóri FL Group, er meiddur í liðþófa en stefnir engu að síður að því að hlaupa maraþon í New York í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Eric Clapton** er mættur til landsins í sína árlegu veiðiferð og má búast við því að tónlistarmaðurinn mundi stöngina við Laxá í Ásum á næstu dögum. Clapton virðist hins vegar vera vel meðvitaður um litla veiði í flestum ám landsins því hann er enn í miðbænum og sást til hans í Austurstræti í gær þar sem hann spókaði sig um í blíðunni.



**Simmi og Jói**, gjarnan kenndir við Idol, munu snúa aftur á fornar slóðir frá og með verslunarmannahelginni en þá mun nýr morgunþáttur þeirra á Bylgjunni hefja göngu sína. Þátturinn verður í loftinu á milli 9 og 12 á laugardögum og að sögn Simma mun léttleikinn verða í fyrirrúmi hjá þeim félögum, en engir símahrekkir eru fyrirhugaðir að þessu sinni. Níu ár eru liðin frá því að Simmi og Jói vöktu fyrst athygli með útvarpsþætti sínum á Mono en haustið 2000 hófst sjónvarpsferill þeirra með þáttunum 70 mínútur.



**Jóhanna Vala Jónsdóttir** sem nýverið var kjörin ungfrú Ísland starfar sem kunnugt er sem flugfreyja hjá Flugleiðum. Stjúpmóðir hennar gegnir sama starfi og faðir hennar er flugstjóri hjá fyrirtækinu. Einhverrar óánægju hefur þó gætt hjá þeim fjölmörgu sem frá þurftu að víkja þegar ráðningar fóru fram í flugfreyjustarfið því stúdentspróf er ráðningarskilyrði. Jóhanna Vala ætlaði sér að útskrifast frá Verzlunarskóla Íslands nú í vor en tókst það ekki vegna þeirra anna sem fylgdu þátttöku í fegurðarsamkeppninni. Hún flýgur því um loftin blá án stúdentsprófs á meðan tugir umsækjenda sitja þátttöku með sárt ennið en próf upp á vasann. - vig/sók






# Siggi stormur missti af blíðunni

„Ef menn vilja halda mér úti þá er það mér að meinalausu. Það þarf þá bara að safna í púkk svo ég geti verið hérna áfram,“ segir veðurfræðingurinn Sigurður Ragnarsson, gjarnan nefndur Siggi stormur, sem missti algjörlega af veðurblíðunni sem verið hefur víðast hvar á landinu síðustu tvær vikur.

Sigurður hefur verið staddur á sínu öðru heimili í Torrevieja á Spáni frá miðjum júní, eða einmitt frá þeim tíma sem góðviðriskaflinn hófst. Sigurður hafði í hyggju að snúa heim á ný á næstu dögum en viðurkennir að óskir um að hann héldi sig áfram á Spáni hafi borið á góma. Vilja gárungarnir meina að hann sé „óhappa“ og að gælunafnið stormur sé engin tilviljun. Sjálfur tekur hann samsæriskenningunum með jafnaðargeði.

„Það er erfitt að halda því fram að rigningin fylgi mér því hér hefur verið brakandi blíða allan tímann,“ sagði Sigurður og hló dátt þegar Fréttablaðið bar málið undir hann. Hann kveðst þó ekkert svekktur yfir því að hafa misst af blíðunni og segist sannfærður um að hann eigi sjálfur eftir að upplifa langan góðviðriskafla síðar í sumar.

„Landinn er nú þannig að hann vill helst hafa vont veður á klakanum á meðan hann er sjálfur í útlöndum. Ég hef meira að segja fengið tölvupósta þar sem ég er beðinn um að spá rigningu heima á Íslandi. En ég er ekki svona, ef góða veðrið á Íslandi gleður landsmenn, þá er ég glaður.“ - vig



**SIGGI STORMUR** Eyðir miklum tíma í húsi sínu á Spáni á hverju ári og fer þangað allt að fimm sinnum á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


heima
Feeling is believing.
JENSEN
Designed for Sleep Comfort
Hugsaðu um heilsuna, sofðu á Jensen.
Gæðatími.
www.jensen.no
Tveir Jensen koddar „PERFECT PILLOW" fylgja frítt með kaupum á Jensen rúmum.
Tilboðið gildir út júlí.
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Síðumúla 30 | Sími 568 4242 | www.heimahusgogn.is | heima@heimahusgogn.is | Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000


Wii
Nintendo
LEIKJATÖLVA NÝ UPPLIFUN
Um 2000 vélar seldar á Íslandi
ORMSSON
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



BAKÞANKAR
KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

# La det svinge

Á dauða mínum átti ég von en ekki því að gerast fréttaritari þessarar baksíðu á heimsmeistaramótinu í siglingum, sem nú fer fram í Cascais í Portúgal. Sú er þó raunin. Ég get lýst því yfir með stolti að ég þekki hinar ýmsu bátategundir og einkenni þeirra, til dæmis veit ég að sætustu siglingamennirnir sigla bátum sem kenndir eru við töluna 49. Siglingafólk almennt minnir helst á stúlkuna frá Ípanema; hávaxið, sólbrúnt, ungt og yndislegt.

**AF** eðlislægum öfuguggahætti verður mér þó frekar starsýnt á fólk af öðrum ástæðum, eins og rússneska siglingamanninn sem er svo kafloðinn á bakinu að ég held mig vera búna að finna týnda hlekkinn, eða síbrosandi náungann frá Jómfrúreyjum sem lítur út alveg eins og Michael Jackson áður en hann fölnaði. Í stað þess að taka tunglgönguna leit hann á mig og sagði (hugsanlega versta pikköpplína í veröldinni?): Augun í þér passa við gólfteppið. (Um er að ræða upplitað blátt gerviteppi í anddyri íshokkíhallar.)

**Í UPPÁHALDI** er samt indverski seglbrettakappinn sem hafði aðeins tólf sinnum á ævi sinni stigið á seglbretti og þurfti töluverða aðstoð við að komast aftur í land eftir fyrstu æfinguna. Svona sigrar þátttökuandinn þjóðarstoltið.

**HANN** gerði það reyndar ekki hvað Íslendinga varðar. Við gerum það gott í greinum eins og skotfimi (áttum gullverðlaunahafann með loftskammbyssu á Smáþjóðaleikunum fyrir nokkru, þó það hafi ekki farið hátt) en þegar kemur að íþróttum sem tengjast sjó eða snjó er eylandið Ísland úr leik. Nokkra Dani hef ég rekist á og tilkynnt þeim með stolti að vegna skorts á íslenskum keppendum muni ég styðja gömlu herraþjóðina af tvöfaldri ástríðu. Þeir láta sér yfirleitt fátt um finnast – hvad så? – enda danskan mín kannski ekki upp á marga fiska. Og ég uppskar einungis rannsakandi augnaráð frá Norðmönnunum þegar ég hugðist vísa til menningararfs þeirra og söngla La det svinge.

**AUÐVITAÐ** er ég heldur enginn siglingafréttaritari, ég er allt of upptekin við að glápa á og gera grín að keppendum jafnt sem áhorfendum. Enda held ég að það sé mun meira mannbætandi iðja en að hætta lífi sinu og limum, slíta vöðva og rífa sinar, við svona ölduhopp. Jötunuxar hittu jú naglann á höfuðið hér í denn: Brennivínið bjargaði mér frá íþróttabölinu.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
STÓRÚTSALA
50-80%
AFSLÁTTUR
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322